

96. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
mánudag 21. nóvember 1955 og hófst hann kl. 9 e. h. í húsi
Vinnslustöðvarinnar við Strandveg.

1. Sótt var um inntöku nýs félaga, Boga Finnbogasonar, Stíghúsi. Samþykkt einróma.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar. Samþykkt einróma.
3. Ritari las upp afrit af bréfum til Björgunarfélags Vestmannaeyja, hafnarnefndar Vestmannaeyja og til F.F.S.Í. um þingfulltrúa og mál er þeir mundu flytja á þinginu.
4. Formaður bað þingfulltrúa félagsins, Pál Þorbjörnsson og Sighvat Bjarnason að segja fréttir. Páll hélt langa og greinagóða ræðu um mál þau er rædd voru á þingi F.F.S.Í. og einnig sagði frá nokkrum málum er tekin voru fyrir á þingi Fiskifélags Íslands, en Páll sat einnig það þing. Hann kvaðst í upphafi þings hafa kvartað yfir sinnuleysi í gangi mála er unnið var að á síðasta þingi F.F.S.Í.

Réttindamálið!

Um réttindamálið urðu miklar umræður og sagði Páll að meiri skilningur væri nú fyrir því máli en áður hafði verið. Páll tók að sér að semja breytingatillögu á kennslufyrirkomulagi fyrir fiskimenn í samráði við formann skipstjórafélagsins "Öldunnar" í Reykjavík, Ingólfi Þórðarson kennara við Sjómannaskólann. Tillögur Páls voru í aðalatriðum þær að stig kennslunnar yrðu þrjú 50 smálestir 150 smálestir og ótakmarkað. 4 mánaða kennsla hvert stig. Tillaga Ingólfs var aðeins eitt stig að fiskimannaprófi þ.e. 150 smálesta réttindi 6 mánaða nám. Skilyrði til náms lítt breytt.

Páll taldi tryggingu fyrir því að breytingatillögurnar yrðu bornar fyrir Alþing.

Á fiskaþingi var gerð ályktun til stuðnings.

Nytjasvæði og varsla.

Um það mál sagði Páll að forstjóri landhelgisgæslunnar hefði haft heldur góð orð og lofað að taka það til vinsamlegrar athugunar er þeir töluðu við hann. Á F.F.S.Í.-þinginu héldu þeir Sighvatur því fram að Vestmannaeyingar hefðu misst um 80 ferhyrningsmílna svæði við nýju friðunarlínuna, nytjasvæði sem nokkur viðurkenning var fyrir. Páll taldi von á breytingum en full þörf væri samt á, að ýtt væri á eftir þessu máli framvegis. Á fiskiþinginu var gerð samþykkt um að friða allt landgrunnið.

Vitamálið

Páll kvað von á nýjum ljóstækjum í Stórhöfðavitann, 2000 kerti að ljósmagni, eða þrefalt meira en nú er, auk nýrra glerja er veðruðust minna. Einnig mætti fullvíst telja að nýr viti kæmi á Geirfuglasker, svipaður vitanum á Faxaskeri.

Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls og sagði að tillaga hefði komið fram á F.F.S.Í.-þinginu um að friða Selvogsbankahraunið fyrir togi og friðun yfir hrygningartímann.

Formaður þakkaði Páli og Sighvati fréttirnar, svo og ferðina og góða frammistöðu á þinginu.

5. Sighvatur Bjarnason skýrði svo frá að hafnarnefnd hefði á síðasta fundi sínum samþykkt að verða við óskum Verðandi. Hefði hafnarverði verið falið að sjá um að 3 bátar yrðu settir í uglur, á Friðarhafnarbryggju og á Básaskersbryggju en ekki væri fullákveðið hvar hinn þriðji yrði staðsettur, einnig, að opnir símar verði á bryggjunum.

Formaður bað Sighvat að flytja hafnarnefnd þakkir félagsins fyrir fljóta og góða afgreiðslu á málunum.

6. Formaður bað um samþykkt fundarins til greiðslu á málskostnaði, að upphæð kr. 4000, er myndi fást endurgreiddur.

Sigurður Stefánsson skýrði svo frá að þetta væri 1/3 af þóknun til hr. Egils Sigurveigssonar fyrir málsókn fyrir árið 1951. Sagði Sigurður að Sjómannafélagið Jötunn og Vélstjórafélag Vestmannaeyja hefðu samþykkt að taka 10% af félögum til endurgreiðslu. Spurðist einnig fyrir um hvað stjórnin hyggðist fyrir ef fellt yrði að greiða þetta.

Formaður svaraði og kvað stjórnina ekki hafa leyfi til að greiða þetta, nema með fundarsamþykkt, samkvæmt lögum félagsins.

Sighvatur Bjarnason spurðist fyrir um hvernig náðist hefði að skipta þessu í þrennt. Taldi að félagið yrði að borga, í það minnsta í svipinn.

Júlíus Sigurðsson svaraði fyrirspurn Sighvats og skýrði nokkuð það mál.

Formaður bar þá undir samþykki fundarins að greiða þetta sem lán. Samþykkt mótaskvæðalaust.

7. Formaður bað Kristin Sigurðsson að skýra frá ljóskastara, sem Slysavarnafélagið Eykyndill hefur gefið, einnig hvað gerst hefði í málinu við Gísla Magnússon, útgerðarmann.

Kristinn sagði, að björgunaræfinganevnd Verðandi hefði verið boðið að vera við, er kastarinn var tekinn úr umbúðunum. Lýsti hann kastaranum að nokkru en hann er milljón vött að stærð og er ætlað að hann lýsi upp alla víkina og flóann, einnig höfnina. Kastaranum er ætlaður staður á Pumpuhúsinu á Skansinum. Þá sagði Kristinn og frá því að landhelgisgæslan hefði lofast til að skaffa þriðjung stærri kastara, ef þessi líkaði ekki.

Kristinn sagði að í málinu við Gísla, hefði það eitt gerst enn, að lögfræðingurinn hefði talað einu sinni við sig og hefði ekki talið nein vandkvæði á málinu. Þá minntist Kristinn nokkuð á Björgunarfélagið og gat að nokkuru samtals er hann átti við formann þess félags m.a. hafði formaður Björgunarfélagsins orð á því að nokkur brögð hefðu orðið á að bátar er seint hefðu komið að létu vita af því á s.l. vertíð.

Sigfús Bjarnason, kvað félagið þurfa að flytja Eykyndli þakkir fyrir ljóskastarann, er hann væri kominn á sinn stað. Taldi hann kastarann verða til þæginda og öryggis sjófarendum. Formaður tók í sama streng.

8. Formaður minntist á ?? og baujur þær sem hefðu verið hafðar til merkinga nytjasvæða. Taldi formaður að þær þyrftu að takast í notkun aftur með sama fyrirkomulagi og var.

Júlíus Sigurðsson taldi vanta áhuga hjá varðskipsmönnum til að passa net jafnt utan línu, sem innan.

9. Eiríkur Jónsson skýrði frá því að hann hefði beðið umboðsmann gúmmíbjörgunarbátanna að fara í Kolsýruhleðsluna s.f. og kvarta um seinagang í hleðslu á flöskum bátanna og reyna að fá fyrirtækið til að senda kolsýru hingað í stórum ílátum. Hefði Guðjón Jónsson í Magna lofað að sjá um hleðslu ef þetta næði fram að ganga. En þar sem ekkert hefði skeð síðan í málinu, kom Eiríkur með eftirfarandi tillögu, málefni til frekari ákeyrslu:

"Að skrifað verði til Kolsýruhleðslunnar s.f. og þess óskað, að kolsýra verði send hingað, svo hægt verði að hlaða flöskur hér."

Nokkrar umræður urðu um gúmmíbátana, skoðun og kennslu í meðferð þeirra, styrkleika bátana o. fl. Tóku ýmsir til máls í þeim umræðum og kom þá fram þessi tillaga:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi skorar á Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja að eignast gúmmíbjörgunarbát til æfinga og afnota, ef þarf á að halda".

Samþykkt einróma.

10. Óskar Ólafsson spurði hvort ekki mundi rétt að reyna að fá rekna niður staura í höfninni til leiðbeiningar um hvar fjörkantarnir væru í rennunni norðan Friðarhafnarbyggju. Væri umferð þar mikil en rásin þröng og gæti það haft slæmar afleiðingar, að lenda utan í kantinum. Sagði Óskar sínar farir ekki sléttar, í því sambandi, og hefðu fleiri lent þar upp þótt menn hefðu að jafnaði sloppið við skaða.

Sighvatur Bjarnason upplýsti að rennstokkar þeir, er lægju á leirunni móti Friðarhöfn, yrðu fjarlægðir.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1955 - 1964

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 23:00

28 félagar mættu.

Eyjólfur Gíslason
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
var haldinn sunnudaginn 15. janúar 1956 og hófst kl. 16:15 í húsi
Akóges.

1. Formaður félagsins, Eyjólfur Gíslason, setti fundinn og bar uppi inntökubeiðni fyrir Grétar Þorgilsson og Þórarin Ögmund Eiríksson
Samþykkt einróma.
2. Ritari las upp síðustu fundargerð.
Samþykkt einróma.
3. Ritari las upp bréf er félaginu hafa borist og afrit af bréfum sem félagið hefur sent. Bréfin voru til Bataábyrgðafélags Vestmannaeyja, til Kolsýruhleðslunnar s.f. og svarbréf hennar frá Jóhanni Þ. Jósepssyni alþingismanni og svarbréf er formaður félagsins sendi. Bréfin eru geymd í bréfasafninu.
Í sambandi við bréfin skýrði Sighvatur Bjarnason frá samtali er hann átti við Guðmund Jónsson skrifstofustjóra F.F.S.Í. Taldi Guðmundur von á breytingum á kennslufyrirkomulaginu og væri helsti andvígismaður breytinganna, skólastjóri Stýrimannaskólans, að taka sinnaskiptum þó hægt fari. Hallast helst að 100 tonna réttindum eftir 6 mánaða nám. Sighvatur sagði, að Jóhann Þ. Jósepsson, alþingismaður, hallaðist að tillögum Verðandi í breytingum á kennslufyrirkomulaginu.
4. Formaður þakkaði afmælisnefnd góða frammistöðu. Skilaði nefndin hagnaði af afmælinu og gaf hún hagnaðinn í sjúkrasjóð Verðandi, að upphæð kr. 2116,80. Bað formaður fundarmenn að hylla nefndina.
Var nefndinni gefið lófaklapp.
5. Formaður sagði frá því er Slysavarnardeildin Eykyndill afhenti kastarann að gjöf. Kvað hann konurnar eiga miklar þakkir skildar fyrir gjöf þessa og önnur störf í þágu öryggismála og lagði til að félagið sendi þeim þakklæti sitt.
Var það samþykkt einróma.
6. Formaður bað gjaldkera félagsins, Hjálmar Jónsson, lesa reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Hjálmar skilaði þakklæti þeirra, er úthlutun hlutu úr styrktarsjóði, að loknum lestri reikninganna. Eiríkur bað gjaldkera lesa nöfn þeirra, er styrktu. Formaður bar reikningana undir fundarsamþykki.
Samþykkt athugasemdalaust.

Sighvatur Bjarnason benti tilvonandi gjaldkera á heimild félagsins, samkvæmt samningum, til að rukka útgerðarmenn um árgjöld félagsmanna og gera það á vertíð áður en gert væri upp. Væri það að mun hægar en sá háttur sem hefði verið hafður á hingað til.

Þá var gengið að stjórnar- og nefndakosningum.

Formaður bað um tilnefningar um mann í formannssæti.

Tilnefndir voru: Eyjólfur Gíslason

Kristinn Pálsson

Helgi Bergvinsson

Formaður var kosinn Eyjólfur Gíslason, fékk 27 atkvæði.

Varaformaður, Kristinn Pálsson, fékk 5 atkvæði.

Helgi Bergvinsson, fékk 1 atkvæði.

Í ritarasæti voru tilnefndir:

Ritari Gísli Eyjólfsson
Vararitari Haukur Jóhannesson
sambýkkt einróma.

Haraldur Hannesson var einnig tilnefndur en baðst undan kosningu.

Til gjaldkera voru þessir menn tilnefndir:

Hjálmar Jónsson
Stefán Stefánsson
Kristinn Sigurðsson

Gjaldkeri var kjörinn Hjálmar Jónsson, fékk 21 atkvæði.

Varagjaldkeri, Stefán Stefánsson, fékk 7 atkvæði.

Kristinn Sigurðsson, fékk 3 atkvæði.
3 seðlar ógildir.

Styrkveitinganefnd var endurkjörin.

Hana skipa: Bjarni Jónsson
 Eiríkur Jónsson
 Páll Þorbjörnsson

Veiðarfæranefnd var einnig endurkjörin einróma.

Hana skipa: Jón Guðmundsson
 Jóhann Pálsson
 Sigfús Guðmundsson

Sjómannadagsráð. Úr því áttu að ganga samkvæmt félagslögum Haraldur Hannesson og Sigurgeir Ólafsson en Sigurgeir var endurkosinn.

Sjómannadagsráð skipa: Kristinn Sigurðsson
 Karl Guðmundsson
 Stefán Stefánsson
 Sigurgeir Ólafsson
 Ingvar Gíslason

Varamenn voru endurkosnir Haukur Jóhannesson, Sigurður Guðnason og Júlíus Ingibergsson.

Björgunaræfingarnefnd var einróma endurkjörin.

Í henni eiga sæti: Kristinn Sigurðsson
 Einar Jóhannesson
 Kristinn Pálsson

Fánanefnd.

Í Fánanefnd voru kosnir:

Arnoddur Gunnlaugsson
og Karl Guðmundsson (Reykholti).

Gæslunefnd og ægisnefnd var endurkjörin einum rómi.

Hana skipa þessir menn:

 Sighvatur Bjarnason
Jón Guðmundsson Páll Ingibergsson
Júlíus Sigurðsson Óskar Matthíasson

Sigurgeir Ólafsson Jóhann Pálsson
Sveinbjörn Hjartarson Steingrímur Björnsson.

Endurskoðendur einróma endurkosnir
Eiríkur Jónsson
og Karl Guðmundsson (Reykholti).

Skemmtinefnd var einnig endurkosin.
Hana skipa: Sveinbjörn Hjartarson
 Sigurður Guðnason
 Haukur Jóhannsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningum. Formaður þakkaði traust það er honum og stjórninni hafði verið sýnt.

7. Ritari las upp bréf frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, þar sem þess var óskað að Verðandi kysi nefnd til að semja við útvegsbændur um kaup og kjör á handfæraveiðum en engir gildandi samningar eru hér varðandi þessar veiðar.

Í nefndina voru kosnir:

 Sigfús Guðmundsson
Pálmi Sigurðsson Halldór Halldórsson
Karl Guðmundsson Þórarinn Torfason

8. Sighvatur Bjarnason minntist á mál er hann hefur áður flutt á fundum um dansleiki á páskakvöld og spurði hvort nokkuð hafði gerst í því máli. Formaður skýrði frá stuttu samtali er hann átti við formann Eykyndils um málið og hefði ekki gerst í því enn.

Guðmundur Sigfússon ræddi dansleiki á vertíðinni og kvaðst alltaf hafa verið á móti að hafa dansleiki á páskakvöld. Þá ræddi Guðmundur hvort ekki væri rétt að aðalfundur félagsins þakkaði opinberlega bæjarstjórn og hafnarnefnd unnin störf við höfnina og rétti þau tilhæfufalausu rógskrif sem fram hafa komið um hafnarmannvirkin.

Formaður félagsins og Júlíus Sigurðsson töluðu næstir og hörmuðu báðir að rógskrif þessi skuli hafa komið fram og töldu fulla þörf á að kveða þau niður. Júlíus sagði m.a. að hann teldi að menn, sem til þekktu, leggðu ekki trúnað á slík skrif en hinir þeir, er ókunnugir væru, tryðu því að einhverju, sumir alveg. Júlíus taldi best að snúa sér beint til bæjarfógeta og segja honum hug félagsins til páskaballa og fá hann til að neita um leyfi fyrir balli á páskakvöld.

Páll Þorbjörnsson taldi sjálfsagt að útrýma páskaballinu og reyna að fá fækkað böllum á vertíðinni.

Kvað Páll dæmi til að unglingar hefðu hætt í vinnu, jafnvel mjög aðkallandi, til að komast á böll.

Formaður bað menn koma með tillögu í málinu. Sighvatur Bjarnason taldi að sjálfsagt væri að reyna að þrengja kost ballanna og fá fógeta til að fækka þeim. Skilaði álitum hvort henta mundi að kjósa nefnd í málið. Var samþykkt einróma að kjósa 3ja manna nefnd. Voru þessir kosnir:

Sighvatur Bjarnason

 Páll Þorbjörnsson
 Guðmundur Sigfússon

9. Eftirfarandi tillaga kom fram um þakkir fyrir unnin hafnarmannvirki og var samþykkt einróma:
"Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi lýsir ánægju sinni yfir þeim stórkostlegu hafnarframkvæmdum sem nú er verið að ljúka.

 Færir félagið hafnarnefnd, bæjarstjórn, verkfræðingum, verkamönnum og verkstjórum þakkir sjómannastéttarinnar fyrir hyggileg og vel unnin störf.

Jafnframt harmar félagið að fram skuli hafa komið, opinberlega, ástæðulausar og fjarstæðukenndar hrakspár um mannvirkjagerðina og telur félagið ekkert benda til að hafnarmannvirkin komi ekki að tilætluðum mótum svo sem til var ætlast."

10. Kristinn Sigurðsson vakti athygli fundarins á að skrifstofa væri daglega opin þar sem menn gætu keypt hlutabréf og gerst þannig félagar í Björgunarfélagi Vestmannaeyja. Er verið að endurreisa það félag og er það að miklu fyrir tilhlutan Verðandi.

Sighvatur þakkaði Kristni fyrir að minnast á málið. Hvatti menn til hlutabréfakaupa og kvað framhaldsaðalfund standa fyrir dyrum og ræddi nokkuð nánar um Björgunarfélagið.

Formaður ræddi einnig nokkuð um málið. Hvatti menn til að gerast félagar og sagði frá því að fyrst á árum hefði það verið alltítt að menn skrifuðu börn sín fyrir bréfum og gerðu þau þannig að félögum í Björgunarfélaginu.

11. Eiríkur Jónsson minntist á að í ár hefði ekkert komið í styrktarsjóðinn utan lögboðinna gjalda frá félaginu. Hvatti Eiríkur menn til að heita á sjóðinn.

Páll Þorbjörnsson minnti gæslunefndarmenn á að sektir fyrir brot á fiskveiðasamþykktinni rynnu til styrktarsjóðsins.

12. Páll Þorbjörnsson ræddi nokkuð um veiðarfæramerkingar, breytingar og aukningu ár frá ári. Taldi að prenta mætti í litum, bók, sem hægt væri að auka inn í með litlum tilkostnaði, eða 100 kr. á 15 merki.

Fleiri ræddu málið, m.a. Sigfús Guðmundsson, er taldi það ódýrast og heppilegast að hver teiknaði merkin fyrir sig og menn gætu fengið lánaða bók frá veiðarfæranefnd til að fara eftir. Taldi það ekki mikið verk og gæti þetta gengið mann frá manni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:30

34 félagar mættir.

Eyjólfur Gíslason
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

98. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 27. maí 1956 og hófst kl. 15:00 með kaffidrykkju á Hótel H.B.

Kl. 15:30 var svo gengið að fundarstörfum og setti formaður félagsins, Eyjólfur Gíslason, fundinn.

1. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar

Var hún samþykkt einróma.

2. Ritari las afrit af skeyti er félagið sendi Hr. Árna Þórarinssyni, fyrsta formanni félagsins, er hann átti fertugsafmæli, 25. þ. m.

3. Vitamál. Formaður kvaddi sér hljóðs og ræddi hvort ekki væri rétt að félagið beitti sér fyrir hækkun Faxaskersvitans. Mundi það tiltölulega lítið verk en stórauka notagildi vitans, sérstaklega þeim sjófarendum, sem koma af nv og grunnslóð að austan. Júlíus Sigurðsson taldi sjálfsgagt að félagið beitti sér fyrir málinu enda alltaf fylgt þeim málum. Ársæll Sveinsson sagði það mikilvægt að félagið ýtti á eftir þessum málum. Hefði áður verið samþykkt hækkun vitans í hafnarnefnd en framkvæmdir dregist. Taldi verkið ekki kostnaðarsamt. Ársæll ræddi svo nokkuð á víð og dreif, sagði m.a. að skipstjórar hér væru í stórsókn með myndarskap, með hjálpfýsi og leiðbeiningum hver til annars. Sighvatur Bjarnason taldi heppilegast að koma hækkuninni inn í kostnaðaráætlun hjá vitamálastjóra og verkið yrði unnið um leið og Geirfuglaskersvitinn væri byggður. Mundi best að snúa sér til hafnarnefndar með málið.

Ólafur Sigurðsson ræddi vitamálin og hvort ekki væri öryggi í að fá Stórhöfðavitann til að sýna rautt yfir Bessa, er vitinn yrði stækkaður. Júlíus Sigurðsson og Páll Þorbjörnsson töldu að vitinn yrði þá að sýna fleiri grunn en það myndi draga mjög úr ljósmagni og sjónlengd hans. Páll taldi einnig að ekki væri hægt að auka ljósmagn Þrídrangavitans vegna einangrunar hans og erfiðleika á að koma í hann ljósmat, aðeins farið í hann einu sinni á ári. Einnig væri afgreiðslufrestur ljóstækja í vita mjög langur. Páll taldi smámuni að hækka vitann á Faxaskeri. Svo hljóðandi tillaga (skrifleg) kom fram í málinu:

"Félagið samþykkir að skrifa hafnarnefnd og fara fram á að hún beiti sér fyrir því að vitinn á Faxaskeri verði hækkaður á þessu ári og ljósmagn hans aukið, ef þess er kostur."

4. Höfnin. Formaður minntist á óþverra í höfninni, er kæmi að mestu frá Gúaná og væri mjög til óþurftar og skaða. Bað menn ræða málið.

Sighvatur Bjarnason skýrði frá því að Ástþór ætli sér til að veita þessu inn á Eiði. Hefði hann talað við Ástþór um þetta mál, sem hafnarnefndarmaður, en hann þá sagt rörin undir mjölsekkjum í geymslu sinni en nú hlyti það mjöl að vera farið svo þetta væri aðeins orðið framkvæmdaatriði.

Guðjón taldi að bátar ættu og nokkurn hlut að máli. Olíu, sem tappað væri af vélum væri dælt í höfnina. Sama gerðu rafstöðin og fiskvinnslustöðvarnar.

Skrifleg tillaga kom fram á fundinum, svo hljóðandi:

"Félagið samþykkir að benda hafnarnefnd á að ekki verður lengur unað við að alls konar úrgangur sé látinn renna í höfnina, svo sem blóðvatn frá fiskimjölsverksmiðjunum og olía frá rafstöðinni, fiskiðjunum og bátunum.

Gerir félagið kröfu til að hafnarnefnd sjái um að þetta verði stöðvað."

Tillagan var samþykkt einróma.

Júlíus Sigurðsson minntist á að lítið hefði verið úr úrbótum með björgunarbáta á bryggjurnar og taldi það illa farið.

5. Gæsla og þakklæti: Formaður minntist á sérstaklega góða framkomu og árvekni í starfi hjá skipstjóra og skipshöfn V/S Hermóðs. Ræddi hvort ekki væri hægt að veita honum einhverja viðurkenningu án þess að særa aðra varðskipsmenn.

Ársæll Sveinsson tók í sama streng og taldi sjálfsagt að reyna að þakka skipstjóranum og skipshöfn hans hve vel þeir gengju fram við björgun veiðarfæra en fengju ekki og færu ekki fram á neina borgun. Sighvatur Bjarnason sagði að þeir hefðu, skipstjórar og skipshöfn, fengið þakkir frá skipstjórum hér í talstöðina og vissu þannig hug okkar. Taldi helst að senda skipstjórum viðurkenningu á merkisafmæli. Nokkrar umræður urðu um þetta mál og voru ræðumenn margir. Voru allir á einu máli um að reyna bæri að veita skipstjórum eða skipshöfninni á heild einhverja viðurkenningu fyrir sérlega vel unnin störf en gæta þess jafnframt að særa ekki aðra varðskipsmenn.

Viðurkenningarnar sem helst voru ræddar voru:

Hvort skrifa skyldi orðunefnd og óska viðurkenningar handa skipstjórum, kaupa Íslendingasögurnar og gefa skipshöfninni, skrautrita skjal, gefa tafl o. fl. kom til umræðu. Málið var svo tekið út af dagskrá og stjórninni falið að senda skipstjórum og skipshöfn skeyti fyrir sjómannadaginn en láta hitt bíða betri tíma.

Var það samþykkt einróma.

6. Sjómannadagurinn: Sjómannadagsmenn benda á að menn vantaði í róður og reiptog fyrir félagið. Þessum mönnum var, einróma, falin forustan:

Fyrir róður: Þorgeir Jónsson

Fyrir reiptog: Helgi Bergvinsson. Til vara: Bogi Finnbogason.

7. Orðið gefið laust. Sighvatur Bjarnason kvaddi sér hljóðs og talaði um friðun vissra svæða. Kvað hann það ekki þola nokkra bið, að fá Selvogsbankahraunið inn fyrir landhelgi en hraunið hefði eitt sinn verið talin mesta klakstöð veraldar. Bæri að vinna að því að það yrði friðað sem fyrst, einnig, að landhelgin yrði færð út en landhelgin væri allt of lítil, einnig kvað Sighvatur það Englendingum gott svar og menn væru nú orðnir mjög hræddir við að ganga á fiskistofninn og aukning bátaflotans væri öll hér Sunnanlands. Sighvatur sagðist vera búinn að vera formaður hér í 31 vertíð en aldrei veitt því svo mikla eftirtekt, sem í vetur, hve fiskur sækti á til hrygningar en hefði hvergi frið. Ræddi friðun vissra svæða og bað fundarmenn láta álit sitt í ljós um hvort efni væru á því að friða svæði hér við Eyjar.

Ólafur Sigurðsson ræddi um friðun Drangahraunsins. Taldi það nauðsynlegt að friða visst svæði, fyrst í smáum stíl og kvað það vel farið að Eyjamenn riðu á vaðið með friðun hrygningarsvæða.

Guðjón Valdason kvað nauðsynlegt að friða hraunin, jafnvel fyrir færur og veiðarfæri væru alls ekki lögð á hraun. Guðjón kvað mega rekja feril netjalagna á hraunin. Taldi að fiskast myndi eins mikið með því að leggja ekki á hraun.

Eyjólfur Gíslason rakti ítarlega sögu netjalagna á hraun við Eyjar og var það alls staðar sama sagan, ekki bröndu von eftir 2-4 ár. Sagði til samanburðar við það sem nú er, frá fiskiríi í tvær 12 neta trossur árið 1923, sem var 5 daga í röð frá 1780-2760 fiskar. Þótti á þeim árum tregt, ef fór niður úr 50 fiska í net.

Júlíus Sigurðsson sagði æskilegast að friða öll hraun en spurningin væri hve stór svæði Eyjamenn þyldu að friða og ræddi nokkuð það mál.

Ársæll Sveinsson sagði það gleðilegt að þetta mál væri hér fram komið og væru þetta orð fyllilega í tíma töluð. Ársæll taldi gott að fá hingað fiskifræðing og ræða við hann málið. Taldi það mikil vísindi fyrir formenn hér að ræða við slíkan mann.

Sagði frá ræðu fiskifræðings á landssambandsfundi, þar sem hann ræddi fiskveiðar við Grænland og taldi bót að veiðum smáfisks, sem sökum mergðar hefði ekki allur æti.

Júlíus Sigurðsson lagði til að kosin yrði nefnd svo félagið gæti, ef þessum málum yrði hreyft á opinberum vettvangi, sent strax sitt álit.

Var það samþykkt og eftirtaldir menn tilnefndir og samþykktir einum rómi:

Friðunarnefnd

Sighvatur Bjarnason Páll Þorbjörnsson
Guðmundur Sigfússon Ólafur Sigurðsson
 Sigurgeir Ólafsson

Guðjón Valdason skýrði frá því að á útvegsbændafundi hefði komið til umræðu að hætt yrði að gefa upp fiskirí í talstöðvarnar, einnig að reynt yrði að komast fyrir, að ?? og yfirlagnir ættu sér stað með því, að allir leggðu í sömu átt.

8. Handfærasamningar: Karl Guðmundsson minntist á störf samninganefndar fyrir handfæraveiðar og bað Ólaf Sigurðsson segja frá störfum nefndanna. Ólafur var formaður nefndar útvegsbænda. Ólafur hrósaði samningamönnum S.s. Verðandi fyrir góða fundarsókn og lipurð. Út úr störfum nefndanna kom lítið, enda illa mætt af sumum nefndarmönnum. Duttu samningar að síðustu niður.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:00

26 félagar sátu fundinn

Eyjólfur Gíslason
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

99. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 28. október 1956 og hófst kl. 15:30 e.m í húsi Akóges.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Var hún samþykkt einróma.
2. Formaður bað menn segja álit sitt á hvort halda skyldi árshátíð. Samþykkt var að halda afmæli og í samfélagi við Vélstjórafélag Vestmannaeyja svo sem verið hefur.
Í afmælisnefnd hlutu einróma kosningu þessir menn:
Pálmi Sigurðsson
Ingvar Gíslason Bogi Finnbogason
Haukur Jóhannsson Sveinn Hjörleifsson
Til vara: Þórarinn Torfason og Þórarinn Eiríksson
3. Formaður þakkaði sjómannaáráðsmönnum Verðandi góð og vel unnin störf. Spurðist einnig fyrir um hvort félagsmenn hefðu bikara í geymslu fyrir félagið.
4. Formaður minntist á vitaframkvæmdir í sumar og taldi byggingu Geirfuglaskersvitans mikið afrek en hann var reistur á mjög skömmum tíma (?? dögum). Formaður kvað vitann sjást all vel, einnig sagði hann mikla bót að hækkun Faxaskersvitans.
5. Júlíus Sigurðsson minntist á blaðaskrif í sambandi við gúmmíbjörgunarbatana og vaknandi áhuga ráðamanna á björgunarmálum landsins fyrir þeim. Taldi hann ráðamenn þessa, t.d. skipaskoðunarstjóra, þakka sér allt í sambandi við gúmmíbatana þó þeir hefðu allt til þessa barist á móti þeim með oddi og egg. Kvað hann maklegt að þessu yrði mótmælt á opinberum vettvangi. Páll Þorbjörnsson hélt greinagóða ræðu um gúmmíbatana og sögu þeirra m.a. að Slysavarnafélagið og fyrrverandi skipaskoðunarstjóri slógust með hnúum og hnefum á móti notkun þeirra. Eiríkur Jónsson tók í sama streng. Sagðist hafa öll gögn viðvíkjandi bátunum og taldi það myndi fróðlegt ef einhver vildi skrifa sögu þeirra og kvað gögn þau er hann hefði velkomin. Kvað Eiríkur það hafa verið árið 1950, sem 2 gúmmíbatar komu hingað. Var annar á m/b Veigu og varð tveimur árum seinna fyrsti báturinn sem menn bjargast á. Sagði og frá því að gúmmíbjörgunarbatar skipshafnarinnar á m/b Glað varð til að vekja áhuga Englendinga á notkun gúmmíbáta. Formaður sagðist hafa heyrt að frú Sigríður í Höfn hefði stungið vel upp í forkólfana á slysavaranarþinginu er þeir töldu sig hafa verið upphafsmenn að notkun gúmmíbjörgunarbáta. Síðan urðu nokkur umræður um að ef skipaður yrði eftirlitsmaður gúmmíbáta og taldi Eiríkur Jónsson að einhverjum öðrum en skipaeftirlitsmanninum yrði falið það. Vildi að félagið reyndi að hafa áhrif í þá átt að Kristni Sigurðssyni yrði falið starfið. Ræðumenn voru ekki á einu máli um hvort starfið yrði falið skipaeftirlitsmanninum eða öðrum og var stjórninni falið að komast að því og hvort félagið fengi nokkru um ráðið skipun eftirlitsmanns ef skipaeftirlitsmanninum yrði ekki falið starfið.
6. Pálmi Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og sagði að taka yrði fyrir að próflausir menn gangi fyrir réttindamönnum um stöður og væru hér nokkrir menn sem væru með full réttindi til skipstjórnar en skiplausir. Guðmundur Vigfússon kvað það félagsins að sjá um þetta, hafa lista yfir menn sem væru skiplausir. Sigurður Stefánsson sagði félagið geta haft þetta í höndum sínum með því að ráðuneytið sem veitir undanþágur, veiti þar ekki neina nema í samráði við félagið. Júlíus Sigurðsson minnti á samþykkt félagsins í sambandi við undanþágur og að hún yrði þá að takast til baka. Formaður kvað undanþágurnar vera sjómannaáráðsmönnum til stórskammar og væri lítil von til að menn legðu út í að læra því þeir hefðu öllu að tapa en réttindalausir maðurinn engu meðan slíkt ástand væri, sem verið hefði. Stefán Stefánsson sagði frá samtali við bæjarfógeta, er kvað best að auglýsa í blöðum eftir prófmönnum, er væru skiplausir og leggja síðan nafnalistann á skrifstofu embættisins.

Kristinn Sigurðsson taldi gott að auglýsa og að félagið láti ekki afskiptalaust að réttindalausir menn verði munstraðir ef réttindamaður býðst.

Eftirfarandi tillaga kom fram á fundinum er var samþykkt einróma og skal auglýst í bæjarblöðunum:

"Þeir félagsmenn, sem vilja ráða sig til skipstjórnar eða stýrimennsku á komandi vertíð og hafa til þess lögleg réttindi, gefi sig fram við stjórn félagsins hið fyrsta."

7. Júlíus Sigurðsson kvað þurfa að ýta á hafnarnefnd um framkvæmdir við að láta báta á bryggjurnar.

Kristinn Sigurðsson taldi best að merkja bátana sem slysavarnabáta og mætti þá ekki hreyfa þá nema í neyð.

Guðmundur Sigfússon og Júlíus Sigurðsson voru á móti því að ekki mætti nota þá t.d. til að komast út í báta er lægju á bólum. Hins vegar væri ófært að menn notuðu þá til að mála eða í annað drasl.

8. Eiríkur Jónsson benti á nauðsyn þess að hafa lífgunarbretti á bryggjunum þar sem það hefði sýnt sig nýlega að það væri þarfur hlutur. Lagði til að félagið skrifaði Eykyndli og benti því á þetta og þakkaði því jafnframt bretti það sem Eykyndill gaf á Básaskersbryggju og geymt er í Verkamannaskýlinu.

9. Sigurgeir Ólafsson kvaddi sér til hljóðs og kvað nauðsynlegt að í félaginu væri starfandi fulltrúaráð.

Minntist á landhelgismálið og gerði eftirfarandi tillögu:

"Fundur í S.s. Verðandi 28/10 1956 óskar eftir að fram fari sameiginlegur fundur í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja og S.s. Verðandi um landhelgismálið."

Pálmi Sigurðsson sagði ástand það, sem skapast hefði í landhelgismálinu s.l. sumar, beina afleiðingu af húmtrolli og yrði að koma í veg fyrir hvort tveggja.

Eiríkur Jónsson spurðist fyrir um það hvort fundarmenn vissu hver veitti húmleyfi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 6 e.h.

20 félagar mættir.

Eyjólfur Gíslason
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

100. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 16:00 sunnudaginn 2. desember 1956 í Akóges.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

2. Formaður bar upp inntöku tveggja nýrra félaga.

Emil Guðmundsson

Guðmar Tómasson

Voru samþykktir einróma.

3. Ritari las upp afrit af bréfi sem sent var til Slysavarnadeildarinnar Eykyndils.

4. Formaður sagði, að þessi fundur væri boðaður að beiðni nokkurra félaga og kvað sér gleðiefni hve vel væri mætt.

Ritari las síðan upp skjal sem lagt var fram á fundinum. Var það undirritað af 26 félögum.

Efni þess var að þeir töldu óeðlilegt að þeir menn, sem reki útgerð, hafi atkvæðisrétt í kjaramálum félagsins þar sem þessir sömu menn hafa einnig atkvæðisrétt í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja sem félagið gerir óhjákvæmilega kjarasamninga sína við. Töldu þeir að þeir einir ættu að hafa atkvæðisrétt í kjaramálum sem ekki eru útgerðarmenn eða í stjórn útgerðafélaga.

Óskuðu eftir umræðum og að lögun félagsins yrði síðan breytt í þessa átt. Var skjalið dagsett 2. desember 1956. Um þetta urðu allsnarpar umræður og tóku margir til máls.

Júlíus Sigurðsson taldi vafasamt að fara út í lagabreytingar þar sem það hefði ekki verið auglýst en það væri skylda samkvæmt félagslögum. Deildi og á stjórnina fyrir að hafa ekki tekið samningana til umræðu á síðasta fundi en uppsagnarfrestur þeirra er til 1. nóvembers ár hvert.

Sagði hann samninga Verðandi lakari en nú gerðist við Faxaflóa. Taldi að óheimilt væri að gera lakari samninga en F.F.S.Í. og því væru samningar Verðandi ógildir.

Sigurður Stefánsson ræddi um efni skjalsins og sagði að í sjálfu sér væri þetta sanngirniskrafa að sami maður gæti ekki greitt atkvæði í tveim stöðum. Sagði að þessi ákvæði mundu hafa verið í Vélstjórafélaginu og Jötni allt frá öndverðu. Taldi það þrætuepli hvorir samningarnir, Faxaflóa eða Vestmannaeyja væru betri og að það hefði verið gleyska stjórnarinnar að ræða ekki samninga á síðasta fundi og væri glappaskot.

Formaður svaraði og sagðist ekki hafa heyrt neinar raddir um óánægju með samningana og þar að auki hefði síðasti fundur verið svo illa sóttur að ekki hefði verið til slíka stórræða og væri stjórninni því nokkur vorkunn.

Jóhann Pálsson sagði að í þessu félagi væru félagar sem jafnframt væru fullgildir félagar t.d. í Jötni og Vélstjórafélaginu. Taldi það skerðingu á félagsrétti ef það næði fram að ganga að menn sem ættu hlut í bát, væru atkvæðislausir í félaginu og sagðist þá segja sig úr því þar sem hann teldi hlut sinn skertan. Taldi að fleiri gerðu það sama.

Guðmundur Sigfússon taldi útgerðarmenn innan félagsins ekki hafa sýnt sig í því að standa á móti kjaramálum félagsins og hefði því verið óþarfi að koma fram með tillögu þessa.

Pálmi Sigurðsson vildi taka málið út af dagskrá en að haldinn verði annar fundur fyrir aðalfund.

Svohljóðandi tillaga kom fram frá Sigurði Stefánssyni:

"Fundur í S.s. Verðandi, haldinn 2. desember 1956. samþykkir að endurskoða lög félagsins og gera tillögur til lagabreytinga fyrir næsta fund sem haldinn verði innan 1/2 mánaðar."

Samþykkt með öllum greiddum atkvæði gegn einu.

Nefndin:

Páll Þorbjörnsson

Pálmi Sigurðsson

Friðþjófur Mátsson

Kristinn Magnússon

Sigurgeir Ólafsson

Samþykkt einróma.

5. Formaður bar upp tillögu frá síðasta fundi um hvort stofna skyldi trúnaðarmannaráð í félaginu.

Samþykkt einróma.

6. Ólafur Sigurðsson upplýsti að friðunarnefndin, sem kosin var á maífundinum, hefði ekkert starfað enn. Einnig sagði hann skilaboð sem oddviti A-Landeyja bað hann koma á framfæri við sjófarendur hér. Skilaboðin voru þau að búið er að grafa 10 metra breiðan skurð meðfram öllum Landeyjunum. Er hann engum manni fær og aðeins ein brú yfir hann, fram af bænum Krossi, sem er hæsti bærinn og stendur nærri vestast í Landeyjum. Taldi Ólafur að ca. 1 1/2-2 klst. gangur væri milli austur- og vesturmarka hreppsins.
Páll Þorbjörnsson kvað þurfa að vinna að því í þessu félagi, eða Slysavarnafélaginu að leiðarmerki yrðu sett að þessari einu brú.
Formaður tók einnig undir það og minntist í því sambandi á, er 2 menn héðan lentu upp í Landeyjasand á vélbíludum báti er var í landferð um haust. Vorið eftir fannst annar í flóðum þar í Landeyjum, hinn fannst aldrei. Var það haldið að þeir hefðu báðir farist þar í flóðum sakir ókunnugleika. Væri illa farið ef slíkt endurtæki sig.
7. Formaður sagði skilaboð, er hafnarvörður óskaði eftir að kæmu fram, þess efnis að menn láti ekki úrgangsolú renna í höfnina.
8. Formaður las bréf frá húsbyggingarnefnd Goodtemplara hér og var óskað eftir stuðningi félagsins við bréfið, sem var til Alþingis og var í því ósk um fjárveitingu allt að kr. 300.000,00 en templarar hyggjast stofna stjórnmalastofu í húsi því er þeir hafa í byggingu.
Var samþykkt að veita bréfinu stuðning.
9. Formaður upplýsti að hann hefði farið þess á leit við formann Útvegsbændafélagsins að það héldi sameiginlegan fund með Verðandi samkvæmt ósk síðasta fundar en fengið daufar undirtektir.
10. Runólfur Jóhannsson óskaði eftir að það yrði tekið fram að núverandi skipaskoðunarstjóri, Hjálmar Bárðarson, væri hlynntur gúmmíbátum.
Nokkrar umræður urðu um gúmmíbátana, m.a. sagði Ársæll Sveinsson frá björgun manna á bátunum, einnig væri verið að reyna að fá annan vökva á flöskur þeirra, sem ekki geti frosið. Sagði skipaskoðunarstjóra vera að koma því í lög Alþingis að gúmmíbátar verði notaðir á bátum allt niður í 5 tonn.
Ræðumenn töldu að þeirra þyrfti ekki síður við á bátum undir 5 tonnunum og töldu að hér ættu Vestmannaeyingar enn að ganga á undan í notkun gúmmíbáta og skylda allar fleytur til að hafa þá.
11. Lesinn var kafli úr umburðarbréfi stjórnar F.F.S.Í. dagsett í nóvember 1956 og var um "endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á ístengdum skipum" (Geymt í bréfasafninu, með "ýmis bréf")
Ársæll Sveinsson ræddi þetta og hvatti menn til að læra því það mætti ljóst vera að slíkt ófremdarástand, sem ríkti gæti ekki gengið öllu lengur. Vonaði að skóli kæmi hingað og ætti að vera okkar höfuð mál.
Páll Þorbjörnsson sagði ekkert komið enn frá millipinganefnd og myndi tæplega koma fyrir áramót. Taldi, það því miður væri útlit fyrir að þetta yrði ekki komið í lag fyrir næsta haust.
Fleiri tóku til máls þ.á.m. Ólafur Sigurðsson og sagði m.a. að í Sandgerði hefði enginn réttindamaður verið á einum bátum, hvorki skipstjórnar- né vélamenn. Í Grindavík væru 14-15 bátar en af skipstjórum þeirra væri aðeins einn með réttindum.
12. Jóhann Pálsson ræddi um fiskimiðin og fiskklak. Sagði að fiskklak Ameríkana bæri góðan árangur og taldi að við ættum að geta gert hið sama. Ræddi friðun vissra svæða sem talin væru mikilsverð og sagði síðasta ár vísbendingu um minnkandi fiskimagn og fiskigöngur farnar að breyta háttum sínum sem menn héldu hefðbundna. Sagði friðun Selvogsbankahraunsins nauðsynlega. Til skýringar þessu las ritari úr fundargerð 98. fundar en þá var þetta mál mikið rætt.

Guðmundur Sigfússon ræddi friðunarmálið. Taldi að klak gæti haft gífurlegan árangur, menn gætu jafnvel klakið út meira magni en fiskurinn næði sjálfur til að klekja. Ræddi einnig um netin og sagði að svo lengi sem teinar ekki fúnuðu sundur þá veiddu netin og yllu gífurlegu tjóni.

Páll Þorbjörnsson ræddi um friðun sem var fyrir Norðurlandi og gerð var með reglugerð. Taldi að Vestmannaeyingar yrðu þungir á metunum ef þeir færu fram á friðun vissra svæða.

13. Runólfur Jóhannsson lagði fram skriflega tillögu:

"Á fundi, sem haldinn var í S.s. Verðandi þann 2. desember 1956, var samþykkt tillaga um að skora á hafnarnefnd Vestmannaeyja að hún láti fjölga gangþrepum í járnþiljum hafnarmannvirkjana og að þess verði einnig gætt í þessu sambandi að þau nái niður á neðsta stórstraums fjöruborð."

Samþykkt einróma.

Runólfur talaði lítillga fyrir tillögunni og sagði að eins og væri, þyrfti töluverðan sundmann til að komast að tröppum, ef menn dyttu í sjóinn, því þær væru mjög strjálar og of ofarlega.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 6:15 e.m.

45 Félagar mættir.

Eyjólfur Gíslason
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

101. fundur Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi var haldinn í Alþýðuhúsinu sunnudaginn 16. desember og hófst kl. 15:45.

1. Formaður las upp fundargerð síðasta fundar og var hún einróma samþykkt.
2. Formaður þakkar afmælisnefnd og öðrum nefndum fyrir vel unnin störf.

3. Páll Þorbjörnson tók til máls og talaði um tillögu þær, sem laganefnd hafði komið sér saman um, og minnti á það að ef samþykking ætti breytingar á lögum innan félagsins þyrfti 2/3 hlut greiddra atkvæða, las hann síðan breytingartillögu við lög Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi.

Ný grein er verði 24 gr. (Greinatala breytist samkvæmt því.)

Launþegadeild starfar innan félagsins og annast hún allt er við kemur kjarasamningum og gerir samninga í umboði félagsins. Þeir einir geta orðið meðlimir launþegadeildar sem starfað hafa sem skipstjórar eða stýrimenn á líðandi eða næstliðnu ári og eiga ekki í útgerð. Um stjórn, fundaboðum, fundasókn og atkvæðagreiðslur í launþegadeild, fer eftir því sem segir að framan í lögum þessum.

Las Páll síðan tillögu um fulltrúaráð:

"Á aðalfundi skal kjósa 5 manna fulltrúaráð til eins árs í senn. Hlutverk fulltrúaráðsins er að vera stjórninni til ráðuneytis í mikilsverðum málum. Þyrfti stjórnin að taka mikilsverða ákvörðun og ekki sé þess kostur að ná saman félagsfundi, er það bindandi sem stjórn og fulltrúaráð ákveður enda sé afgreiðslan ágreiningslaus og minnst 6 taki þátt í atkvæðagreiðslu."

Urðu nokkrar umræður um þessi mál.

Jóhann Pálsson kvaðst vera samþykkuð því að stofnað yrði fulltrúaráð en taldi þó starfsemi félagsins í nokkurri hættu þar sem þetta myndi leiða til færri fundarhaldna.

Sigurður Stefánsson taldi eðlilegt að stofnuð væri launþegadeild en taldi breytingartillöguna ekki nógu greinargóða, þyrfti t.d. taka fram starfsemi stjórnar og kostnað deildarinnar.

Guðmundur Vigfússon mælti á móti stofnun launþegadeildar og taldi rétt sinn innan félagsins mjög skertan.

Jóhann Pálsson mælti einnig á móti stofnun launþegadeildar en taldi ekki óeðlilegt að stofnuð yrði stýrimannadeild innan félagsins. Pálma Sigurðssyni fannst hinsvegar nauðsynlegt að stofna launþegadeild, og taldi óeðlilegt að útgerðarmenn innan félagsins hefðu atkvæðisrétt í kaup- og kjaramálum félagsins.

Kristinn Magnússon mælti nokkur orð og mælti með stofnun launþegadeildar.

Kristinn Sigurðsson kvaðst alltaf hafa verið með því að útgerðarmenn innan félagsins hefðu ekki atkvæðisrétt í kaup- og kjarasamningum.

Pálmi Sigurðsson gerði að tillögu sinni að aðalfundur yrði haldinn fyrir áramót og var það samþykkt. Jóhann Pálsson lagði til að tillagan yrði tekin af dagskrá.

4. Jóhann Pálsson benti á vaxandi notkun veiðarfæra og taldi æskilegt að takmarka þau.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál.

Pálmi Sigurðsson benti á að nauðsynlegt að koma þessu í samninga og ganga þannig frá því að aðkomubátar, sem róa héðan, hlíti settum reglum.

Kristinn Sigurðsson stakk upp á því að kosin væri 3ja manna nefnd sem væri falið að athuga málið. Nefndina skipa þeir:

Jóhann Pálsson
Kristinn Magnússon
Aðalsteinn Gunnlaugsson

5. Eiríkur Jónsson skýrði frá því að nætursími væri í anddyri Verkamannaskýlisins á Básaskersbryggju og bað menn að athuga það. Ef gleymst hefur að setja símann í samband, væri slökkvarinn inni á klósettinu sem ætti að kveikja á. Ennfremur benti Eiríkur á að ef þyrfti að nota miðunarstöðina, sem er suður við flugvöll, þyrfti að hafa samband við Vestmannaeyjaradíó, en maður frá Flugþjónustunni annast miðunarstöðina.

6. Formaður skýrði frá því að lagfæring á tröppum í bryggjunum væri hafin og einnig lagfæring hafnarbátanna.
7. Runólfur Jóhannsson talaði um viðgerðir á gúmmíbjörgunarbátum og kvaðst vera búinn að tala við mann sem vildi annast viðgerðir á gúmmíbátunum og meiningin er að viðgerðir fari fram á gömlu rafstöðinni. Einnig Kvaðst Runólfur eiga í pöntun mæli, til að mæla loftþrýsting í gúmmíbátum. Runólfur gerði að tillögu sinni að 3 bátar, 1 á hverri bryggju, væru til staðar til björgunar og merktir Slysavarnarfélag Íslands.
8. Kristinn Sigurðsson benti á að höfnin ætti ágæta fleka sem væru hentugir til notkunar þegar mála þyrfti báta á floti.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 18:15.

35 félagar mættir.

Eyjólfur Gíslason
Formaður

Haukur Jóhannsson
Vararitari

102. fundur.
Aðalfundur
Skipstjóra og stýrimannafélagsins
Verðandi

Var haldinn sunnudaginn 30. desember 1956 og hófst kl. 15:45 í Alþýðuhúsinu.

1. Formaður félagsins, Eyjólfur Gíslason, setti fundinn og las upp inntökubeiðni fyrir nýjan félag
Guðmund Inga Guðmundsson, Þingholti.
Samþykkt einróma.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

3. Þá var gengið að aðalfundarstörfum.
Formaður bað varagjaldkera, Stefán Stefánsson, lesa ársreikninga félagsins.
Niðurstöðutölur voru þær að félagið á kr. 7643,60 í peningum. Styrktarsjóður á í sjóði kr.
56322,68, úthlutað var úr sjóðnum kr. 5400.
Á árinu 1956 kom eitt áheiti á sjóðinn að upphæð kr. 200,00 og er hið eina síðan 1953.
Formaður bar reikningana undir atkvæði.
Samþykktir einróma.

4. Þá fór fram stjórnarkosning.
Formaður bað menn tilnefna menn í formannssæti. Voru þessir tilnefndir:
Sigurgeir Ólafsson
Jóhann Pálsson
Pálmi Sigurðsson.
Eyjólfur Gíslason gaf ekki kost á sér.

Formaður var kjörinn

	Sigurgeir Ólafsson	Fékk 30 atkvæði.
Varaform.	Jóhann Pálsson	Fékk 21 atkvæði.
	Pálmi Sigurðsson	Fékk 1 atkvæði.

Til gjaldkera voru tilnefndir:

Stefán Stefánsson
Karl Guðmundsson (Brekastíg)
Haukur Jóhannsson

Gjaldkeri var kjörinn

	Karl Guðmundsson	Fékk 36 atkvæði.
Varagjaldkeri	Haukur Jóhannsson	Fékk 10 atkvæði.
	Stefán Stefánsson	Fékk 4 atkvæði.
	3 seðlar auðir.	

Til ritara voru tilnefndir:

Gísli Eyjólfsson
Friðþjófur Mátsson
Magnús Helgason

Ritari var kjörinn

	Gísli Eyjólfsson	Fékk 32 atkvæði.
Vararitari	Friðþjófur Mátsson	Fékk 17 atkvæði.
	Magnús Helgason	Fékk 2 atkvæði.
	1 auður, 1 ógildur.	

Endurskoðendur voru kosnir einróma:

Karl Guðmundsson (Reykholti)
Stefán Stefánsson

Sjómannadagsráð. Úr því áttu að ganga 3 menn samkvæmt félagslögum, þeir Kristinn Sigurðsson, Karl Guðmundsson og Stefán Stefánsson en sjómannadagsráð var einróma endurkjörið, ásamt varamönnum og gefið kröftugt lófatak því til áréttingar.

Sitja þessir menn því áfram í ráðinu.

Sjómannadagsráð skipa:

Sigurgeir Ólafsson
Ingvar Gíslason
Kristinn Sigurðsson
Karl Guðmundsson
Stefán Stefánsson

Til vara:

Haukur Jóhannsson
Sigurður Guðnason
Júlíus Ingibergsson

Björgunaræfinganefnd var endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson
Einar Jóhannesson
Kristinn Pálsson

Fánanefnd var endurkosin.

Hana skipa: Arnaldur Gunnlaugsson
Karl Guðmundsson (Reykholti)

Gæslunefnd og ægisnefnd var endurkosin, að öðru leyti en því, að í stað Steingríms Björnssonar, sem ekki verður við sjósókn, sökum veikinda, var kosinn Ólafur Sigurðsson.

Gæslunefnd og ægisnefnd skipa:

Sighvatur Bjarnason
Jón Guðmundsson Páll Ingibergsson
Júlíus Sigurðsson Óskar Matthíasson
Sigurgeir Ólafsson Jóhann Pálsson
Sveinbjörn Hjartarson Ólafur Sigurðsson

Veiðarfæranefnd endurkjörin einróma.

Hana skipa: Jón Guðmundsson
Jóhann Pálsson Sigfús Guðmundsson

Styrkveitinganefnd einróma endurkosin.

Hana skipa: Bjarni Jónsson
Eiríkur Jónsson Páll Þorbjörnsson

Skemmtinefnd var endurkosin einróma.

Hana skipa: Sveinbjörn Hjartarson
Sigurður Guðnason Haukur Jóhannsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningum.

4. Fráfarandi formaður, Eyjólfur Gíslason, þakkaði stjórnarmeðlimum sínum samstarfið á liðnu ári og óskaði hinum nýkjörna formanni, stjórn hans og félaginu í heild góðs gengis á komandi starfsári. Sigurgeir tók nú við fundarstjórn og þakkaði fráfarandi formanni störf hans.

5. Lesið var bréf frá Helga Benediktssyni, útgerðarmanni. Var það samrit bréfs til Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og var aðalefni þess verðbætur á fisk, sem fiskvinnslufyrirtæki S.Í.S., Kirkjusandur H/F greiðir frá ári til árs, er bréfritari telur að hljóti að verða til þess að þeir, sem selja fisk til vinnslu í Vestmannaeyjum, "komi auga á þá staðreynd að þeir fái of lágt verð fyrir fisk sinn." Telur Helgi það meðal verkefna Útvegsbændafélagsins að fá úr þessu bætt. Telur síðan upp 10 málefni er Útvegsbændafélagið beri nauðsyn og skylda til að freista að leysa. Guðjón Valdason kvað þurfa að ræða þetta á sameiginlegum fundi sjómannafélaganna. Fleiri ræddu ekki efni bréfsins, því tekið af dagskrá.

6. Formaður bað menn ræða um stofnun trúnaðarmannaráðs. Steingrímur Arnar mælti með því að stofna trúnaðarmannaráð, taldi það nauðsynlegt í félagsskap sem þessum þar sem ekki væri hægt að ná saman fundi hvenær sem væri. Óskar Ólafsson taldi að það myndi rýra félagsanda og áhuga félaga fyrir félaginu. Lagðist algerlega á móti stofnun ráðsins. Sigurður Stefánsson taldi það ekki rétt og þetta mjög æskilega og eðlilega þróun en kvað það dálítið þröngt að tilskilja samhljóða eða ágreiningslausa afgreiðslu mála. Taldi heppilegra 3/5 atkvæða. Að þessum umræðum loknum, fór fram atkvæðagreiðsla um þessar lagabreytingar og fór, eftir leynilega atkvæðagreiðslu, sem hér segir:

Formaður las upp tillöguna frá síðasta fundi um kosningu 5 manna fulltrúaráðs.

<u>Nei</u>	sögðu 26 atkvæði
<u>Já</u>	sögðu 25 atkvæði
	3 seðlar auðir

Formaður las upp breytingartillögu við lögin:

"Ný grein, er verði 24. gr. (greinartala breytist samkvæmt því) um að launþegadeild starfi innan félagsins o. s. frv."

Rædd á síðasta fundi.

<u>Já</u>	sögðu 28 atkvæði.
<u>Nei</u>	sögðu 25 atkvæði.
	1 auður seðill

Skoðast báðar þessar tillögur felldar, þar sem 2/3 hluta atkvæða þarf til lagabreytinga.

7. Formaður bað menn ræða mál það er Jóhann Pálsson reifaði á, síðasta fundi, um takmörkun veiðarfæra.

Jóhann sagði að nefndin hefði ekkert gert enn. Taldi sameiginlegan fund sjómannafélaganna æskilegan og stæðu þá öll félögin að þessu máli.

8. Óskar Ólafsson talaði um baujuna við syðri hafnargarðinn og kvað hana þurfa að fjarlægast, því hún væri til einskis gagns en öllum til ama og gæti valdið tjóni. Formaður tók í sama streng og taldi Sighvat Bjarnason manna vísastan til að breyta þessu á hafnarnefndarfundi Sighvatur talaði um að breyta þessu á hafnarnefndarfundi en taldi sterkara að félagið skrifaði hafnarnefnd um málið. Sighvatur sagði að þetta hefði komið fram fyrr en Guðmundur Þorsteinsson, hafnarverkfræðingur hefði algjörlega neitað að taka hana.

Samþykkt var að fela ritara að skrifa hafnarnefnd um baujumálið.

9. Sighvatur Bjarnason minntist á loðnuveiði og sunnudagaróðra. Taldi hann rétt að endurskoða róðrasamþykki, með það fyrir augum að leyfa sunnudagaróðra, eftir að loðna væri gengin og menn

væru þessu almennt hlyntir. Sighvatur, sagði að eftir að loðna væri gengin, væri hvort eð búinn, sunnudagafriður hjá mönnum, sumir færu að reyna að ná í loðnu, aðrir væru með mannskapinn á bryggjunum til að fá nýja loðnu og væri þá verið að beita fram á ræs.

Um þetta mál urðu miklar umræður og tóku margir til máls, m.a. Ólafur Sigurðsson sem upplýsti að verið væri að stofna loðnubanka í hraðfrystihúsunum.

Flestir ræðumanna voru með því að leyfa sunnudagsróðra, eftir að loðna er gengin en margir tóku fram að ganga yrði þannig frá þeim ákvæðum að ekki væri hægt að misbrúka þau eða að það yrði til þess að byrjað yrði að róa á sunnudögum með línu.

Í umræðum þessum komu og fram miklar umræður um afmörkun veiðarfæra. Komu fram uppástungur um að nefndinni, sem kosin var á síðasta fundi, yrði falið að ræða við hin félögin um takmörkun veiðarfæra og loðnuróðra á sunnudögum.

Sighvatur Bjarnason kvað sér finnast hálfgerð óbragð af því að leita hófanna hjá útgerðarmönnum og sjómannafélaginu, um hve mörg net væru höfð. Kvað það gamla hefð að formenn réðu því og ættu að ráða því sjálfir.

Pálmi Sigurðsson sagði okkur standa betur að vígi gagnvart aðkomubátum að hafa útgerðarmenn með í samþykkt þessari.

Guðjón Valdason taldi best ráðið við þessu að meta fiskinn upp úr bát, þá yrðu menn ekki með fleiri net en þeir gætu annað. Hitt væri ólíðandi að menn kæmu með skemmdan fisk á kostnað annarra. Óskar Ólafsson kvað þurfa ákvæði um að menn hefðu ekki meira en 15 net í trossu.

Umræður um þessi mál urðu all langar og ræðumenn margir.

Formaður bar undir samþykki fundarins, hvort menn vildu róa á sunnudögum strax og loðna kemur.
Samþykkt einróma.

Formaður bar upp skriflega tillögu:

"Fundurinn samþykkir að nefnd sú, sem kosin var á síðasta fundi til athugunar á takmörkun veiðarfæra, athugi einnig hvort Vélstjórafélagið og Jötunfélagar samþykki róðra á sunnudögum strax og loðna veiðist almennt."

Samþykkt einróma.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 18:45.

Sigurgeir Ólafsson
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

103. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 20. janúar 1957 og hófst kl. 14:20 í Verkamannaskýlinu.

1. Formaður minntist látins félaga, Halldórs Ágústssonar, sem drukknaði af m/s Maí VE 210, og bað menn votta hinum látna virðingu með því að rísa úr sætum.

2. Lesin var fundargerð síðasta fundar.

Haraldur Hannesson gerði þá athugasemd við fundargerðina að þess væri ekki getið hvers vegna fyrrverandi formaður félagsins, Eyjólfur Gíslason, var ekki í kjöri. Eyjólfur baðst eindregið undan kjöri. Ritari lofaði að lagfæra þetta.

Fundargerðin síðan samþykkt einróma.

3. Lesin afrit af bréfum og samúðarskeyti.

4. Formaður spurði hvort félagar teldu að hægt væri að veita styrk úr styrktarsjóðnum til Bernótusar Þorkelssonar. Hefði einn félagi bent sér á að þar mundi hjálpar þörf, mörg börn og Bernótus á sjúkrahúsi. Formaður sagði að einnig mundi þurfa að líta til ekkju Halldórs heitins Ágústssonar en lítið væri til í sjóðnum.

Páll Þorbjörnsson sagði að er síðast var úthlutað úr styrktarsjóðnum, hefði nefndin lent í allmiklum vanda og taldi að farið væri út á hálán ís ef farið væri að veita úr sjóðnum hvenær ársins sem væri.

Spurði hvort ekki væri hægt að hjálpa án sjóðsins eins og dæmi væru til í félaginu.

Sighvatur Bjarnason taldi að styrktarsjóður hefði ekki það þröngan ramma að ekki ætti veita hvenær sem væri úr honum. Taldi að félagið yrði skilyrðislaust að hjálpa.

Formaður bar upp hvort fundarmenn samþykktu að félagið léti 1000,00 kr. á hvorn aðila og ganga síðan út með lista til söfnunar.

Samþykkt einróma.

Einnig var einróma samþykkt að fela styrkveitingarnefnd undirbúning og framkvæmd málsins og má hún kalla svo marga meðlimi félagsins, sem þurfa þykir, sér til hjálpar.

Karl Guðmundsson gjaldkeri minntist á áheiti á styrktarsjóðinn og bað menn minnast hans ef þeir fyndu þörf hjá sér til áheita því frá 1953 væri aðeins 1 áheiti, kr. 200,00.

Formaður tók í sama streng og skoraði á menn að láta eitthvað af hendi rakna til sjóðsins á komandi vertíð.

5. Formaður bað Jóhann Pálsson skýra frá störfum nefndar þeirrar, er kosin var á 101. fundi, til athugunar á takmörkun veiðarfæra.

Jóhann sagði að á fundi, sem hefði rætt málið, hefðu mætt 2 fulltrúar frá Verðandi, 2 frá útvegsbændum, 2 frá Jötni og formaður Vélstjórafélagsins.

Nefndin leggur til við félögin að veiðarfæranotkun, o. fl. verði miðuð við eftirtalin atriði:

1. Hámarks línulengd verði ákveðin 200 strengir. (40 bjóð 5 strengja eða 34 bjóð 6 strengja)

2. Hámark netafjöldi í sjó verði ákveðið 80 net. (5 trossur 16 neta.)

3. Nefndin leggur til að sú undanþága verði gerð við sunnudagasamþykktina að leyfilegt sé að róa á sunnudegi ef beitt er með loðnu á laugardeginum enda hafa þá verið samþykktir 1. og 2. liður.

4. Nefndin skorar á Útvegsbændafélag Vestmannaeyja að taka upp samninga við fiskvinnslustöðvarnar og aðra, sem selja loðnu, um það að loðnuúthlutunin verði á einni hendi og henni verði ávallt jafnað á bátana í hlutfalli við línulengd þeirra.

5. Nefndin leggur til að fisktaka af aðkomubátum verði bundin því skilyrði að skipstjórnir samþykki með undirskrift sinni, að halda þessar samþykktir.

Jóhann Pálsson

Steingrímur Arnar

Kristinn Magnússon

Júlíus Ingibergsson

Jónas Guðmundsson

Guðjón S. Scheving

(Sigurður Stefánsson skrifaði ekki undir.)

Jóhann sagði að stærsta atriðið í þessu væri betri vara, ef hægt væri að hugsa vel um veiðarfærin og þar með aukið aflaverðmæti. Einnig skapaðist aukið öryggi með styttri tíma á sjónum. Guðjóni Valdasyni fannst þetta nokkuð lítið en ef athugað væri, væru þeir kostir að meiri kyrrð kæmi á fiskinn. Væri kannski nóg að hafa 80 net djúp, en fannst fulllítið að hafa ekki 90 net á hina stóru báta.

Sighvatur Bjarnason spurði hvernig atkvæðagreiðslan ætti að fara fram, hvort það yrði allsherjarsamþykkt eða meirihluti félaga.

Jóhann Pálsson sagði að engin endanleg ákvörðun yrði tekin fyrr en á sameiginlegum fundi eftir umræður í félögunum. Felldu öll félögin tillögurnar, þyrfti ekkert meira um þær að tala.

Sighvatur Bjarnason sagði að samkvæmt samningum væri 1. og 2. nóttá fiskur jafn verðkár og þar með talin jafn góð vara. Fannst það dálítið þröngur kostur að leggja stóra og litla báta með góðan og slæman mannskap á sömu hilluna því til væru bátar sem ekki réðu við 80 net. En eftir því sem menn leggðu meira á sig, þeim um meiri von um þénustu. Taldi að rögun hefði ekki átt að falla niður. Guðjón Valdason tók í sama streng og kvað misjafnt hvað hver afkastaði en með rögun og meira verði fyrir góðan fisk, kæmi allt af sjálfu sér.

Formaður bað menn ræða málið vel áður en gengið yrði til atkvæðagreiðslu. Fyrir sitt leyti fyndist sér alveg nóg að hafa 80 net.

Haraldur Hannesson kvað megnasta óbragð af þessu. Það kæmi fleira til en netalengdir hvað lengi væri verið sjónum því sumir væru að hringla með trossurnar í bátunum og gá á rúllurnar hjá hinum hvort þeir væru að fiska. Þannig færi allmikið lengri tími í að koma trossu í sjóinn en að draga hana. Taldi rögun til bóta.

Guðmundur Vigfússon sagði að sér fyndist þær línur, sem dregnar væru í tillögunni, ekki góðar og ekkert tillit væri tekið til hvort bátur væri 30 eða 100 tonn. Felldi sig betur við stuttar trossur en fleiri og sagðist hafa haft 7 trossur 12-13 net en svo væru aðrir sem vildu heldur t.d. 6 trossur 15 neta og taldi vont að menn réðu þessu ekki sjálfir.

Sighvatur Bjarnason taldi að öll ráð væru af formanninum tekin. Gæti felld sig við sumt en vildi breytingartillögur við annað t.d. 90 net í stað 80 en taldi það steinrunnið að fara að ákveða netafjölda og taka þar með ráð af formanni.

Taldi það og hart að fara að stytta net til að auka pláss á miðunum á sama tíma sem aðkomubátar hefðu frjálsar hendur.

Þá kvað Sighvatur það firru að binda sig við ákveðna línulengd því einstaka bátar hefðu róið 1-2 daga á loðnutíma með allt upp í 50 bjóð og allt lukkast vel. Væri ekki nema gott eitt um það að segja ef menn hefðu aðstöðu til þessa.

Þá kvaðst Sighvatur ekki vilja missa sénsinn og ráðaréttinn ef hann sæi sér fært að afkasta meira.

Jóhann Pálsson sagði að eftir því, sem fram hefði komið á fundinum, að allmargir yrðu með djúpriðin net, yrðu 80 net full nóg og ekki minni veiðarfæri en 90 net, 26 möskva, eftir því sem sér sýndist. En það væri helst að heyra að menn ætluðu að hafa sömu netalengd en ákveðin í að dýpka netin.

Guðmundur Vigfússon taldi að það eina, sem gildi, væri rögun, því hún hefði áhrif á viðráðanleg veiðarfæri.

Nokkrar frekari umræður urðu um málið og einnig um hvort bera skyldi undir atkvæði í einu lagi eða lið fyrir lið. Var atkvæðagreiðsla látin skera úr því.

Borið undir atkvæði sundurlaust 11 atkvæði.
Borið undir atkvæði í einu lagi 6 atkvæði.

1. liður: 8 með/2 móti 2. liður: 6 með/8 móti

3. liður: samþykkt. 4. liður: 4 með

Fellt.

Formaður vítti fundarmenn all hart fyrir lélega þátttöku í atkvæðagreiðslunni, ekki síst þar sem hér væri um stórmál að ræða. Kvað formaður það vott þroskaleysis að þora ekki að láta meiningu sína í ljós og kvað það til skammar félaginu að afgreiðsla jafn mikilvægs máls væri með slíkum endemum.

6. Formaður ræddi um réttindamálið. Kvað það skjóta skökku við að félagið hefði ekki hönd í bagga með undanþágur. Sagði frá samtali við bæjarfógeta og skráningarstjóra. Ræddi nauðsyn þess að reyna að fá lagfæringu á skólalöggjöfinni.

Páll Þorbjörnsson skýrði allítarlega hvernig mál stæðu nú. Taldi að öfl væru í Reykjavík sem vildu svæfa málið og væri fullt útlit fyrir að nú væri það komið á það stig að letja, en málið liggur nú fyrir Alþingi.

Jóhann Pálsson kvað ríða á að fá skóla heim í hérað og kvað það sterkara að hann gæfi rétt til skipstjórnar innanlands, burt séð frá stærð.

Formaður lagði til að Páli Þorbjörnssyni yrði falið að skrifa hlutaðeigandi nefnd um málið ásamt lista frá skráningarstjóra um undanþágu.

Var það samþykkt einróma.

7. Lítillega var rætt um friðun hrauna og samtal við fiskifræðing væri æskilegt og fróðlegt.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 17:00.

41 félagi mættur.

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

104. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 3/2/1957 og hófst kl. 16:15 í Alþýðuhúsinu.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.

Sigurður Stefánsson óskaði eftir leiðréttingu. Kvaðst ekki hafa skrifað undir tillögu nefndar um takmörkun veiðarfæra, vildi skrifa undir með fyrirvara en fékk ekki. Ritari lofaði að lagfæra þetta.

2. Formaður bað Pál Þorbjörnsson skýra frá störfum hraunaneftar.

Páll skýrði frá því að hann væri senn á förum til Reykjavíkur sem annar fulltrúi bæjarstjórnarinnar á fund sem ríkisstjórnin hefur boðað til til umræðna um landhelgismál. Skoraði Páll á fundarmenn, hvern og einn, að láta álit sitt í ljós og kvaðst mundi láta tillögur sínar byggjast á því.

Páll las því næst upp tillögur hraunaneftndar og bað menn ræða þær. Einnig bað hann um að skýrt kæmi fram hvort menn vildu friðun Selvogsbankahraunsins þó að línan færðist ekki út.

Ólafur Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason töldu að landhelgislínan yrði ekki færð út að sinni en Páll taldi að þær hömlur, sem væru með rýmkun landhelginnar samkvæmt loforði við Englendinga, væru aðeins dagaspursmál, uns nefnd sem ræddi málið hefði lokið störfum.

Ólafur Sigurðsson taldi friðun hrauna mikið nauðsynjamál, t.d. Selvogsbankahraunsins, sem talið væri stærsta klakstöð í Norðurhöfum.

Ólafur ræddi því næst skaðræði netaveiða á hraunum. Væri byrjað í byrjun mars með netin, um leið og fiskur væri að taka heima til hrygningar og nú væri svo komið að hann stöðvaðist hvergi en svinglaði um allt. Áður fyrr hefði fiskur verið á sama meðan hrygning fór fram. Taldi að net, sem slitin væru niður og töpuðust, væru að veiða alla vertíðina, jafnvel allt árið. Ólafur sagði að lokum, að það hefði betur verið gert fyrir nokkrum árum, að friða hraunin.

Guðjón Valdason tók í sama streng og sagði að ef ekki yrði spyrnt við fótum, yrði lítið eftir fyrir afkomendur vora því hér horfði til auðnar.

Guðmundur Vigfússon sagði sig eindregið fylgjandi álit og tillögum hraunaneftndar. Sagði það vel til fallið að prófa einmitt þessi svæði, s.s. Skottið, sem væri mikið hrygningarsvæði. Fljótséð yrði á nokkrum árum hvort við værum á réttri leið, og ef svo væri, þá væri að auka friðunina. Taldi Guðmundur okkur verða að fara þessa leið, því sem væri, horfði til stórvandræða.

Um opnun landhelginnar urðu menn ekki eins sammála og greindi á um hvenær skyldi opna og hve tíminn skyldi langur.

Sighvatur Bjarnason sagði að stærðartakmörkun báta yrði að hækka, t.d. í 100 tonn, eða þannig að allir vertíðarbátar gætu stundað veiðarnar.

Taldi Sighvatur það mjög æskilegt til að dreifa flotanum betur vegna síldveiða og ef bátar vildu sigla. Fleiri ræðumenn tóku í sama streng og töldu það öfugþróun og skerðingu öryggis á sjónum að hlaða sérstaklega undir minni bátana, einnig misbeitingu á rétti þegna.

Páll Þorbjörnsson taldi að til siglinga mundi tæplega koma því eftirspurn eftir fiski væri minnst á þessum árstíma. Stærðarákvæðið gamla, 35 tonn, kvað hann hafa verið útaf Dönnum og yrði það trúlega rýmkað.

Húmveiðar voru einnig ræddar. Guðjón Valdason taldi þær mjög skaðlegar því húmur væri mjög gott æti fyrir fisk. Taldi að banna ætti veiðarnar.

Guðmundur Vigfússon sagði það ótækt að afmarka bátunum ekki svæði því það væri í lófa lagið og menn hefðu nóga þekkingu til þess.

Páll Þorbjörnsson taldi Íslendinga ekki það auðuga að þeir hefðu efni á að láta kolann synda hjá enda lægju útlendingar á línunni og hirtu um leið og hann synti hjá.

Er menn höfðu rætt tillögur hraunaneftndar, bar formaður hvern lið fyrir sig undir atkvæði og óskaði jafnframt eftir breytingartillögum.

I. Liður: Landhelgislínan o.s.frv.
Samþykkt einróma.

II. Liður: Dragnótaveiðar verði leyfðar á tímabilinu, júní, júlí, ágúst og 1/2 september o.s. frv.
13 atkvæði með.

Breytingartillaga.
Frá 15. maí - ágústloka.
4 atkvæði með.

Frá 1. júní - ágústloka.
7 atkvæði með.

III. Liður: Eftirfarandi svæði verði friðuð o.s. frv.
Samþykkt einróma.

Tillögur hraunanevndar voru því samþykktar eins og nefndin gekk frá þeim.

"Við undirritaðir, sem kosnir vorum í nefnd (hraunanevnd) af Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, höfum nú lokið störfum.

Tillögur okkar eru ekki einskorðaðar við friðun hraunanna heldur eru þær á breiðari grundvelli og fara hér á eftir.

I. Landhelgislinan (fiskveiðitakmörkin) á svæðinu Vestmannaeyjar - Reykjanes verði færð út þannig að dregin verði bein lína milli grunnlínupunktanna Geirfugladrangs og Geirfuglaskers og fiskveiðitakmörkin sett 4 mílur út frá þeirri línu.

II. Dragnótaveiðar verði leyfðar á tímabilinu, júní, júlí, ágúst og 1/2 september. Dragnótaafli verði ekki verðbættur á öðrum tímum.

III. Eftirfarandi svæði verði friðuð:

- a) Selvogsbankahraunið (aðalhraunið) fyrir þorskanetaveiðum.
- b) Drangahraunið fyrir öllum veiðum 15/3 - 15/5, ár hvert.
- c) Skottið fyrir öllum veiðum 15/3 - 15/5, ár hvert."

3. Páll Þorbjörnsson minntist á störf styrkveitinganevndar. Fóru þeir félagar út með lista strax, daginn eftir kosningu og söfnuðust 5000,00 kr. er var skipt jafnt. Páll kvað nefndina hafa fengið ábendingu um að hyggilegra mundi að fresta söfnun um sinn eða þar til liði svolítið fram á vetur og menn hefðu meiri aurarád, en eins og væri, væri heldur lítið um þau um þessar mundir. Kvað hann nefndina fara strax á stúfana og fært þætti.

Sighvatur Bjarnason kvað þetta viturlega ráðstöfun og taldi skaðlaust og jafnvel best að draga það út mars.

Guðmundur Vigfússon kvaðst hafa heyrt að bágar ástæður væru hjá félagi okkar, Þórði Stefánssyni og gengi seint með bata. Taldi okkur hafa gleymt honum er söfnunarlistunum var hleypt af stað og ræddi um hvort tók væru á að stofna til samskota í nýjan lista. Upplýsti að Lifrarsamlagið hefði nýlega sent Þórði kr. 5000,00.

Sighvatur Bjarnason taldi að ekki væri hægt héðan af að breyta því að hafa einn lista.

Nokkrar frekari umræður urðu um söfnunina og tilhögun hennar.

Formaður bar upp tillögu um frestun málsins og nefndin hafi svo samráð við stjórnina.

Samþykkt einróma.

4. Formaður minntist á að nokkurs taugaóstyrks hefði gætt í síðasta róðri og menn komnir utarlega á línu, á Víkinni.

5. Formaður spurði hvort menn teldu sér hag í að fá veðurskeyti t.d. frá Knarrarósvita eða Reynisfjalli.

Ræddu nokkrir fundarmenn málið og hvar heppilegastir væru staðirnir. Töldu ræðumenn að ekki væri að marka veðurskeyti frá Loftsolum, nema í sv-átt, hvað sjóinn og veðurhæð snerti. Álitu menn að Loftsalir og Þingvellir væru frekar fyrir sveitirnar og á vestursvæðinu vantaði okkur því alveg veðurlýsingu.

Formaður bar fram skriflega tillögu:

"Ég geri það að tillögu minni, að stjórninni verði falið að athuga hjá Veðurstofunni hvort hægt væri að fá veðurathugun frá Knarrarós og Reynisfjalli."
Samþykkt einróma.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

25 félagar mættu.

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

105. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 29. maí 1957 og hófst kl. 21:00 í Alþýðuhúsinu.

1. Formaður minntist látins félaga, Bernótusar Þorkelssonar, skipstjóra. Fundarmenn risu úr sætum, í virðingarskygni við hinn látna.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt.

3. Formaður minntist á umræður og tillögur síðasta fundar í landhelgismálum og sagði að svo virtist sem farið væri þvert ofan í tillögur okkar og væri þetta ekki í fyrsta sinn.

Páll Þorbjörnsson sagði all ítarlega frá fundi þeim er hann sat í Reykjavík. Sagði Páll að þeir fulltrúar Eyja, væru þeir einu, sem lagt hefðu til að leyfa veiðar í landhelgi ákveðinn tíma á ári.

Páll taldi að sjávarútvegsmálaráðherra, fiskifræðingar og fleiri ráðamenn hefðu verið heldur hliðhollir opnun vissan tíma á ári og hélt að með atkvæðagreiðslu hefði verið farið eitthvað í þá átt sem við lögðum til. Gagnvart humarveiðum tóku þeir fram að ekki væri neinn grundvöllur fyrir humarveiðum ef ekki mætti hagnýta flatfisk.

Páll taldi að í landhelgismálinu ríktu tvö sjónarmið. Útfærsla línunnar en það kæmi ekki að gagni fyrir Aust- og Vestfirðinga og hölluðust ýmsir því að tímabundinni friðun.

Þá ræddi Páll nokkuð um skólamál og kvað okkur lítið betur setta í þeim en áður ef þau yrðu lögfest óbreytt eftir frumvarpinu taldi m.a. reynslutíma háseta of langan og að draga mundi úr aðsókn að prófað yrði í R-vík. Sagði frá persónulegu samtali er hann átti við ráðandi menn um þessi mál og álitsjörð er hann sendi þar sem hann m.a. vildi afnema 30 tonna réttindi.

Formaður þakkaði Páli tillögu hans og kvað hann hafa talað fyrir munn félagsins.

Ritari las bréf frá alþingismanni, hr. Jóhanni Þ. Jósefssyni og frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, er þingmaðurinn hafði forgöngu um flutning á, í efrideild Alþingis, samkvæmt tilmælum Vestmannaeyinga, eins og segir í bréfi hans.

Formaður upplýsti að tveir menn með fiskimannaréttindi hefðu kvartað undan atvinnuleysi en undanþágumenn væru teknir. Formaður bar undir fundarmenn hvort ekki væri rétt að félagið auglýsti eftir atvinnulausum prófmönnum, líkt og gert var í haust. Óskaði einnig eftir áliti á ummælum bæjarfógeta að félagið hefði trúnaðarmann við munstrun.

Sighvatur Bjarnason lýsti ánægju sinni yfir þeim áfanga sem nú væri náð í skólamálum og taldi að þetta væri jafnvel meira en búast hefði mátt við, eftir allan dráttinn og kvað mönnum vorkunnarlaust að læra er skóli væri kominn heim í hurð.

Sighvatur taldi betra að félagið auglýsti en vont væri að þurfa að fara að reka menn, sem á bátum hefðu verið, í land fyrir menn sem vildi kannski aðeins vera yfir sumarið.

Pálmi Sigurðsson taldi ekki sambærilegt síld og vertíð þar sem stýrimaður yrði að sigla skipinu á móti skipstjóra sólarhringum saman. Sagði einnig ótækt að það liðist að bílstjórar væru teknir og dubbaðir upp í stýrimenn, eins og dæmi væru til nú í vor, en kvaðst vita um prófmenn sem ráðnir væru hásetar og 5-6 ágætis menn sem væru próflausir. Sagði að félagið yrði að koma í veg fyrir að svona ætti sér stað.

Fleiri ræddu málið og töldu að félagið yrði að gera eitthvað í málinu. M.a. sagði formaður félagsins að í vetur hefði það átt sér stað á einum bát að prófmaður var munstraður í viku eða þar til próflaus maður fékk undanþágu og var munstraður en prófmaður varð háseti eða 2. vélstjóri. Kvaðst formaður hafa frétt þetta eftir áreiðanlegum heimildum um lok.

Sighvatur Bjarnason kom með eftirfarandi tillögu:

"Fundurinn samþykkir að F.F.S.Í. verði skrifað og skorað á það að auglýsa í tíma að engar undanþágur verði veittar á komandi ári, þar sem námskeið verða haldin og menn geta öðlast réttindi."

Samþykkt einróma.

Formaður félagsins bar upp skriflega tillögu.

"Ég geri það að tillögu minni að fundurinn samþykki að stjórninni sé falið að auglýsa að þeir félagar, sem hafa full réttindi til stýrimennsku eða skipstjórnar og hafi enn ekki fengið skiprúm á komandi sumarvertíð, gefi sig fram við félagið strax.

Einnig að þeir skipstjórar, sem vantar stýrimenn, gefi sig fram við félagið strax.

Sigurgeir Ólafsson."

Samþykkt einróma.

4. Formaður upplýsti að búið væri að fá menn til forystu í keppni í róðri og reiptogi og bað menn bregðast vel við ef leitað yrði til þeirra um þátttöku í íþróttum sjómanna dagsins eða ef þeir yrðu beðnir um fánaburð.

5. Formaður minntist á fjársöfnunina sem stofnað var til í vetur og harmaði þær umræður er fram fóru á síðasta fundi.

Af ýmsum óviðráðanlegum orsökum hefur enn ekki verið framkvæmd söfnun sem frestað var í vetur en félögum, sem ræddu málið, fannst ástæðulaust og ekki hægt að láta söfnunina niður falla og aðstæður hefðu breyst svo, að ástæðulaust væri að taka tillit til þess sem rætt var á síðasta fundi.

Eiríkur Jónsson upplýsti að það, sem safnast hefði í vetur, væri eingöngu frá félagsmönnum.

Formaður bað um samþykki fundarins til að halda áfram söfnuninni. Stjórninni væri falið að kalla saman nefndina.

Einróma samþykkt.

Formaður sagði síðan fundi slitið.

20 félagar sátu fundinn.

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

**106. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu.
Verðandi
sunnudaginn 27. október 1957 og hófst kl. 16:15 í Akóges.**

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

2. Formaður minntist á skólamál og kvað ánægjulegt að nú væri kominn fram árangur af baráttu Verðandi í þessum málum þar sem nú væri haldið námskeið hér fyrir skipstjóra.

3. Formaður minntist á afmælið og hvort menn vildu ekki hafa það svo sem verið hefði og í samfélagi við Vélstjórafélagið.

Orðið gefið laust.

Ritari las greinargerð frá formanni skemmtinefnda félaganna á árshátíðinni 1956.

"Árshátíð Verðandi og Vélstjórafélagsins 1956.

Tekjur og gjöld urðu samtals kr 67.342,10. Þó skal þess getið að raunverulega vantaði 33,53 til þess að jöfnuður væri en afsláttur var veittur, sem þessu nam, af einum reikningi.

Páll Scheving
(sign.)

Pálmi Sigurðsson
(sign.)"

Pálmi Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og skýrði frá að vegna óviðráðanlegra orsaka hefði hann ekki getað skilað þessu fyrr.

Í skemmtinefnd voru þessir kosnir:

Pálmi Sigurðsson

Þórarinn Torfason

Þórarinn Eiríksson

Elías Gunnlaugsson

Helgi Bergvinsson

Varamenn:

Hilmar Rósmundsson

Hjálmar Jónsson

Samþykktir einróma.

4. Formaður minnti féлага á að samningar renna út um mánaðamót og spurði hvort menn vildu ræða þá.

Pálmi Sigurðsson taldi að við ættum að segja upp samningum og taka upp samninga F.F.S.Í. því við hefðum ekki leyfi til að gera lélegri samninga en F.F.S.Í. samkvæmt lögum þess en samningar okkar væru lakari.

Júlíus Sigurðsson tók í sama streng.

Formaður skoraði á fundarmenn, sérstaklega stýrimenn, að ræða málið.

Stefán Stefánsson gerði fyrirspurn um hvort hér væri sama kaup og í Reykjavík fyrir standsetningu báta.

Formaður svaraði og kvað heimilt, samkvæmt okkar samningum, að taka 25% ofan á verkamannalaun, sé maðurinn verkstjóri þannig að það yrði sama og í Reykjavík.

Guðjón Valdason, Eyjólfur Gíslason, Hilmar Rósmundsson o. fl. tóku til máls og voru allir ræðumenn sammála um að heppilegast væri að félagið taki upp F.F.S.Í. samninga og losna þannig við allt þvarg eins og Guðjón Valdason komst að orði og fram kom hjá fleiri ræðumönnum.

Voru ræðumenn sammála um að segja upp samningum og töldu ómaklegt að skipstjórar og stýrimenn sætu við lakari kjör hér en stéttarbræður þeirra annarstaðar á landinu.

Ritari og formaður báru saman samningana mönnum til frekari glöggvunar en þeir eru í öllum meginatriðum eins nema hvað mánaðarkaup er lægra í okkar samningum kr. 175,00 pr. mán. en kr. 300,00 í samningum F.F.S.Í. Hluttur stýrimanns 1 1/4, en 1 1/3 í F.F.S.Í.-samningunum.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór fram hvort segja skyldi upp samningum eða ekki.

Já sögðu 23 atkvæði.

Nei sögðu 0 atkvæði.

2 seðlar auðir.

Formaður kvað þá næst að koma sér niður á hvort menn vildu kjósa nefnd og reyna að ná nýjum samningum eða taka upp samninga F.F.S.Í.

Samþykkt einróma að taka upp F.F.S.Í.-samningana.

5. Formaður minntist á nýfstaðið þing F.F.S.Í. og misskilning stjórnarinnar sem olli því að við áttum ekki fulltrúa á þinginu.

Töldu að það ætti að vera seinna en raun var á.

6. Formaður minntist á söfnunina til ekknanna og að hún hefði ekki verið framkvæmd enn. Var ekki hægt vegna ýmissa helgidaga o. fl. að safna í vor áður menn fóru á síld.

Ritari las bréf, sem stjórninni hafði borist frá söfnunarnefnd, þar sem hún sagði af sér starfi og jafnframt störfum í úthlutun í styrktarsjóðnum.

Formaður taldi að nefndarmenn gætu ekki sagt af sér störfum í styrktarsjóði fyrr en á aðalfundi. Lagði til að þeim peningum, sem eftir væru, samkvæmt greinargerð kr. 1200,00, yrði skipt milli ekknanna og fært fyrir jól.

Alls höfðu safnast kr 6200,00.

Úthlutun til ekkju Bernótusar Þorkelssonar Kr. 2.500,00

Úthlutun til ekkju Halldórs Ágústssonar Kr. 2.500,00

Eftirstöðvar kr. 1.200,00.

Eiríkur Jónsson kvað þetta leiðindi frá upphafi og að á sínum tíma hefðu þeir verið stoppaðir af er fjársöfnun hafði verið komin mjög vel af stað.

Gísli Eyjólfsson lagði til að reynt yrði að nýju og taldi vart hægt fyrir félagið að láta söfnunina niður falla.

Sigfús Guðmundsson o. fl. tóku í sama streng. Eiríkur Jónsson upplýsti að söfnunarlistar væru tilbúnir.

Í söfnunarnefnd voru tilnefndir:

Sigfús Guðmundsson

Haukur Jóhannsson Þórarinn Torfason

Samþykktir einróma.

Tilhögun skal vera sú sama og áður var ákveðið og skal byrja um næstu helgi.

7. Óskar Ólafsson minntist á bógankur báta og þær skemmdir er þau yllu oft og tíðum og sagði að nú væri tíðkað í Keflavík að taka þau inn.

8. Kristinn Pálsson minntist á róðratíma og kvað hann vera of seint þar sem sóknin væri alltaf að lengjast.

Taldi austurtímamann of seinan því oft kæmi fyrir að menn væru að leggja síðustu stampana í björtu. Þá sagði Kristinn að vantaði tíma fyrir báta, sem róa austur á hraun, væri of seint fyrir þá að róa á seinni tímanum, bæði væri leiðin löng og eins allt upptekið af Grindvíkingum o. fl. er vestur væri komið.

Júlíus Sigurðsson tók í sama streng og taldi að ef sett væri ljósbauja á austurenda, gætu þeir, sem á eftir kæmu áttað sig betur á lögnum fyrri bátanna.

Fleiri tóku til máls en formaður lagði til að fresta málinu til næsta fundar, að hálfum mánuði liðnum.

9. Eiríkur Jónsson bar fram ósk hafnarvarðar um að mega sitja næsta fund.

Töldu fundarmenn mjög æskilegt að fá hafnarvörðinn á fund.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 18:30.

27 félagar sátu fundinn.

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

107. fundur var haldinn
í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 10. nóvember 1957 og hófst kl. 15:15 í Alpýðuhúsinu.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Sótt um inntöku
Sigurðar Elfássonar, Varmadal.

Samþykkt einróma.

3. Formaður, Sigurgeir Ólafsson, sagði frá því bréfi sem borist hefur með fréttum af nýafstöðnu F.F.S.Í.-þingi. Sagði helsta úrdrátt úr bréfinu en kvað betra að geyma það betri tíma vegna anna.
4. Formaður bað Sigfús Guðmundsson skýra frá störfum söfnunarnefndar og þakkaði mönnum góða aðstoð.
Sigfús sagði að listarnir hefðu mætt mjög miklum velvilja og skilningi.
Sigfús sagði að söfnuninni væri ekki alveg lokið, mundi ljúka eftir helgi en kvað söfnunina nema mjög nærri 40 þús. kr., að meðtöldum 1200,00 kr., sem fyrri söfnunarnefnd skilaði af sér.
Formaður þakkaði söfnunarnefndinni gott starf og bað menn láta álit sitt í ljós á því hvernig best væri að afhenda féð.
Eyjólfur Gíslason lagði til að láta féð á bankabók er visst væri tekið úr á ári. Kvað það hafa verið gert er safnað var vegna sjóslysanna, er Njörður og Freyr fórust, árið 1944.
Sighvatur Bjarnason tók í sama streng og kvað liggja mikið öryggi í því.
Formaður lagði til að fjársöfnunarnefnd yrði falið að ráðstafa fénu.
Tillaga kom fram um að fela stjórn og söfnunarnefnd að leysa málið og að féð yrði tekið út á 4 árum eða kr. 6000,00 (sex þús. kr.) á ári.
5. Ritari las bréf frá bæjarstjórn gagnvart landhelgisveiðum og friðun hrauna.
Sighvatur Bjarnason benti á að í okkar tillögum í þessu máli hefði Selvogsbankahraunið aðeins verið gegn þorskanetaveiðum en í tillögum bæjarstjórnar er lagt til að það verði friðað gegn öllum veiðum. Tillögur þessar, sem bæjarráð sendir hæstvirkri ríkisstjórn Íslands og Fiskifélagi Íslands eru að öðru efni samhljóða tillögum Verðandi gerðum á 104. fundi félagsins 3/2 1957. Samþykkt var að vísa til fyrri tillagna félagsins í þessum málum.
6. Formaður minntist á veðurathugunarmálið og að hann hefði snúið sér til viðkomandi aðila þessu viðvirkjandi en ekki hefði verið fylgt eftir en nú hefði Guðmundur Jónsson lofað að rekast í þessu máli fyrir okkur. Formaður las einnig afrit af bréfi frá félaginu þessu viðvirkjandi.
7. Formaður las afrit af bréfi til Útvegsbændafélags Vestmannaeyja um uppsögn samninga.
8. Formaður minntist á hvort ekki væri rétt að félagið reyndi að fá hingað fiskifræðing.
Tillaga kom fram frá stjórninni þess efnis að skrifa bréf til Atvinnudeildar Háskólans um að fá fiskifræðing til skrafs og ráðagerða.
Samþykkt einróma.
9. Formaður minntist á róðratímann og hvað menn hefðu til málanna að leggja.
Taldi gott, eins og fram kom á síðasta fundi, að hafa ljósbauju á fyrri enda og losna þannig við báta sem keyra með ljósum, án þess þó að vera að leggja.
Spurði einnig hvað menn hefðu um það að segja að leggja af stað frá Portlandi eins og fram kom á síðasta fundi.
Nokkrar umræður urðu um málið.
Kristinn Pálsson taldi að vaktmaður loftskýrastöðvarinnar mundi geta gefið merki gegnum stöðina um leið og það væri gefið hér heima. Taldi að með þessu gæfist gangminni bátunum tækifæri til að sækja austur og mundi þannig létta á þvarginu á heimamiðunum og auk þess losnuðu menn við þriggja tíma ofkeyrslu á vélunum.
Ólafur Sigurðsson taldi að hægt mundi að fá vaktmenn á Reynisfjalli til að gefa merkið.
Fleiri tóku til máls og töldu sumir, t.d. Sighvatur Bjarnason o. fl. ræðumenn, að þetta gæti orðið erfitt í framkvæmd.
Kosin var nefnd til að athuga og gera tillögu í málinu.
Hana skipa:

Kristinn Pálsson
Júlíus Sigurðsson Ólafur Sigurðsson
Stefán Stefánsson Elías Sveinsson
Samþykkt einróma.

10. Formaður skýrði frá símtali er hann átti við skipaskoðunarmanninn um **bógankur** báta og fram kom á síðasta fundi.

Taldi skoðunarmaður óheimilt að taka inn ankrin og taldi í því sambandi þörf á að áminna menn um að ganga betur frá legufærum.

Óskar Ólafsson taldi þetta skrýtið úr því að leyft væri í næstu verstöð.

Nokkrar frekari umræður urðu um málið og töluðu auk Óskars, Ólafur Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason.

11. Pálmi Sigurðsson upplýsti að miði á árshátíðina yrði um 100 kr. Taldi að ekki mundi hægt að láta nema tvo til þrjá miða á mann. Ræddi einnig lítillaga um heiðursfélaga og boð þeirra.

Eiríkur Jónsson lagði til að lög um heiðursfélaga yrðu endurskoðuð og ritari reyndi að leita uppi samþykkt og þá sem kosnir hafa verið heiðursfélagar í eldri fundargerðabókum félagsins.

Eyjólfur Gíslason tók í sama streng.

12. Elías Gunnlaugsson vildi fá það á hreint hvort róa skyldi á sunnudögum eða ekki eftir að loðna er komin, n. k. vertíð svo sama ringulreiðin og í fyrra endurtæki sig ekki.

Menn lögðu misjafnan skilning í tillögur og afgreiðslu þeirra mála er fram fóru á 103. fundi félagsins, 20. janúar 1957.

Urðu allmiklar umræður og lesið var úr fundargerðinni allt er fram fór á þeim fundi þessu máli viðkomandi.

Tillaga kom fram um, að kjósa nefnd í málið er ræða skuli við hin félögin.

(Athugasemd ritara: Tillagan er í bréfasafni, í C.)

Tilnefndir voru:

Júlíus Sigurðsson
Kristinn Pálsson Sigurður Ögmundsson
Samþykkt einróma.

Stjórninni falið að skrifa bréf til félaganna og óska nefnda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

**108. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
fimmtudaginn 12. desember 1957 og hófst kl. 21:20 í Alþýðuhúsinu.**

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Sótt var um inntöku fyrir
Friðrik Ásmundsson, Vestmannabraut 49
og Jón Valgarð Guðjónsson, Heiðarvegi 25

Samþykktir einróma.

3. Formaður las upp eftirfarandi bréf, dagsett 12/12 1957.

"Vegna brottflutnings frá Vestmannaeyjum, sendi ég hér með úrsögn mína úr félaginu.

Um leið sendi ég félaginu og félagsmönnum þess mínar bestu þakkir fyrir samstarfið, bæði á sjó og landi, með ósk um framtíðarheill.

Guðmundur Vigfússon
Helgafellsbraut 15
Vestmannaeyjum."

Formaður skýrði frá því að Guðmundur hefði, um leið og hann afhenti úrsögn sína, gefið kr. 1500,00 til styrktarsjóðsins.

Formaður þakkaði Guðmundi gjöfina og allt starf í félaginu á liðnum árum og óskaði honum heilla á komandi árum.

4. Lesin afrit af bréfum til Sjómannafélagsins Jötuns og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, til F.F.S.Í. vegna veðurathugana, og annað, ósk um komu fiskifræðings, öll dagsett 18. nóvember 1957.

Lesið bréf frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja dagsett 14. nóvember og svar Verðandi dagsett 18. nóvember

Til bæjarstjórnar Vestmannaeyja, dagsett 19. nóvember og símskeyti til F.F.S.Í. dagsett 8. desember 1957, sem stjórnin sendi s.l. sunnudag þar sem ekki var hægt að ná saman fundi.

5. Formaður skýrði svo frá að F.F.S.Í. hefði sagt upp samningum og óskaði eftir tillögu frá okkur. Helstu breytingar, sem fram hafa verið bornar, eru: 1 1/2 hlutur til stýrimanna, aldrætti fyrir skipstjóra á færabát, 85 % til stýrimanns, af eigin veiði. Leggi til veiðarfæri og borgi fæði sitt. Líf- og örorkutrygging fyrir alla yfirmenn á fiskibátaflotanum kr. 200.000,00.

Hlutatrygging verði kr. 3.217,25. Skiptar skoðanir um þetta atriði. Hafþór, Akranesi vill tvöfalda tryggingu en F.F.S.Í. mótfallið.

Frumvörp að lögum um að 1/2 tekjum sjómanna verði undanþeginn skatti, og 1/2 tekjum undanþeginn útsvarsálagningu.

6. Formaður skýrði frá því að söfnuninni væri lokið og söfnuðust alls kr. 42.755,00 og var féð lagt á banka en hvor ekkja getur tekið út kr. 5.500,00 á ári og vexti á fjórða og síðasta. Skilaði miklu þakklæti ekkanna til félagsins.

7. Júlíus Sigurðsson skýrði frá störfum nefndarinnar sem fjallar um sunnudagaróðra með línu, beitta loðnu. Er nefndir komu saman, mættu 8 menn, er komu sér saman um að semja upp samþykkt þar sem orðalag er ekki eins í öllum félögunum og láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um plaggið og skal rugla saman miðum, áður talið er, ef atkvæðagreiðsla félaganna fer ekki fram á sama stað og skal meirihluti atkvæða ráða.

Borið undir fundinn hvort þessi háttur skuli á hafður.

Samþykkt einróma.

Nefndinni falið að vinna að afgreiðslu málsins.

8. Kristinn Pálsson skýrði frá nefndarstörfum í endurskoðun róðrarsamþykktarinnar.

Breytingartillögur nefndarinnar eru á 2. gr. þessar: Frá 1. janúar - 31. janúar, skal róa kl. 3 (báðir dagar meðtaldir) var áður 1. janúar - 15. febrúar. Frá 1. febrúar - 29. febrúar (báðir meðtaldir) kl. 2, áður 15. febrúar - 15. mars. Frá 1. mars - 15. apríl (báðir dagar meðtaldir) kl. 1. Var áður 15. mars - 15. apríl.

Farið skal eftir sólar- eða meðaltíma.

Fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefa merki í gegnum talstöð, á 2308 KHz á sama tíma og hér heima. Bátarnir bíði merkis við Dyrhólaey.

Við 6. gr. bætist, að tölusetja línubelgi þannig að no. 1 sé á fyrri enda og ljósbauja sé höfð á fyrri enda.

Formaður taldi best að geyma afgreiðslu til næsta fundar sem verður aðalfundur.

Kristinn Sigurðsson minntist á keyrslur báta, með fullri ferð, innanhafnar og nauðsyn þess að menn legðu slíkt niður þar sem það geti valdið brotum á bátum sem lægu t.d. við norðurhlið Nausthamarbryggju. Spurði hvort ekki mundi hægt að koma því í fiskveiðisamþykki að menn keyrðu ekki með meira en hálfri ferð innanhafnar.

Fundarmenn töldu samkvæmt hafnarsamþykkt væri full ferð óheimil.

9. Formaður sagði að fiskifræðingurinn gæti komið milli jóla og nýárs en kæmi honum betur að koma eftir áramót og sló formaður því föstu.

Formaður leitaði álits fundarmanna hvort ekki væri rétt að kjósa nefnd til að semja spurningar til að leggja fyrir fiskifræðinginn, Jón Jónsson, væri hægt að taka upp úr fundargerðum, þar sem þessi mál hafa verið rædd, spurningar, og svo það sem gengur helst manna á meðal. En auk þess gætu svo menn spurt á fundinum.

Samþykkt var að kjósa nefnd.

Tilnefndir voru

Helgi Bergvinsson
Einar Guðmundsson, Friðrik Ásmundsson
Samþykkt einróma.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið kl. 22:25.

16 félagar mættir.

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

109. fundur.

Aðalfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi

var haldinn 28. desember 1957 og hófst kl. 16 í Alþýðuhúsinu.

1. Formaður félagsins, Sigurgeir Ólafsson, setti fundinn og minntist nýlátins, fyrrverandi félaga, Eyjólf Gíslasonar frá Görðum og bað fundarmenn rísa úr sætum hinum látna til virðingar.

2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

3. Formaður talaði um starfið á s.l. ári og gat helstu mála sem unnið var að.
3 nýir félagar gengu í félagið, 2 félagar létust, 1 sagði sig úr félaginu vegna brottflutnings.
Félagar alls 117.
6 fundir voru haldnir en einn féll niður sökum fámennis. Formaður skoraði á fundarmenn að hleypa nýju lífi í fundarsókn og sækja vel fundi á komandi ári.
4. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Daníel Willard Fiske Traustason, Kirkjuveg 64.
Samþykkt einróma.
5. Formaður bað gjaldkera lesa ársyfirlit.
Gjaldkeri sagði fjárhaginn bágan og niðurstöðutölur voru að félagið á kr. 3.679,86. Í styrktarsjóði eru kr. 67.149,98.
Úr styrktarsjóði voru veittar kr. 6500,00.
Áheit á sjóðinn voru þrjú. Tvö á kr. 300,00 hvort, voru frá sama aðila og lét hann þess getið um leið að vel hafði gengið eftir í bæði skiptin. Þriðja gjöfin var frá Guðmundi Vigfússyni kr. 1500,00. Alls kr. 2100,00.
Gjaldkeri hvatti menn til áheita á sjóðinn.
Kristinn Pálsson og Sighvatur Bjarnason upplögðu að Sigurður Magnússon, skipstjóri á m/s Víði (SU 175), hefði skilið eftir kr. 500,00 hjá einhverjum manni sem átti að koma þeim til styrktarsjóðsins en samkvæmt reikningum hefðu þær ekki komið til skila. Gjaldkeri sagði að sér hefðu aldrei borist þeir peningar.
Ólafur Sigurðsson kvað það hart að aðeins væri borgað af 12 stýrimönnum til félagsins og yrði að ganga harðar eftir að aðkomumennirnir borgi.
Sighvatur Bjarnarson spurði hvort til væri listi yfir útistandandi skuldir og ræddi nauðsyn þess að fá mann til að ná inn gjöldum á vertíðinni en slíkt væri hægt fyrir mann í starfi.
Gjaldkeri svaraði og sagði aðeins til kvittanir.
Formaður bar reikningana undir atkvæði.
Samþykktir einróma.
6. Stjórnar- og nefndakosning:
Formaður bað menn tilnefna menn í formannssætið.
Tilnefndur var Sigurgeir Ólafsson, uppgefið lófaklapp.
Til vara, Jóhann Pálsson

Gjaldkeri: Karl Guðmundsson
Varagjaldkeri: Haukur Jóhannsson
Kosnir með lófatakti.

Ritari: Gísli Eyjólfsson
Vararitari: Friðþjófur Mátsson
Kosnir með lófatakti.

Stjórn og varamenn því öll endurkjörin.

Endurskoðendur voru endurkosnir
Karl Guðmundsson (Reykholti)
Stefán S. Stefánsson

Sjómannadagsráð. Samkvæmt lögnum áttu tveir menn að ganga úr, þeir Sigurgeir Ólafsson og Ingvar Gíslason en Kristinn Sigurðsson baðst eindregið undan að sitja lengur en hann var endurkosinn á s.l. ári og er búinn að starfa lengi í ráðinu, bæði sem vara- og aðalmaður.

Þessir þrír menn gengu því allir út.

Í þeirra stað hlutu kosningu Haukur Jóhannsson, Sigurður Guðnason og Júlíus Ingibergsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Karl Guðmundsson	
Stefán Stefánsson	Haukur Jóhannsson
Sigurður Guðnason	Júlíus Ingibergsson

Varamenn: Bjarni Sighvatsson, Friðþjófur Músson og Bjarnhéðinn Elíasson.

Björgunaræfinganefnd var endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson
Einar Jóhannesson
Kristinn Pálsson

Fánanefnd. Formaður stakk upp á að gera hana að þriggja manna nefnd. Skal einn vera gæslumaður fánans en 2 fánaberrar.

Samþykkt einróma.

Fánaberrar: Arnóddur Gunnlaugsson
Daníel Traustason

Gæslumaður: Karl Guðmundsson (Reykholti)

Gæslunefnd. Sighvatur Bjarnason baðst undan endurkosningu og var Óskar Ólafsson kosinn í hans sæti. Hinir nefndarmenn allir endurkosnir.

Gæslunefnd og ægisnefnd skipa:

Óskar Ólafsson	
Jón Guðmundsson	Páll Ingibergsson
Júlíus Sigurðsson	Óskar Matthíasson
Sigurgeir Ólafsson	Jóhann Pálsson
Sveinbjörn Hjartarson	Ólafur Sigurðsson

Veifaræranefnd. Úr henni gekk Sigfús Guðmundsson og var Bjarnhéðinn Elíasson kosinn í hans stað.

Nefndina skipa nú: Jón Guðmundsson
Jóhann Pálsson, Bjarnhéðinn Elíasson

Styrkveitinganefnd. Í hana voru kosnir.

Bjarni Jónsson
Ólafur Sigurðsson
Sigfús Guðmundsson

Skemmtinefnd. Í hana hlutu þessir menn kosningu:

Helgi Bergvinsson
Óskar Matthíasson, Sveinbjörn Hjartarson.

7. Formaður minntist á hinn slæma fjárhag félagsins og að einstaka menn söfnuðu skuldum við félagið. Taldi nauðsynlegt að hafa mann við skráningu og koma í veg fyrir að menn væru munstraðir nema að þeir borguðu gjald til félagsins. Taldi heppilegast ef Sigurður Stefánsson fengist því hann væri viðstaddur allar skráningar.

Sighvatur Bjarnason og Ólafur Sigurðsson tóku einnig til máls. Fannst þeim að ekki myndi rétt að hækka ársgjöldin, að svo stöddu svo neinu næmi en ganga hart eftir að rukka ársgjöld og reyna að semja um eldri og svo yrði að afskrifa hitt.

Sighvatur bar upp tillögu um að stjórninni verði falið að finna mann til að rukka ársgjöld.
Samþykkt einróma.

8. Formaður minntist á heiðursfélag og að þörf væri aðgerða og breytinga í því máli. En samkvæmt tillögu, sem samþykkt var á aðalfundi 15. janúar 1950, eru menn heiðursfélagar eftir 60 ára aldur. Nú eru 17 - 21 félagi um og yfir sextugt eða um 6. hver félagi. Formaður kvað einnig að félagið vantaði að láta búa til skjöl þessu aðhlítandi.

Sigurður Stéfánsson taldi að með tillögunni hefði verið ætlast til að menn yrðu gjaldfrír eftir sextugt, eins og tíðkaðist í mörgum félögum, en ekki heiðursfélagar nema félagið kysi menn einstaklega. Taldi orðalag tillögunnar á misskilningi byggt.

Eiríkur Jónsson sagði að meðan menn væru í starfi, ættu þeir að borga sitt ársgjald þó þeir væru komnir yfir sextugt, annað stappaði nærri móðgun.

Samþykkt var að kjósa nefnd í málið.

Kosningu hlutu: Páll Þorbjörnsson
Eyjólfur Gíslason
Ólafur Sigurðsson

9. Formaður minntist á komu fiskifræðingsins í næstu viku, eftir áramót og las upp 17 spurningar, sem nefnd, kosin á síðasta fundi, samdi og leggjast eiga fyrir fiskifræðinginn.

Fundarmenn bættu við 3 spurningum.

Formaður bar upp að öllum sjómönnum og útvegsmönnum yrði boðið á fundinn.

Samþykkt einróma.

10. Formaður bað Kristinn Pálsson endurtaka breytingartillögur nefndarinnar sem kosin var til endurskoðunar á fiskveiðisamþykktinni og sagt var frá á síðasta fundi.

Allmiklar umræður urðu um tillögunar og þótti sumum ræðumönnum tíminn of seint og hefði alltaf þótt og vildu flýta honum um 1 klst.

Ólafur Sigurðsson, einn nefndarmanna, sagði að það hefði verið rætt af nefndinni, en vegna smærri bátanna orðið að synda til beggja.

Sighvatur Bjarnason bar fram breytingartillögu við 2. gr. þannig að tíminn breytist 15. hvers mánaðar, svo sem var en tímanum flýtt um 1 klst. þannig, að frá 15. janúar - 15. febrúar sé tíminn kl. 2 o.s.frv. Portlandstíminn sé 1 klst. seinna en heimatíminn.

Atkvæði með breytingartillögu voru 5, 8 á móti.

Með breytingartillögu nefndarinnar voru 13 atkvæði.

3. tillagan kom fram um að nefndinni sé falið að ákveða ljósatakmark bátanna sem fara inn fyrir Eyði.

Tillaga Kristins Sigurðarsonar að í greininni standi: "Bátar fari um höfnina, út og inn, með hægri ferð."

Samþykkt.

6. gr. að tölusetja línubelgi o. s. frv.

Samþykkt.

11. Formaður sagði frá að í samningi stæði á stýrimannahlutnum 1 1/2 hlutur. Boð landsambandsins er 1 1/4 hlutur.

Ríkisstjórnin telur ekki tímabært að semja síldarsamninga og verða þeir geymdir til vors.

Hlutatrygging fyrir skipstjóra og stýrimenn er 1 1/2 trygging.

Fleira ekki gert.

Formaður óskaði félagsmönnum gleðilegs nýárs og þakkaði samstarfið á líðandi ári og sagði fundi slitið.

31 félagi mættur.

Sigurgeir Ólafsson
(Form.)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

110. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
og hófst í Akóges kl. 20:50 2. janúar 1958.

1. Lesin var fundargerð.
Samþykkt einróma.
2. Formaður skýrði frá að kominn væri samningsgrundvöllur og las upp samningsuppkastið og skýrði jafnframt breytingar frá fyrri samningum F.F.S.Í.
Breytingar á hlut stýrimanns náðu ekki fram að ganga og er $1 \frac{1}{3}$ á landróðrabát.
Grunnkaup tryggingar var áður kr. 1850,00, er nú 2530,00.

Vegna slysa skal útgerðarmaður greiða skipstjóra kaup í 90 daga, stýrimanni í 30 d. Skipstjórar og stýrimenn tryggðir allt að kr. 200.000,00 við dauða eða fulla örorku. Kaup við báta milli úthalda skal vera sama kaup og sveinar í vélsmíði hafa á hverjum tíma. Verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma á allt kaup.

Við gengisbreytingu, uppsagnarfrestur 1 mánuður. Uppsagnarfrestur 1 mánuður.

Framlengist 1 ár í senn.

Formaður sagði að togstreita hefði verið innan nefndarinnar. Akurnesingar vildu tvöfalda trygginguna en Keflvíkingar lögðu lítið upp úr.

Bað menn ræða samninga.

Júlíus Sigurðsson taldi að við værum komnir lengra en í upphafi var til stofnað, þar sem félagið gekk inn á samninga sem voru lakari en þessir og taldi þá okkur full boðlega.

Fleiri tóku ekki til máls og fór fram atkvæðagreiðsla.

<u>Já</u>	sögðu	22
<u>Nei</u>	sagði	1
<u>Auðir</u>		4

Samningar samþykktir.

Formaður sagði að þeir vildu fá mann suður til að skrifa undir, en upplýsti einnig að Akureyringar fælu Guðmundi Jónssyni að skrifa undir fyrir sig og spurði hvort félagar væru því samþykktir að við færum eins að.

Samþykkt einróma að fela Guðmundi Jónssyni að skrifa undir samningana f. h. S.s. Verðandi.

3. Formaður upplýsti að fiskifræðingur komi annan sunnudag.
4. Gjaldkeri sagði að gjöf Sigurðar Magnússonar, skipstjóra á Víði, hefði borist.
5. Formaður ræddi lítilsháttar um hvort ekki væri rétt að hengja upp spjöld t. d. í Verkamannaskýlinu o. fl. stöðum og minna menn á að heita á Styrktarsjóðinn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:30

Sigurgeir Ólafsson
(Formaður)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

111. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

sunnudaginn 21. september 1958 og hófst kl. 13:30 í Alþýðuhúsinu.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Ritari las upp reikningsuppgjör fyrir síðustu árshátíð sem haldin var sameiginlega af Vélstjórafélaginu og Verðandi svo sem verið hefur.
Niðurstöðurnar eru kr. 77.315,00
Hagnaður er kr. 3.331,01

Endurskoðað af Pálma Sigurðssyni (sign)
Sigurði Sigurjónssyni (sign)

3. Formaður ræddi um árhátíð og hvort vera skyldi með Vélstjórafélaginu eða félagið stæði eitt að afmælinu sem verður 20 ára afmæli Verðandi. Formaður sagði að þetta mundi hafa komið til umræðu meðal vélstjóra því árhátíðir félaganna hefðu undanfarið verið svo fjölmennar að lítt væri við ráðandi. Engir ræddu málið en fundarmenn og formaður töldu æskilegra að hafa það svo sem verið hefði, í samfélagi vélstjóra ef tók þættu á að svo gæti verið.

Afmælisnefnd falin athugun og framkvæmd málsins.

Í afmælisnefnd voru tilnefndir og kosnir einróma:

Helgi Bergvinsson
Guðmundur Ingi Guðmundsson
Hilmar Rósmundsson
Garðar Guðjónsson
Friðrik Ásmundsson

Til vara: Þórarinn Torfasson, Þórarinn Eiríksson.

4. Rætt var lítillega hvað hægt væri að gera frekar í veðurlýsingamálinu en þar hafa tilmæli félagsins ekki náð fram að ganga enn þrátt fyrir marg endurtekningu um endurskoðun og umbætur.

Fleira ekki hægt að gera!

Aðeins 10 menn sátu fundinn!

Fundi slitið kl. 13:45.

Sigurgeir Ólafsson
(Form.)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari).

Athugasemd: Þessi fundur var hinn fjórði, sem boðaður er, frá því fundurinn 2. janúar 1958 var haldinn en aldrei verið fundarfært. T.d. var boðað til fundar í Akóges í maí og átti að sýna kvikmynd af fiskveiðum. Ekki var fundarfært en menn bættu sér upp fýluferðina og horfðu á myndina.
G. Eyjólfsson.

112. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst kl. 21:00 í Alþýðuhúsinu miðvikudaginn 26. nóvember 1958.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir
Alexander Helgason Vesturhúsum
Arnar Sigurðsson Strandvegi 1
Ásberg Lárentsínusson Brimhólabraut 31
Gísli Halldór Jónasson Ásavegi 5

Inga Pétursson Heiðavegi 35
Heiðar Marteinsson Vesturvegi 11 A
Kolbein Ólafsson Hásteinsvegi 29
Ragnar Eyjólfsson Laugardal
Samþykkt einróma.

3. Formaður, Sigurgeir Ólafsson, kvaddi sér hljóðs og minntist 20 ára afmælis félagsins sem er á morgun. Rakti formaður í stórum dráttum tildrög að stofnun þess og störf félagsins á liðnum árum. Minntist fyrstu stjórnar félagsins og rakti formannatölu þess. Minntist einnig Runólfs Jóhannssonar, sem var ritari félagsins frá 1940 - 1952 og nokkurra annarra félaga sem jafnan hafa staðið vel að félaginu. Las upp greinargerð er fyrsti formaður félagsins, Árni Þórarinsson hafsögumaður, flutti á aðalfundi, 15. maí 1944, eftir sex ára starf félagsins.

Minntist stofnunar styrktarsjóðsins og fyrsta gefandans, Hannesar Hanssonar.

Minntist að lokum á það slen sem hafði ríkt í félaginu að á þessu starfsári hefðu verið boðaðir fjórir fundir í röð sem ekki hefði verið hægt að halda sökum ónógrar þátttöku og kvað það furðulegt er huga væri rennt yfir farinn veg allra þeirra stórmála, er félagið hefir látið frá sér fara.

Að síðustu sagði formaður: "Að lokum vil ég, fyrir hönd félagsins þakka öllum þeim mörgu mönnum sem lagt hafa félaginu lið á þeim tuttugu árum sem það hefir starfað. Og mín persónulega ósk félaginu til handa er að það megi á ókomnum árum eflast og blómgast og vera hlutverki sínu trútt."

4. Formaður bar upp skriflega tillögu svo hljóðandi:

"Í tilefni 20 ára afmælis S.s. Verðandi, samþykkir félagið að kjósa eftirtalda tvo menn:
þá Árna Þórarinsson
og Hannes Hansson heiðursfélaga, fyrir vel unnin störf.
Sigurgeir Ólafsson (form.)
Karl Guðmundsson, Gísli Eyjólfsson.
Samþykkt einróma.

5. Formaður minntist á afmælið og hvort menn væru því ekki samþykkir að þangað yrði boðið, auk heiðursmeðlimanna, Jónasi Sigurðssyni frá Skuld en sleppa að bjóða ekkjum, að þessu sinni, því félagið hefði varla bolmagn til þess.

6. Lesið bréf "Fréttir um fiskframleiðslumál".

Var það úrdráttur úr fundargerð fundar sem fiskvinnsluleiðbeinandi hélt á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins í Vestmannaeyjum. Umræðuefni fundarins voru vöruvöndun, fiskveiðar og fiskvinnsla.

7. Lesið uppkast að bréfi til Veðurstofu Íslands út af veðurathugunarmálinu.

8. Formaður spurði hvort menn hefðu nokkrar breytingar í huga á róðrarsamþykktinni.

Sighvatur Bjarnason kvað sér finnast úrelt að mega róa til kl. 12 á hádegi. Það gæti enginn nú, vegna línulengdar o. fl. róíð eftir kl. 7 - 8 en í fyrra hefði einn bátur notað þetta ákvæði til ferðar austur í Bugtir og lét úr höfn rétt fyrir hádegi.

Tillaga:

Sú breyting verði gerð á róðrasamþykkt að ekki sé heimilt að róa eftir kl. 8:00 að morgni, í stað kl. 12:00.

Samþykkt. Einn á móti.

9. Formaður minntist á að lagabreytingar þyrfti að ræða á tveim fundum fyrir aðalfund. Ræddi formaður um nauðsyn þess að stofnað verði fulltrúaráð innan félagsins þar sem oft væri undir hælinn

lagt að ná saman fundi þó áriðandi mál bæri að. Sagði þetta oft hafa verið rætt áður en aldrei náð fram að ganga og lagði fram skriflega tillögu.

"Ég, undirritaður, geri það að tillögu minni að stofnað verði fulltrúaráð, innan Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi og verði það skipað 15 mönnum, auk stjórnar, kosnum á aðalfundi ár hvert.

Sigurgeir Ólafsson (sign.)

Sighvatur Bjarnason sagði að í sambandi við lélega fundarsókn vildi hann gera það að tillögu sinni að höfð yrði sérstök bók sem menn yrðu skráðir í er þeir mættu á fundi. Sagðist vita til að þetta væri gert í félögum.

Ólafur Sigurðsson bætti við að sérstakur maður væri kosinn ritari.

Samþykkt einróma.

10. Formaður minntist á landhelgismál og að þau yrðu rædd og skýrð nánar á næst fundi. Sagði frá því að dómsmálaráðuneytinu hefði verið sent skeyti fyrir félagsins hönd.

11. Ýmislegt. Ólafur Sigurðsson minntist á nefndina sem vinna skyldi að friðun vissra svæða og nauðsyn þess að halda því til streitu þó ekki fengi það framgang þegar.

Einar Guðmundsson sagði það hafa komið til umræðu á fundi er hann sat s. l. sumar en tillögur þannig að ekki hefði verið vegur að ganga að þeim. Vildu þá friða allt, frá Selvogsbanka til Eyja.

Eyjólfur Gíslason minntist á netafæri (Aths. Eyjólfur talaði um netjafæri.) og að menn hefðu þau mislöng, sumir 80 en aðrir 90 faðma eða jafnvel enn breytilegra.

Taldi minni hættu á að net lentu saman ef menn hefðu sömu færalengd og hyggilegra að hafa yfirvarp nóg, t. d. þar sem straums gætti. Sagði það hafa verið gamla hefð að hafa færin 90 faðma.

Í sambandi við friðun sagði Eyjólfur að allir gætu misst Kargann í friðun en til þess yrðu allir að vera samtaka og sýna þegnaskap. Karginn væri vont hraun en þar hefði eitt sinn verið ógrynni fiskjar.

Formaður sagði lítilega frá ýmsu en hann hafði gluggað í gömlum bréfum og fundarbókum félagsins og færi ekki að verða úr vegi að lofa mönnum að heyra smá pósta, til gamans, hvað efst var á baugi, fyrir 15 - 20 árum.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið kl. 22.

23 félagar sátu fundinn, auk hinna 8, nýju

félagsmanna.

Sigurgeir Ólafsson
(Form.)

Gísli Eyjólfsson
(Ritari)

113. fundur.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi

hélt fund í Alþýðuhúsinu kl. 20:30 þriðjudaginn 30. desember 1958.

1. Formaður, Sigurgeir Ólafsson, setti fundinn og óskaði mönnum gleðilegra jóla og bar upp inntökubeiðni fyrir

Grétar Skaftason Vallargötu 4
Magnús Stéfánsson Krikjuvegi 49

Samþykkt einróma.

2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.

Fundarmenn gerðu athugasemd við 11. lið, þar sem segir frá ræðu Eyjólfis Gíslasonar. Ræðumaður talaði um netafæri en ekki línufæri eins og ritað var. Ritari lofaði að lagfæra þetta. Fundargerðin samþykkt rétt að öðru leyti.

3. Formaður minntist á tillögu sína frá síðasta fundi um fulltrúaráð og hefði hann við nánari íhugun talið 15 menn of mikið. Bað menn hugsa málið sem yrði rétt síðar á fundinum.

4. Lesið var bréf frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja dags. 17. desember 1958. Aðalefni bréfsins var tillaga sem fram hafði komið í félaginu og samþykkt að afstöðnum nokkurum umræðum að vísa henni til S.s. Verðandi til umræðna.

Tillagan er svohljóðandi:

"Fundur í Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, haldinn 21. nóvember 1958, skorar á stjórn L.Í.Ú. og fiskileitarnefnd að hlutast til um að fiskileitarskip verði staðsett við suðurströnd landsins, flotanum til leiðbeiningar um fiskigöngu á komandi vertíð."

Síðar segir í bréfinu: "Til frekari skýringar skal þess getið að á fundi sem sjávarútvegsráðgjafi, Lúðvík Jósefsson, átti með útvegs mönnum 29. október s. l., gat hann þess, að á komandi vertíð mundi verða haft fiskileitarskip hér við suðurströndina flotanum til aðstoðar og leiðbeiningar ef þess væri óskað."

Sömu leiðis gat hann þess að möguleikar væru á því að einn maður frá Vestmannaeyjum sæti í hinni nýskipuðu fiskileitarnefnd en í henni sitja nú þrjú menn.

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja væntir álits Verðandi á þessu máli.

Engar umræður urðu um bréfið. Formaður taldi rétt að skrifa útvegsbændum og fá frekari upplýsingar

5. Formaður las bréf frá Páli Þorbjörnssyni, skipstjóra, þar sem hann bendir á nauðsyn þess að bátar hagi sér algjörlega í samræmi við alþjóðleg fyrirmæli um ljósa- og merkjaútbúnað þar sem viðbúið sé að til áreiktra geti komið á næstu vertíð, milli fiskibáta héðan og breskra togara en réttur bátanna byggist algjörlega á að ljósa- og merkjagjöf sé í lagi. Bendir Páll á að aðallega muni þurfa að athuga að bátar geti gefið merki þau og ljós sem krafist er í c og d liðum 9 gr. siglingarlaganna.

Formaður taldi að best mundi að skora á skipaefirlitsmanninn að veita ljósa og merkjatækjum nána athygli.

Páll Þorbjörnsson sagði engan vafa á að í vetur yrðu harðari átök en verið hefði undanfarið. Sagði að hægara mundi að ná rétti sínum ef öllum reglum væri ítarlega fylgt og taldi að þessi útbúnaður kostaði vart meira en 5-600 kr.

Þessar bendingar hefðu lítið verið við hafðar og væri víðar pottur brotinn en sumstaðar, t.d. við ?? væri þetta mjög strangt.

Daníel Traustason taldi þetta nauðsynlegt og bátunum sjálfum til þæginda.

Júlíus Sigurðsson tók í sama streng og taldi eðlilegast að fá skoðunarmann til að gangast í það enda heyrði undir hann þó ekki hefði verið framfylgt.

Formaður tók í sama streng og taldi rétt, að skora á bátaeigendur, með auglýsingu, að hafa þessi ljós í lagi, og skrifa skipaefirlitsmanninum.

Var þetta samþykkt.

6. Formaður minntist á landhelgismál og fund er Einar Guðmundsson sat s.l. sumar og tillögu sem Eyjaskipstjórar á síldveiðum fyrir Norðurlandi sendu. Mikil óeining ríkti í fyrstu á fundinum en settlaðist og var að mestu farið eftir tillögu Eyjaskipstjóra.

Fáum við 4 mílur af nýja beltinu við Selvogsbankahraunið en togarar 4 mílur. Hér heima fá bátarnir allt nýja beltið.

Formaður sýndi mönnum svæði bátanna, útsett í korti, og taldi þetta vel sloppið.

Skýrði einnig frá því að er farið var fram á við Pétur Sigurðsson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, að gæslan baujaði hornin, hefði hann neitað en hins vegar gætum við búið

baujur og þá mundu varðskipin staðsetja þær. Formaður sagði að við yrðum að bauja svæðin hvernig sem til tækist.

Júlíus Sigurðssyni fannst málið heyra undir ægisnefnd. Taldi að rétt mundi að verja svæðið ef ekki yrði baujað.

Júlíus taldi rétt að athuga hvort Gæslan hefði skip til að standa við gamla samninga frá því er Þór var seldur.

Taldi Ársæl Sveinsson geta veitt upplýsingar.

Formaður taldi að hér yrði skip, svo sem verið hefur, en þar sem mestu átökin yrðu á þessu svæði, taldi hann það ekki nóg og mundi ekki veita af tveim.

Bar formaður upp munnlega tillögu: "Að skrifa Gæslunni og skora á hana að bæta við einu skipi á netjvertíðinni."

Samþykkt einróma

7. Júlíus Sigurðsson minntist á talstöðvar og æskilegt væri að menn gerðu meira af því að hlusta á nóttinni og **stímum** en verið hefur.

Formaður tók í sama streng og sagði þetta hafa verið tíðkað nokkuð s. l. vertíð.

Minntist í þessu sambandi á gamalt bréf, er félaginu barst á sínum tíma frá páverandi loftskýtamanni m/s Ægis, þar sem hann lagði til að bátur héðan missti talstöð sína fyrir að láta ekki í sér heyra er ofviðri brast á. Formaður áminnti menn að fylgja ósk Björgunarfélagsins og láta heyra í sér ef þeir eru ekki komnir kl. 7 að kveldi.

Júlíus Sigurðsson taldi að aftan við þessa ósk Björgunarfélagsins mætti bæta að hlusta betur að nóttu og á stímum. Mundi þetta, auk öryggis, mikil þægindi að bátar, sem væru á eftir öðrum, gætu kallað á þá fyrri og fengið að vita hvort þeir væru byrjaðir að leggja o.s. frv.

Daníel Traustason ræddi talstöðvauppkall og formaður, Sigurgeir Ólafsson, talaði um tímamerkið gefið gegnum talstöð og þótti of langur aðdragandi að því.

8. Júlíus Sigurðsson minntist á stoppmerkið fyrir innan Eiði og að í fyrravetur hefði græna ljósið horfið í það gula. Þyrfti það betri staðsetningu en var í fyrra og taldi betra að hafa stoppljósamerkið hærra í bænum.

Kristinn Pálsson taldi heppilegast að hafa tvö gul ljós, það græna vildi ruglast við ?? bátanna.

9. Lesið var afrit af símskeyti til Árna Þórarinssonar og svarbréf hans.

Afrit af skeyti til Hannesar Hanssonar og skeyti er Stefáni Guðlaugssyni í Gerði var sent á sjötugsafmæli hans 6. þ.m.

10. Formaður minntist á Veðurstofumálið og sagði ekkert komið. Hefði hann því beðið Guðmund Jónsson, er hann átti símtal við Guðmund, að athuga þetta mál enn einu sinni fyrir okkur.

11. Formaður las upp svohljóðandi breytingartillögu um meðlimafjölda fulltrúaráðs.

"Geri það að tillögu minni að meðlimir fulltrúaráðs verði 6 í stað 15, auk stjórnar.

Gísli Eyjólfsson."

Formaður sagðist telja stofnun fulltrúaráðs nauðsynlega og benti á að ekkert hefði verið hægt að gera í landhelgismálinu í sumar, hann einn heima af stjórnarmönnum og ekki hægt að ná saman fundi.

Júlíus Sigurðsson leit svo á að nóg væri 3 menn, stjórn og varastjórn.

Páll Þorbjörnsson sagðist geta felld sig við að það væri ráðgefandi en hefði ekki vald fyrr en boðaður hafði verið fundur sem ekki hefði náðst saman.

Gísli Eyjólfsson sagðist telja stofnun fulltrúaráðs brýna nauðsyn þar sem mál, er enga bið þyldu, gætu borist félaginu. Ef ekki næðist saman fundur, yrði stjórnin að reyna að leysa málið á eigin spýtur og minntist í því sambandi á að á s. l. hausti er F.F.S.Í. samningar stóðu yfir, varð stjórnin að afgreiða mál, er enga bið þoldi, þar sem ekki náðist saman fundur. Kvaðst ekkert hrifinn af að eiga 1/3 part í þannig aðgerðum og fá svo kannski skömm í hattinn fyrir.

Minntist einnig ummæla formanns um landhelgismálið í sumar og sagði það sína meiningu að ráðið skipuðu menn sem væru heima allt árið og gætu að sumri til, er félagið er lítt starfhæft, afgreitt mál.

Formaður tók í sama streng. Lagði til að kosin yrði nefnd til að athuga málið fyrir aðalfund. Breytingartillagan borin undir atkvæði.

Samþykkt.

Samþykkt var að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga málið. Kosningu hlutu:

Júlíus Sigurðsson

Kristinn Pálsson

Páll Þorbjörnsson

12. Formaður bað Kristin Pálsson, sem komið hafði inn á fundinn, að greina betur frá fiskileitarskipinu og málum þeim sem minnst er á hér að framan, í lið 4.

Kristinn sagði að nú sætu 3 menn í fiskileitarnefnd og Lúðvík Jósefsson hefði talið, á fundi, að vel mundi fara á því að einn væri héðan. Sagði suma menn sjá vankanta á veru fiskileitarskips hér en hann sæi ekki annað en það mundi verða til bóta.

Formaður bað menn hugleiða málið til næsta fundar sem yrði aðalfundur.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 22:30

28 félagar mættir.

Sigurgeir Ólafsson

Gísli Eyjólfsson (Ritari)

114. fundur.

Aðalfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins

Verðandi

var haldinn sunnudaginn 11. janúar 1959 og hófst kl. 13:00 í

Alþýðuhúsinu.

1. Formaður, Sigurgeir Ólafsson, setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir

Ríkhart Sighvatsson

Hásteinsvegi 58.

Samþykkt einróma.

Formaður gat þess að þetta væri 11. maður, sem sækir um inngöngu í félagið, frá síðasta aðalfundi.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður bað gjaldkera, Karl Guðmundsson, lesa reikninga s. l. árs.
Niðurstöðutölur félagsins voru Kr. 20.892,27
Innistæða í bók no. 12385 var Kr. 4.632,14
Innistæða í bók no. 2551 var Kr. 416,24

Reikningar styrktarsjóðsins

Niðurstöðutölur voru	Kr. 74.347,19
Gjafir og áheiti námu	Kr. 2.561,70
Veitt var úr styrktarsjóði	Kr. 7.500,00

Formaður bar reikningana undir atkvæði og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

4. Formaður bað menn tilnefna menn í formannssætið og tilkynnti jafnframt að hann gæfi ekki kost á sér til kjörs.

Tilnefndir voru: Kristinn Pálsson
Friðrik Ásmundsson
Sigfús Guðmundsson
Jóhann Pálsson

Formaður var kjörinn.

	Kristinn Pálsson	fékk 13 atkvæði
Varaformaður	Friðrik Ásmundsson	fékk 11 atkvæði
	Sigfús Guðmundsson	fékk 2 atkvæði
	Jóhann Pálsson	fékk 8 atkvæði

1 seðill auður. 2 óg. (Sigurgeir Ólafsson)

Gjaldkerar. Fundarmenn gáfu þeim sömu lófaklapp en Karl baðst eindregið undan. Þar sem fundarmenn vildu ekki tilnefna aðra til gjaldkera, var gerð stöðuvíxl.

Gjaldkeri Haukur Jóhannsson
Varagjaldkeri Karl Guðmundsson
Kosnir með lófataki.

Ritarar voru endurkosnir, með lófataki.

Ritari Gísli Eyjólfsson
Vararitari Friðþjófur Másson

Fráfarandi formaður, Sigurgeir Ólafsson, þakkar stjórnarmeðlimum sínum samstarfið og óskaði hinum nýkjörna form. og félaginu gengis og eflingar.

Kristinn Pálsson gekk nú í formannssæti við lófatak fundarmanna. Kristinn þakkaði það traust er félagsmenn sýndu sér og kvaðst mundi gera sitt besta til eflingar og framgangs félagsins. Þakkaði fráfarandi formanni vel unnin störf.

Var nú gengið að nefndakosningu.

Endurskoðendur voru endurkosnir

Karl Guðmundsson (Reykholti)
Stefán S. Stefánsson

Sjómannadagsráð. Samkvæmt lögum gengu út Karl Guðmundsson og Stefán S. Stefánsson. Í þeirra stað voru kosnir Bjarni Sighvatsson og Friðþjófur Másson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Haukur Jóhannsson	
Sigurður Guðnason	Júlíus Ingibergsson
Bjarni Sighvatsson	Friðþjófur Másson

Til vara: Bjarnhéðinn Elíasson, Grétar Skaftason og Guðmar Tómasson.

Biörgunaræfinganevnd var endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson
Einar Jóhannesson
Kristinn Pálsson

Fánaberar voru endurkosnir

Arnoddur Gunnlaugsson
Daníel Traustason

Gæslumaður fánans endurkosinn

Karl Guðmundsson (Reykholti)

Gæslunefnd og ægisnefnd var endurkosin

Hana skipa: Óskar Ólafsson
Jón Guðmundsson Páll Ingibergsson
Júlíus Sigurðsson Óskar Matthíasson
Sigurgeir Ólafsson Jóhann Pálsson
Sveinbjörn Hjartason Ólafur Sigurðsson

Veiðarfæranefnd var endurkosin

Nefndina skipa: Jón Guðmundsson
Jóhann Pálsson Bjarnhéðinn Elíasson

Skemmtinefnd.

Í hana voru kosnir:

Jón Valgarð Guðjónsson
Friðrik Ásmundsson
Guðmundur Ingi Guðmundsson

Formaður las tillögur um starfsreglur fulltrúaráðs, sem nefnd, kosin á síðasta fundi, lagði fram. Júlíus Sigurðsson, formaður nefndarinnar, fylgdi tillögunum úr hlaði. Sagði vont að stjórnin hefði ekki ráðgjafa til hagræðis fyrir félagið. Taldi ástæðulaust að óttast að ráðið stýrði fundarsókn eða félagsanda því með nefndarálitsreglunum væri vald þess mjög takmarkað.

Fleiri tóku ekki til máls.

Formaður bar undir atkvæði, hvort stofna skuli fulltrúaráð.
Samþykkt einróma.

Formaður las tillögur nefndarinnar, svohljóðandi.

Á aðalfundi skal kjósa 6 menn í fulltrúaráð og 6 til vara.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

1. Að vera stjórninni til aðstoðar við lausn mála þegar þess er óskað.
2. Að taka ákvörðun, ásamt stjórninni, um afgreiðslu aðkallandi mála ef ekki næst lögmætur félagsfundur og málsins hefur verið getið í fundarboði.
Minnst 2/3 af stjórn og fulltrúaráði þurfa að vera sammála svo ákvörðunin verði bindandi.
3. Að taka ákvörðun um afgreiðslu mála sem ekki er kostur á að leggja fyrir fund. Við slíka afgreiðslu verða 7 af 9 atkvæðum að vera sammála.
4. Að krefjast félagsfundar af stjórninni, þegar fulltrúaráðsmönnum sýnist ástæða til. Ber stjórninni að kalla saman félagsfund ef 4 fulltrúaráðsmenn krefjast þess.

Þar sem engar breytingartillögur komu fram, bar formaður tillögur nefndarinnar undir atkvæði.

Samþykkt einróma.

Fulltrúaráð.

Tilnefndir voru:

Kristinn Sigurðsson	Jón Guðmundsson
Eyjólfur Gíslason	Sigurgeir Ólafsson
Páll Þorbjörnsson	Þorgeir Jónsson

Samþykkt einróma.

Til vara:

Sighvatur Bjarnason	Guðjón Ólafsson
Elías Sveinsson	Sigfús Guðmundsson
Þorsteinn Gíslason	Sigurður Ögmundsson

Samþykkt einróma.

5. Formaður bað Eyjólf Gíslason skýra frá hvað gerst hefði í heiðurskjalanevnd. Eyjólfur sagði nefndina hafa loforð Karls Jónssonar um að skrautskrifa skjölin en sagðist álíta að ekki passaði það sama fyrir alla. Sagði að tillagan, sem gerð var (á aðalfundi 15. janúar 1950), hefði ekki verið hugsuð langt fram í tímann og lagði til að þeir einir væru heiðursfélagar sem kosnir væru á fundi.

Sighvatur Bjarnason taldi misskilning í till. Meiningin hefði verið að þeir yrðu gjaldfrír.

Júlíus Sigurðsson tók í sama streng. Sagðist vel geta felld sig við að þeir, sem hættir væru sjósókn en vildu vera í félaginu væru gjaldfrír eftir 60 ára aldur.

Páll Þorbjörnsson taldi þetta dálítið eðlileg mistök því það væri enn furðu ríkt í mönnum að fæstir sjómenn yrðu sextugir en nú orðið mjög algengt, sem betur færi. Páll hvatti til að spara útnefningu heiðursfélaga því þeim mun meira væri í það varið sem færri hefðu. Var sammála Eyjólfvi um að ekki væri rétt að hafa öll heiðurskjölin samhljóða.

Páll lagði fram skriflega tillögu.

„Félagsfundur getur kosið heiðursmeðlimi úr hópi félagsmanna, en ávallt skal það samþykkt á fundi hverju sinni.“

Borið undir atkvæði. Samþykkt einróma.

Formaður taldi að hægt væri að hafa ákveðinn haus á skjölunum en auða dálka til að skrifa í. Raddir komu um að hafa félagsfánann á haus skjalanna eða felldan inn í.

Formaður fól nefndinni framkvæmd í málinu. Eyjólfur vildi hafa stjórnina með í ráðum.

6. Lesið var bréf frá Veðurstofu Íslands dagsett 2. janúar 1959 og afrit af bréfi er Veðurstofa sendi Guðmundi Jónssyni, skrifstofustjóra F.F.S.Í., dagsett 3. janúar 1958. Var það svar við bréfi sem Guðmundur skrifaði frá Verðandi, dagsett 18/11 1957, er við fólum honum að reka erindi okkar við Veðurstofuna.

Sigurgeir Ólafsson upplýsti að þetta bréf hefði aldrei borist. Taldi að engin leið væri önnur fyrir félagið en fá þingmönnum málið.

Allmiklar umræður urðu um málið og kom fram í þeim að mönnum þótti Eyrarbakki óheppilegasti staðurinn til veðurathugunar og hefði t.d. Stokkseyri verið mun betri. Auk þess kæmi það ekki að fullum notum að fá veðurlýsinguna kl. 6 og 9. Vantaði tilfinnanlega miðnættið en væri þó betra en ekkert.

Á austursvæðinu töldu menn nú, sem fyrr, Loftsalí ómarkandi nema í hafáttum.

Ræddu menn hvort ekki mundi hægt og heppilegt, að fá veðurlýsingu frá bæjum framan til í Álftaveri, framan við hraunið, eða frá Þykkvarbæjarklaustri.

Vík í Mýrdal þótti ekki koma til greina, væru þar svipaðir staðhættir og á Loftsolum.

Páll Þorbjörnsson sagði Veðurstofuna fá tekjur úr tveimur áttum, frá íslenska ríkinu og frá erlendum aðilum. Hélt að veðurathugun á Eyrarbakka mundi vera í sambandi við flugið, tilflutningur veðurathugunarstöðva mundi taka alllangan tíma því það mundi kosta miklar bréfaskriftir út um heim því veðurathugun væri í mjög föstu kerfi.

Sighvatur Bjarnason lagði til að stjórninni yrði falið að athuga hjá kunnugum mönnum staðhætti til að fá rétt rök í málið og sækja það svo að krafti.

Stjórninni falin athugun á málinu og skrifa síðan þingmönnum.

7. Fiskileitarskipið. Formaður gat ummæla Lúðvíks Jósefssonar, þeirra, er hann hafði á fundi hér s.l. haust, og getið er í síðustu fundargerð og sagðist ekki vita hvernig þau mál snerust nú þegar komin er ný stjórn.

Taldi mikinn vinning að fá skipið til staðbundinnar fiskileitar t.d. yfir sumarið.

Sighvatur Bjarnason sagði sig hlynntan málinu en það væri spurning hvort tímabært væri að sækja það mál því sennilega yrði það eitt varðskipanna sem yrði sett til leitar. Fiskileitarskip væri mikið mál og gæti leitt margt nýtt í ljós en taldi að betra mundi að leggja kapp á tvö skip til gæslu á netavertíðinni.

Sigurgeir Ólafsson sagði nauðsynlegt að auka gæsluna en taldi rétt að láta álit fundar koma, á komu skipsins án þess að skert sé gæslan.

Daníel Traustason taldi að hægt mundi að búa t.d. m/s Fanney til fiskileitar og mundi þá ekki skerðast gæslan eða búa hvalbátana til gæslu.

Formaður spurði hvort menn væru því samþykkir að reynt yrði að fá fiskileitarskip í vetur.

Samþykkt einróma.

8. Sighvatur Bjarnason ræddi um rúkkun árgjalds og kvað það sláandi að s.l. ár hefði aðeins verið greitt árgjald fyrir 23 stýrimenn og hvort ekki stæði enn í samningunum að útvegsbændum bæri skylda til að borga árgjöld.

Karl gjaldkeri svaraði og sagði að það mætti kannski rekja til þess að hann hefði verið heldur síðbúinn með reikninga og sumir útgerðarmenn sagst vera búnir að gera upp og er hann minnti á að lifraruppbót kæmi, hefðu þeir ekki viljað greiða af henni.

Sighvatur sagðist ekki hafa meint þetta sem ádeilu, heldur aðeins viljað vekja athygli á þessu. Lítil tími væri hjá mönnum, sem væru í starfi, sérstaklega er netavertíð væri komin og vildi hann því beina til Karls að vara nýja gjaldkerann við og reyna því að vera á ferðinni fyrri part vertíðar.

9. Ýmislegt.

Einar Guðmundsson sagðist hafa það eftir forstjóra Landhelgisgæslunnar að gæslan mundi ekkert skipta sér af baujunum í vetur.

Sigurgeir Ólafsson upplýsti að Neistamenn segðu ekkert vatnspétt ljós til í landinu. Taldi félagið verða að skrifa einhverjum aðilum um nauðsynlega úrlausn í málinu.

Sighvatur Bjarnason tók undir það og hvatti til að skrifa ráðuneyti um að bæta um það hið bráðasta.

Formaður áminnti menn um að nota dagbendingarnar.

Kristinn Sigurðsson upplýsti að baujurnar, sem Björgunarfélagið hefði haft á hendi, væru ekki í standi og væri nauðsynlegt að láta vita í tíma ef ætti að nota þær.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15:40.

Kristinn Pálsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

115. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 25. janúar 1959 og hófst kl. 13:00
Í Alþýðuhúsinu.

Fundarefni: Fiskveiðasamþykktin.

Skipstjórum austfirsku bátanna, sem héðan róá, hafði verið boðin fundarseta.

1. Formaður félagsins, Kristinn Pálsson, setti fundinn og bauð Austfirðingana velkomna.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

3. Formaður hóf máls á fundarefninu og sagði að eins og menn vissu, hefði fiskveiðasamþykktin verið þverbrotin undanfarna daga af bátum sem sótt hefðu austur í Meðallandsbugt. Hinir brotlegu vildu fódra sig með því að fiskveiðisamþykktin næði ekki yfir Meðallandsbugt en það væri alrangt og tómmt mál um að tala og las því til áréttis 1. gr. samþykktarinnar. Hún hljóðar svo:

"Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð."

Formaður sagði það verkefni fundarins að finna lausn á þessu máli svo þetta komi ekki fyrir aftur en það væru allir sammála um að menn yrðu að geta notað miðin.

Formaður las tillögur frá gæslunefnd sem hélt fund í gær vegna þessara mála.

"Almennur fundur í gæslunefnd mælir með að í 3. grein róðrasamþykktarinnar bætist:

Að bátum, sem róa austur í Meðallandsbugt, sé heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðramerkis þar. Þeim skal þó ekki heimilt að fara austar en að Alviðruhamraviti miðist eftir kompás í N og ekki dýpra en á 60 faðma dýpi.

Bátum þessum skal skylt að fara minnst 15 sml. austur fyrir Alviðru áður en þeir byrja að leggja.

Séu umræddir bátar með það langa línu að leggja verði í tvennu lagi, skal þeim skylt, áður en þeir leggja seinni lögnina, að fara vestur í áðurgreind róðramörk og bíða þar næsta tímamerkis.

Merki þetta skal gefið á sama hátt og við Portland.

Bátar þeir, sem róa austur í Meðallandsbugt, mega alls ekki leggja línu sína vestan áðurgreindra marka, nema í þeim tilfellum að veður hamli veiðum í Meðallandsbugtinni en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra sem hafa róið frá Dyrhólaey eða af Víkinni og sameinast þeim áður en þeir byrja að leggja."

Formaður tók fram, vegna fyrirspurnar S.M., að Austfirðingar hefðu tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Bóas Jónsson, skipstjóri m/s Snæfugli SU20, kvað það ekki ná tali að ætla vera með óaðgerðan fisk og stangaðist algjörlega á við vöruvöndun heldur leggja allt og draga allt, ef unnt væri og flýta þannig róðrinum sem mætti. Ótækt væri að þurfa að snúa aftur í róðramerki.

Sigurður Magnússon, skipstjóri m/s Víði SU175, var sammála Bóasi. Taldi að ekki mætti fara seinna en kl. 1 frá Alviðru og yrðu menn að hafa ljósbaupur og draga í myrkri.

Kvað það nauðsynjamál að ræða þessi mál því það vissu allir að menn leituðu þangað sem fiskjar væri von.

Einar Guðmundsson og Óskar Halldórsson voru einnig sammála um að ótækt væri að bíða með fisk. Óskar vildi hafa tímann kl. 11 eftirmiðdegis.

Helgi Bergvinsson kvað nóg að fara kl. 2 frá Alviðru, en fara minnst 25 sml. austur. (Tillaga) Sagði tímann of seint hér heima til að róa vestur, að tíminn væri kl. 3.

Júlíusi Sigurðssyni fannst einnig of seint að róa kl. 3 og fara t.d. 30 sml. sem væri iðulega.

Eyjólfur Gíslason kvað rýrna mikið á heimamiðum og eðlilegt væri að breyta þyrfti í samræmi við breytta tíma. Rakti nokkuð sögu fiskveiðasamþykktar og taldi að ekki mundi öfundsvert að róa hér ef engin væri róðarsamþykktin.

Sigurgeir Ólafsson sagði nauðsynlegt að nýta miðin, sem hægt væri, en það vildi stangast á við heimamiðin. Hvatti til að fara til beggja og færa fram tímann, sem væri of seint fyrir vestursvæðið og fara úr öllum merkjum kl. 2, miðað við janúar og aðrar breytingar eftir því.

Júlíus Sigurðsson var sammála Sigurgeir. Kvað þetta hafa komið fram áður innan félagsins en ekki náð fram að ganga.

Óskar Ólafsson kvað þetta alltaf hafa verið hitamál þó hefði alltaf verið heldur að flýta tímanum. Taldi að minni bátunum mundi finnast þetta snemmt og sagði vanta tvöfaldan tíma fyrir vestursvæðið.

Sigurgeir Ólafsson taldi að tvöfaldur tími fyrir vestursvæðið mundi verða laus í reipum og taldi einu lausnina að flýta tímanum. Sagði hægara að ráða við tvöfaldan tíma á austursvæðinu þar sem hægt væri að miða við fasta punkta í landi.

Pálmi Sigurðsson taldi hægt að hafa bauju sem merki fyrir vesturtíma. Menn yrðu að taka tillit til minni báta á heimamiðum er tími væri ákveðinn. Allt of fljótt að róa kl. 2 í janúar.

Ólafur Sigurðsson kvað alla getað vel við unað að róa á sama tíma. Kvað það vanhugsað í tillögu gæslunefndar að bátar þyrftu að fara aftur í merki við Alviðru. Mundi betra að leggja allt og draga allt. Þá vék Ólafur að störfum gæslunefndar og sagði að þeir bátar sem væru að stukkja út úr merkjum 6-7 bátslengdir og þannig, eins og verið hefði, yrðu tafarlaust kærðir.

Hilmar Rósmundsson taldi gæslunefnd þurfa að laga betur legumerkin.

Gæslunefndarformaður, Óskar Ólafsson, svaraði, sagði að alltaf væri verið að laga þau og stæði það allt til bóta.

Formaður bar upp tillögu gæslunefndar 1. málsgrein þ.e.:

"Að bátum, sem róa austur í Meðallandsbugt, sé heimilt að bíða róðramerkis við Alviðruhamravita, innan 60 faðma dýpis og vitinn miðist í kompás N. (Sjá framar í fundargerð.)"
Samþykkt einróma.

Formaður bar upp breytingartillögu Helga Bergvinssonar við 2. málsgrein gæslunefndartillögunnar.

"Bátum þessum skal skylt að fara minnst 25 sml. austur fyrir Alviðru áður en þeir byrja að leggja."

10 atkvæði.

Tillaga gæslunefndar.

"Bátum þessum skal skylt að fara minnst 15 sml. austur fyrir Alviðru áður en þeir byrja að leggja."

12 atkvæði.

Samþykkt.

Er ákveða skyldi tíma, lagðist Óskar Ólafsson á móti því að öllum tíma yrði breytt. Sagði marga, sem sæktu á heimamið, ekki vera hér og hefðu talið að aðeins hefði átt að ræða austurtíma.

Júlíus Sigurðsson sagði þá geta sjálfum sér um kennt að mæta ekki á fundi og í fundarboði hefði auglýst efni fundarins (og væri þetta í 3ja skipti sem hún væri til umræðu tvisvar í haust en ekki fundarfært vegna fámennis.), verið fiskveiðisamþykktin.

Eyjólfur Gíslason taldi lausn að hafa tvöfaldan tíma á vestursvæðið. Þeir sem færu á fyrri tíma færu að minnsta kosti 30 sml. en hinir, sem heimamið stunduðu, hefðu seinni tíma og væru margir með að róa kl. 4, hér heima við.

Hilmar Bjarnason, skipstjóri á m/s Björgu SU5, var sammála Eyjólfur og taldi það spor í rétta átt að hafa tvo tíma fyrir vestursvæðið og mundu miðin nýtast betur. Taldi þó betra að fara 25 sml., í stað 30 sml., eins og Eyjólfur sagði.

Formaður sagði sig myrkfælinn við að breyta öllum tíma vegna heimamiða. Pálmi Sigurðsson sagði upplagt að flýta tímanum og ekkert á móti að reyna vesturtíma.

Sigurgeir Ólafsson taldi erfitt að hafa tvo tíma á vesturenda, hægara að skipta niður 100 en 40 mílna svæði.

Fleiri tóku í sama streng og urðu deilur um vestursvæðið all miklar.

Tvær tillögur komu fram, önnur frá Júlíusi Sigurðssyni svohljóðandi.

"Fundurinn samþykkir að færa róðratíma til kl. 2 í janúar og samsvarandi annan tíma á vertíð."

14 með
12 móti
Samþykkt.

Tillaga Daníels var um tvöfaldan tíma vestur og færur fyrri tímabátar minnst 25 sml. Allur tími færður fram um 1. klst.

Tillögumaður tók tillöguna til baka.

Sigurður Magnússon á m/s Víði sagði að þegar menn væru orðnir vanir því að fara snemma á sjóinn og koma snemma að, mundu þeir ekki vilja skipta. Einnig væri mikið öryggi í því, í stað þess að taka alltaf land í myrkri, enda mörg slys við landtöku. Kvað sig alltaf hafa furðað á, að jafn duglegir menn, sem Vestmannaeyingar væru, skyldu fara síðastir allra landsmanna á sjóinn. Sagðist hafa róið í landgleði margar vertíðir, á litlum báti. Stundum hefði hann róið 1/2 tíma, stundum 4 tíma og allt þar á milli. Þegar línan var búin að fá næga legu, að honum fannst, fór hann að draga og kom oft fyrir að öll línan var dregin í myrkri og afli stundum það mikill að báturinn tók ekki meira og því þyrfti ekki að segja sér að fiskurinn hér við Eyjar væri morgunsvæfari en annars staðar á landinu að ekki þyrfti að draga í myrkri. Alls staðar á landinu drægu menn meira og minna af línu sinni í myrkri. Í uppgangsveðrum byrjuðu menn jafnvel strax að draga en biðu ekki birtunnar. Sagðist að lokum vilja þakka fyrir sig og hina Austfjarðaskipstjórana að þeim skyldi boðið á fundinn.

Sigurgeir Ólafsson vítti félagsmenn fyrir lélega fundarsíði, samtöl og skvaldur í sætum svo varla heyrðist til ræðumanna.

Formaður upplýsti að tillögur þær, sem samþykktar voru, kæmu ekki til framkvæmda fyrr en með auglýsingu frá bæjarfógeta.

Formaður gaf því næst Bergsteini Jónassyni, hafnarverði, orðið.

Bergsteinn talaði um keyrslu innan hafnar sem væri svo mikil að lægi við slysum og brotum báta. Best væri að þurfa ekki að kæra svona lagað og ekki víst að hafnarvörður gæti kært eftir fiskveiðasamþykktinni.

Formaður tók í sama streng og væru mikil brögð að því að bátar færu með fullri ferð í höfn en of hægt út á nóttinni.

Lagði til að hafnarverði væri gefið vald til að kæra eftir fiskveiðasamþykkt. Júlíus Sigurðsson var því sammála og sagði annað ekki hægt, einnig að hafnarvörður áminnti menn um að leggja ekki á hliðina, of nærri hvor öðrum.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

"Fundurinn samþykkir að hafnarverði sé heimilt að kæra báta eftir fiskveiðasamþykktinni fyrir of mikla keyrslu innan hafnar."

Samþykkt einróma.

Eyjólfur Gíslason áminnti menn um að fara vel þétt við Klettsnef og Lögmanssæti er þeir fara út. Varaði menn einnig við að fara innan við **Dal**.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið, 15:45.

Gísli Eyjólfsson

Ritari.

Fundur var haldinn í Stjórn- og trúnaðarmannaráði
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
Þriðjudaginn 27. janúar 1959 í Valhöll við Strandveg.

Mættir voru:

Formaður, Kristinn Pálsson

Gjaldkeri, Haukur Jóhannsson

Ritari, Gísli Eyjólfsson

Sigurgeir Ólafsson

Kristinn Sigurðsson

Eyjólfur Gíslason

Þorgeir Jóelsson

Jón Guðmundsson

Sighvatur Bjarnason (varamaður)

Tilfni var bréf frá bæjarstjóra, dagsett 27. janúar 1959 og varð að svarast fyrir kl. 4 e. h.

Rætt var hvort ógilda skyldi gerðir félagsfundar 25. janúar 1959 vegna bréfs er bæjarráði barst undirskrifað af 17 mönnum er sögðust félagar í S.s. Verðandi, en tveir undirritaðra eru ekki félagsmeðlimir. (Vildu þeir ógilda síðasta fund vegna þess að hann hafði verið boðaður á kirkjutíma.)

Eftirfarandi var samþykkt einróma:

"Stjórn- og trúnaðarmannaráð S.s. Verðandi, samankomin þriðjudaginn 27. janúar 1959, samþykkir einróma að ekki sé hægt að ómerkja gerðir félagsfundar sem haldinn var sunnudaginn 25. janúar þ. á.

Þar sem stjórn- og trúnaðarmannaráð telur að til félagsfundarins hafi verið löglega boðað, förum við þess á leit við bæjarráð að það samþykkir gerðir félagsfundarins.

Virðingarfyllst.

Stjórn- og trúnaðarmannaráð."

(Undirskrift stjórnar og 5 trúnaðarmanna.)

(Þorgeir Jólsson skrifaði ekki undir.)

G. E. ritari

116. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

sunnudaginn 22. febrúar 1959 og hófst hann kl. 16 í Samkomuhúsinu.

Ritarar félagsins voru hvorugir mættir og það formaður Eyjólf Gíslason að taka að sér fundarritun.

Þar næst minntist formaður hinna miklu sjóslysa er orðið hafa og það fundarmenn að rísa úr sætum til að votta hinum látnu virðingu.

Las síðan upp afrit af samúðarskeytum, er stjórn félagsins sendi frá S.s. Verðandi til forstjóra Landhelgisgæslunnar og Guðna Thorlasíusar, skipstjóra (Skipstjóri m/s "Hermóðs" er hann forst, var stýrimaður skipsins, Ólafur Jóhannesson).

Lesin var upp fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með öllum atkvæðum.

Formaður, Kristinn Pálsson, las upp þakkarávarp frá Rósu Stefánsdóttur og sonum, fyrir það er þeim var veitt úr styrktarsjóði félagsins síðastliðið ár.

Þá las formaður afrit af bréfum er stjórn félagsins skrifaði alþingismönnum Vestmannaeyja, Veðurstofunni og Landhelgisgæslunni samkvæmt samþykktum síðasta fundar. Skýrði hann þau mál og sagði frá samtölum er ritari hefði átt við þá aðila.

Formaður las því næst upp svohljóðandi bréf frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja
"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi Vestmannaeyjum.

Á fundi í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, sem haldinn var í gær, urðu nokkrar umræður um hina miklu notkun veiðarfæra er nú tíðkaðist. Var samþykkt í þessu sambandi að beina þeim tilmælum til yðar að þér tækjuð þetta mál upp innan félags yðar og reynduð að koma á þeim úrbótum í þessu efni er allir aðilar mættu vel við una og yrðu öllum, sem málið varðar, til hagsbóta og blessunar.

Vér væntum hins besta af yður í þessu efni
Með sérstakri virðingu,
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja."

Um þetta bréf urðu þessar umræður.

Formaður, Kristinn Pálsson, sagði frá er þetta mál hefði fyrst verið tekið til umræðu í okkar félagi, að um það hefðu orðið mjög róstudamt og þá nærri riðið félaginu að fullu. Sín skoðun væri að erfitt myndi reynast að hafa eftirlit með því hvað mörg net væru höfð í trossu.

Ólafur Sigurðsson sagðist aldrei hafa lagt nema 6 trossur þó hann hefði úrvalsmannskap Annars myndi verða tekið upp strangara mat á fiski en verið hefði og myndi það sennilega takmarka eitthvað veiðarfæranotkunina.

Sighvatur Bjarnason sagðist hafa sömu skoðun á þessum málum og fyrr. Að þessu væri sennilega vont að setja nokkur takmörk.

Júlíus Sigurðsson sagðist vera á sama máli og Sighvatur og hann hefði tekið fram að ekki passaði öllum bátum það sama hvað veiðarfæranotkun tilheyrði.

Helgi Bergvinsson sagðist aldrei hafa lagt nema 6 trossur en sagðist vantrúaður á nokkrar samþykktir í þessum efnunum.

Karl Guðmundsson sagðist ekki trúa því að ekki mætti takmarka þetta eins og annað og tók til dæmis þá samþykkt sem hafnarverði hefði verið gefin á síðasta fundi. Að kæra alla þá sem of hart færu um höfnina. Taldi að frá einhverjum aðilum yrðu þessar veiðarfæratakmarkanir að koma.

Að máli sínu loknu lagði Karl fram svohljóðandi skriflega tillögu:

"Ég geri það að tillögu minni að fundurinn lýsi sig fylgjandi því að takmörkun veiðarfæra verði tekin til nánari athugunar í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja og S.s. Verðandi."

Tillagan var felld með eins atkvæðis mun 10 með, 11 móti.

Formaður sagði þar næst frá lögum er búið væri að samþykkja á Alþingi og heimiluðu dragnótaveiðar innan landhelgi á vissri stærð báta. En ekki myndu allir ánægðir með það.

Sigurður Stefánsson skýrði svo þetta mál nánar og lagði fram svohljóðandi tillögu:

"Fundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, haldinn 22. febrúar 1959 skorar á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp Karls Guðjónssonar, á þingskjali 208 "Um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti."

Fundurinn vill taka fram að hér í Vestmannaeyjum er fjöldi smærri báta sem að mestu eru í eigu þeirra sjómanna, sem á þeim stunda en útgerð þeirra er ýmsum annmörkum háð yfir sumarmánuðina.

Það er því mjög mikið hagsmunamál sjómönnum þeim, sem bundið hafa lífsafkomu sína útgerð þessara báta að leyfi það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fáist, um leið og það tryggir nýtingu þeirra auðæfa sem flatfiskurinn er til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í auknu útflutningsverðmæti.

Þá telur fundurinn rétt að sjávarútvegsmálaráðherra verði heimilt, samkvæmt reglugerð, að veita stærri bátum en 35 tonnum leyfi til veiða innan þessara takmarka."

Tillagan var samþykkt einróma.

Helgi Bergvinsson sagðist vilja styðja að því að þessi veiði yrði leyfð en rýmkað um stærðartakmark báta. Lofa öllum er þess óskuðu að stunda þessar veiðar.

Sighvatur Bjarnason sagðist vera þessu máli hlynntur en stærðartakmarkið myndi í upphafi vera komið frá þeim tímum er Danir stunduðu hér dragnótaveiðar.

Raddir komu fram, er báðu Sigurð Stefánsson að fella stærðarákvæði báta úr sinni tillögu.

Sigurður féllst á að bæta því við tillöguna en taldi að takmörkunin væri sennilega tilkomin í lögin nú til að sporna við ofveiði eins og átt hefði sér stað áður.

Þessi viðauki við tillögu Sigurðar var síðan samþykktur með öllum atkvæðum.

Sigurður Stefánsson tók þar næst til umræðu aðkomubáta er hefðu sýnt þá viðleitni að brjóta sunnudagaróðrasamþykktina með því að fara með tvöfalda línulengd í laugardagsróðra. Sagði hann frá í því sambandi hvaða hátt Suðurnesjaskipstjórar hefðu ætlað að hafa en ekki komist áfram með.

Sigurður lagði því næst fram tillögu til að fyrirbyggja þetta er hljóðar svo:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi beinir þeirri áskorun til skipstjóra á aðkomubátum þeim, sem héðan stunda veiðar að þeir virði og fari eftir samningum og samþykktum sjómannfélaganna hér og þar á meðal að róa ekki á sunnudögum á meðan samþykkt sú gildir um heimabáta. Það telst brot á helgidagasamþykktinni sé róið með svo langa línu á laugardögum að báturinn geti ekki komið að landi að kvöldi þess dags."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

Sighvatur Bjarnason stóð því næst upp og minntist á gamla tíma þegar formenn komu í beituskúrana að aflokinni sjóferð, röbbuðu við beitumennina og litu eftir þeirra verkum. Að haldnir væru þar þeir gömlu og góðu síðir að unnið væri í félagsanda og samvinnu. Allir færu jafnt frá verki og að unglingar og óvaningar fengju ekki þær viðtökur á fyrstu vertíð að verða skildir einir eftir eins og nú myndi jafnvel eiga sér stað.

Helgi Bergvinsson sagðist vera þessu mati samþykkur og mjög fylgjandi.

Formaður Kristinn Pálsson, bað formann Sjómannafélagsins Jötuns, Sigurð Stefánsson, að taka þetta til athugunar og fyrirgreiðslu í sínu félagi.

Sigurður Stefánsson lofaði því. Síðan lýsti hann, af eigin reynslu, aðbúð manna í beituskúrunum fyrr og nú og talaði með hlýleika og skilningi um þau mál.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið kl. 18.

Kristinn Pálsson

Eyjólfur Gíslason

117. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 18. október 1959 og hófst kl. 13:30 í Alpýðuhúsinu.

1. Formaður, Kristinn Pálsson, setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir
Hörð Jónsson og
Magnús Grímsson
Samþykktir einróma.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður las tvö bréf frá F.F.S.Í.
Var annað varðandi heiðursgjöf til Ásgeirs Sigurðssonar, skipstjóra, á 26 ára forsetaafmæli hans. Var ætlunin að gefa málverk og að hvort félag innan F.F.S.Í leggði kr. 500,00.
Formaður upplýsti að aurarnir hefðu verið sendir.

Hitt bréfið var rúkkun árgjalds til F.F.S.Í. kr. 50,0 á hvern félagsmeðlim og þess óskað að nafnaskrá fylgdi.

Formaður sagði að ekki væri búið að senda gjaldið.

4. Formaður skýrði svo frá að rafveitustjóri, Garðar Sigurjónsson, hefði beðið sig að koma til umræðu á fundinum máli sem hann hefði athugað lítillega, en það væri að komið yrði upp radar á Stórhöfða. Hefði Garðar sagt að næsta sumar yrði lagður rafstrengur í jörðu út í Stórhöfða og mundi þá upplagt að leggja um leið kapal fyrir fjarstýrðan radar. Símaverkfræðingur, sem Garðar hafði ráðgast við, lagði til að radar yrði komið fyrir á Helgafelli.

Páll Þorbjörnsson sagði að málinu hefði áður verið hreyft í félaginu og hefði Stórhöfði þá ekki verið talinn heppilegur staður heldur Klifið eða Helgafell.

Páll taldi hugsanlegt og mjög athugandi hvort ekki gæti tekist samvinna um þetta mál við Öryggisþjónustu um flug yfir Atlantshaf. Tæki fengjust yfirleitt frí en Íslendingar kostuðu niðursetningu.

Páll sagði frá geysistörum radar sem er milli Aberdeen og Peterhead og sagður er geta fundið hverja fleytu í flóanum sem Páll taldi vera á annað hundrað sjómíllur.

Formaður sagði að tillögumaður mundi hugsa sér að hafa samráð við Eykyndil um málið og það menn ræða betur hver staður mundi hentugastur.

Niðurstöður urðu þær að Stórhöfði kæmi ekki til greina vegna nv-svæðisins en Klifið mundi hentugasti staðurinn fyrir slíkan radar.

5. Formaður hóf máls á hvort ekki mundi rétt að fá hingað menn til kennslu í meðferð nýjustu siglingartækja eftir tillögum Jóns Lóðs Sigurðssonar.

Páll Þorbjörnsson sagði að þegar litið væri á aflaskýrslur, mundi það ekki tilviljun ein að sum skip væru alltaf með afla og sagðist þess vegna halda að það yrði lífsspursmál að menn fengju tæknilega þjálfun og það helst úti í sjó við hin breytilegu skilyrði en það yrði ekki gert á 2-3 dögum.

Æskilegast væri að hópur manna sem ætlaði að nota tækin, færi út á bát og lærðu á tækin í stað þess að káfa sig áfram með skipshöfn með sér.

Taldi Páll að þó menn kæmu hér 2-3 daga, gæti það aldrei orðið fullnægjandi og sagðist ekki trúna að ekki fengist aðstaða til að vera á bát í 1/2 mánuð á kostnað þjóðarbúsins.

Formaður sagðist að er menn frá Fiskifélaginu voru hér, hefði hann haft gott af, þó í kennslustofu væri.

6. Formaður spurði Eyjólf Gíslason hvernig gengi með heiðursskjölin.

Eyjólfur sagði að því væri unnið og væri sum á góðum vegi.

Eyjólfur sagði einnig frá bréfi, sem honum barst frá Árna Þórarinssyni og skilaði kveðjum hans og þakklæti til félagsins.

7. Formaður minntist á afmæli og upplýsti að samkvæmt upplýsingum frá Óla Ísfeld, ættu vélstjórar húsið pantað 7. desember en formaður kvaðst ekki hafa talað við vélstjóra um hvort þeir hugsuðu sér sameiginlegt afmæli eins og undanfarið eða vera einir eins og jafnvel hefði heyrst.

Samþykkt var að halda afmæli sameiginlegt með vélstjórum, væri það fyrir hendi en að öðrum kosti halda afmæli sér.

Afmælisnefnd:

Daniel Traustason

Þórarinn Torfason Þórarinn Eiríksson

Ingólfur Matthíasson Sigbór Sigurðsson

Varamenn:

Sævald Pálsson og Ásberg Lárentínusson

Samþykkt einróma.

8. Formaður upplýsti að breytingarnar á róðarsamþykktinni s.l. vetur hefðu verið samþykktar og auglýstar í Stjórnartíðindum.

9. Ólafur Sigurðsson ræddi horfur á ástandi komandi vertíðar og sagði að þrátt fyrir allar hafnargerðir hefði höfnin ekki pláss fyrir alla þá báta sem heyrst hefði að koma ættu.

Vestmannaeyjahöfn væri notuð sem pólitísk beita af vissum aðila sem notaði hana sér til framdráttar úti á landi. Safna ætti hingað fjölmörgum Austfjarðabátum stórum, fyrir utan smærri báta sem veiddu á færi og enginn vissi hve yrðu margir, hvaðanæva að. Afleiðingin yrði sú að heimamenn, með vaxandi og stækkandi flota, yrðu í stöðugum ótta um báta sína og gætu jafnvel fengið þá í rúst á miðri vertíð.

Fleiri tóku í sama streng og sagði Kristinn Pálsson m.a. að svo liti út sem sama öngþveiti yrði á komandi vertíð og var, áður en Nausthamarsbryggja kom, vegna ört fjölgandi báta.

Páll Þorbjörnsson sagði að þar sem þetta væri opin höfn, væri skylda að taka báta meðan það skapaði öryggi. Páll taldi vera tvær leiðir í þessu máli. Væri önnur sú að taka gjald af bátunum í hvert skipti þeir kæmu inn en ekki láta þá borga hlutfallslega við heimabáta. Hin væri að benda nefnd, sem vinnur að fiskvöndun, á að aðgæta að stöðvarnar taki ekki fleiri báta en afkastageta leyfir.

Ólafur Sigurðsson taldi að heimabátar ættu að hafa forgang að löndun og leguplássun.

Ræddar voru leiðir til úrbóta og komu flestar raddir að því að best væri að skrifa hafnarnefnd og Bataábyrgðafélaginu um málið og benda hafnarnefnd á að fá lista yfir aðkomubáta sem leggja eiga upp hér n.k. vertíð.

Það kom og fram í umræðunum að menn hörmuðu almennt að Vestmannaeyjahöfn skuli misnotuð á þennan hátt.

Stjórninni falið málið.

10. Formaður gat símskeytis sem stjórnin sendi fyrir félagsins hönd til Sigurðar Ingimundarsonar í Skjaldbreið á áttræðisafmæli hans, 22. maí s.l.

Ólafur Sigurðsson frá Skuld þakkaði stjórninni hugulsemina og sagðist vonast til að hún héldi þessu áfram og sendi gömlum formönnum skeyti á merkisafmælum þeirra því það hlyti að gleðja þá að finna að þeir, sem enn væru í starfi, myndu eftir þeim.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.

23 félagar mættir.

Kristinn Pálsson

Gísli Eyjólfsson, ritari.

118. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 19. nóvember 1959 og hófst kl. 20:50 í Akóges.

1. Sótt var um inntöku tveggja nýrra félaga
Guðjóns Pálssonar, Austurvegi 22
Jóhanns Sigurðssonar, Svanhól
Samþykktir einróma.
2. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður las afrit af bréfi sem hafnarnefnd var skrifað og afrit sent Bataábyrgðarfélaginu.
4. Formaður skýrði frá bréfi frá F.F.S.Í., sem hafði inni að halda drög að dagskrá fyrir 19. þing F.F.S.Í. sem haldið verður 27. n.k.
20 mál eru á dagskrá þingsins og las formaður upp eftirfarandi tillögur.

Tillaga um verksmiðjutogara.
Tillaga, Áskorun á Alþingi um að leysa efnahagsörðugleika.
Tillaga, Áskorun á skipaskoðunarstjóra.
Tillaga, Áskorun á skipaskoðunarstjóra og LÍÚ um ??
Tillaga, Líftrygging og slysatrygging sjómanna.
Tillaga, Um síldveiðitilraunir í botn- og flotvörpu.
Tillaga, Endurskoðun samninga F.F.S. í við LÍÚ.
Tillaga, Um uppeldisstöðvar nytjafiska.
Tillaga, Um skipting björgunarlauna.
Tillaga, Um vog og mál síldar.

Formaður bað menn tilnefna þingfulltrúa og tók fram að sjálfur gæti hann ekki farið vegna anna.

Tilnefndir voru:

Sigurður Stefánsson og Júlíus Sigurðsson.

Þar sem ekki var hægt að kjósa varamenn á fundinum, var formanni falið að sjá um það.

Samþykkt einróma.

5. Formaður las bréf sem honum hafði borist frá **Soffaníasi Cecilssyni** skipstjóra í Grundarfirði og var efni þess að Verðandi veitti lið í að fá því framgengt að síld verði framvegis vigtuð en ekki mæld, í bræðslu.

Formaður fylgdi málinu úr hlaði og taldi að það mundi eiga vísan stuðning meðal sjómanna og útgerðarmanna.

Júlíus Sigurðsson taldi þetta nauðsynjamál en þó sérstaklega þegar um saltfisk væri að ræða. Þess væru dæmi, að farið væri að hífa 1 1/4 - 1 1/2 tunnu í einu, að sér sýndist til að villa um fyrir sjómönnum og gera þeim erfiðara að fylgjast með tali í löndun.

6. Formaður las bréf sem borist hafði frá Karli Guðmundssyni, Brekastíg 25, þar sem hann fer fram á kr. 30.000,00 lán úr styrktarsjóði. Skuld þessa lofar Karl að greiða með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum og 7 % í vexti af skuldinni eins og hún er á hverjum tíma. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta býður hann 3. veðrétt í húseign sinni, Sóleyjargötu 4 og uppfærslurétt næst á eftir væntanlegri veðdeildarskuld við Landsbanka Íslands að upphæð kr. 70.000,00 og 2. veðréttarskuld við Daníel Kjartansson kr. 110.000,00 skv. veðbréfi.

Formaður las, mönnum til frekari glöggvunar, viðeigandi greinar úr styrktarsjóðslögunum.

Umræður urðu um bréfið og voru menn því yfirleitt hlynntir að lánið yrði veitt þar sem vextir væru allmiklu betri en sjóðurinn hefði og að lítið er orðið eftir af skuldabréfum hafnarsjóðs óútdregnum.

Einnig töldu menn að húsið stæði mjög vel fyrir veðum, mundi langt komið að múrhúða húsið. Í umræðum upplýstist að lán, hliðstæð þessu, eru veitt í öðrum félögum t.d. Nótarvélstjórafélag Íslands.

Rétt þótti að fresta ákvörðun til aðalfundar og málið tekið af dagskrá.

7. Rætt var að breytinga væri þörf á lögum styrktarsjóðsins. Fella þyrfti úr 6. gr. orðin = "sem á sé minnst helmingur félagsmanna." Fella úr 8. gr. orðið = ríkistryggðum > en þar standi "tryggðum".

8. Formaður ræddi um nauðsyn þess að komið yrði upp radarmerkjum austur á söndum en þar væri mjög erfitt að átta sig og endurkast vantaði á geislanum. Gott mundi að fá tvö merki. Nýi vitinn kemur sæmilega í radar og Skaftarós vel. Mundi þetta verða mjög til bóta við landtöku.

Rætt um móttakara sem væri innstilltur á 2182 Khz.

Fulltrúum félagsins falið að ræða málin á F.F.S.Í.-þinginu.

9. Fyrirspurn um bréf hafnarnefndar.

Sigurður Stefánsson sagði frá að á bæjarstjórnarfundi á þriðjudegi hefði verið bókað, og það eitt á þá leið, að heimabátar fengju forgang á löndun.

Taldi Sigurður að það mundi hæpin og vanhugsuð braut og mundi bitna á sjómönnunum og baka þeim vöku og óþægindi en mundi ekki hylla þá sem það væri ætlað. Það mundi engin lækning á málinu fyrst þessir bátar hefðu afgreiðslu í landi og verið væri að safna þessu að sér og ekkert væri við því að gera en hlyti að leiða til þess að fyrr eða síðar ylli stórtjóni vegna offyllingar hafnarinnar.

Formaður sagðist vera sömu skoðunar og á síðasta fundi að forgangslöndun væri ekki rétta leiðin en það sem fyrir hefði vakað, hefði verið að rekja málið.

Friðrik Ásmundsson og Júlíus Sigurðsson töldu rétt, að Fiskmati ríkisins væri skrifað og bent á að hér væri safnað að óeðlilega mörgum bátum sem hvorki hefðu pláss, né nægur mannaflí til að vinna aflann og vita hvort Fiskimatið gæti ekki spornað við þessu .

Daníel Traustason o. fl. tóku til máls og var margt rætt um málið, m.a. hvort þýða mundi að leita samvinnu við Bílastöðina en aðrir töldu það af og frá, því á B.S.V. hefðu Austfirðingar forgang.

Stjórninni falið að gera sitt besta í málinu.

10. Formaður minntist á fjárþröng félagsins og undanþágumeðmæli, sem talsvert væri um, því nú munstrar skráningarstjóri ekki menn, sem skortir réttindi, nema félagið mæli með því, og taka margir þessara manna upp veski og vilja borga fyrir meðmælin. En þar sem sig hefði skort heimild til, hefði hann ekki tekið fyrir meðmæli.

Lagði formaður til að samþykkt væri að taka eitthvert lítilsháttar gjald og yrði því varið til kaupa á ritvél til afnota fyrir ritara svo hann þyrfti ekki að vera á hlaupum um allan bæ á snöpum eftir ritvél ef skrifa þyrfti bréf.

Fékk þetta góðar undirtektir og samþykkt að verja tekjum þessum í "auglýsinga og áhaldagjörð", eins og einn ræðumanna orðaði það.

Formaður bar fram tillögu:

"Ég geri það að tillögu minni að formanni félagsins verði leyfilegt að taka 100,00 kr. fyrir hverja undanþágu sem veitt er."

Breytingartillaga kom frá Ragnari Eyjólfssyni:

"Að gjaldið verði 150,00 kr."

Borið undir atkvæði, breytingartillagan fyrst og fékk meirihluta atkvæða, 13, og var því samþykkt að gjaldið væri kr. 150,00.

11. Daníel Traustason talaði um afmælið sem verður haldið n. k. laugardag.

Sagði Daníel erfitt um skemmtikrafta og slæmur fjárhagur. Sagði frá skemmdum á áhöldum í geymslunni á Skansinum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 23:15.

20 félagar mættir.

Kristinn Pálsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

119. fundur.

Aðalfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
var haldinn 3. janúar 1960 og hófst kl. 13:30 í Samkomuhúsinu.

1. Borin upp inntökubeiðni fyrir
Guðna Grímsson, frá Haukabergi.
Samþykktur einróma.
2. Lesin síðasta fundargerð.
Samþykkt einróma.
3. Formaður minntist þess að þetta væri 119. fundur félagsins og 20. aðalfundur.
Minntist helstu mála sem félagið hefur beitt sér fyrir.
7 nýir félagar gengu í félagið á síðasta starfsári.
4. Formaður bað gjaldkera lesa ársreikninga félagsins.

Styrktarsjóður:

Niðurstöðutölur		kr.	81.006,09
Gjafir og áheit	kr.		117,10
Veitt úr sjóðnum	kr.		7.500,00

Félagssjóður:

Niðurstöðutölur		kr.	10.814,79
Innistæða, bók 12385	kr.		9.705,30
Innistæða, bók 2551	kr.		859,15
Í sjóði	kr.		250,34
Skuld við styrktarsjóð	kr.		4500,00

5. Formaður bað menn tilnefna menn í formannssæti félagsins.

Tilnefndir voru sömu menn og voru og var þeim gefið lófaklapp og var öll stjórnin ásamt varamönnum kosin með klappi að undanskildum vararitari, Friðþjófi Mássyni. Í hans stað var kosinn Eyjólfur Gíslason og gefið lófaklapp.

Stjórnin er því þannig skipuð:

Formaður:	Kristinn Pálsson
Varaformaður:	Friðrik Ásmundsson
Gjaldkeri:	Haukur Jóhannsson
Varagjaldkeri:	Karl Guðmundsson
Ritari:	Gísli Eyjólfsson
Vararitari:	Eyjólfur Gíslason

Endurskoðendur voru endurkosnir.

Karl Guðmundsson (Reykholti)
Stefán Stefánsson

Sjómannadagsráð. Úr því gengu Haukur Jóhannsson, Sigurður Guðnason og Júlíus Ingibergsson. Í þeirra stað voru kosnir varamenn fyrra árs, þeir Bjarnhéðinn Elíasson, Grétar Skaftason og Guðmar Tómasson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

	Bjarni Sighvatsson
Friðþjófur Másson	Bjarnhéðinn Elíasson
Grétar Skaftason	Guðmar Tómasson

Til vara:

Guðmundur Í. Guðmundsson, Ragnar Eyjólfsson og Gísli Jónasson.

Björgunaræfinganefnd var endurkosin.

Kristinn Sigurðsson
Einar Jóhannesson Kristinn Pálsson.

Fánaberar: endurkosnir.

Arnoddur Gunnlaugsson
Daníel W. F. Traustason

Gæslumaður fánans var endurkosinn.

Karl Guðmundsson, Reykholti.

Gæslunefnd og ægisnefnd.

Jón Guðmundsson, Júlíus Sigurðsson og Sigurgeir Ólafsson, sem um árabíl hafa átt þar sæti, báðust eindregið undan endurkjöri.

Nefndin óbreytt að örðu leyti.

Hana skipa: Óskar Ólafsson (formaður)
Páll Ingibergsson Óskar Matthíasson
Jóhann Pálsson Sveinbjörn Hjartarson
Ólafur Sigurðsson Magnús Grímsson
Sveinn Hjörleifsson Helgi Bergvinsson

Veifarfarnefnd var öll endurkosin og gefið tækifæri, eða **ekane** eins og það var orðað, og lófaklapp að auki.

Nefndina skipa: Jón Valgarð Guðjónsson
Friðrik Ásmundsson
Guðmundur Ingi Guðmundsson

Styrkveitinganefnd var endurkosin.

Hana skipa: Bjarni Jónsson
Ólafur Sigurðsson, Sigfús Guðmundsson

Fulltrúaráð var endurkosið. Í því eiga sæti

Kristinn Sigurðsson Jón Guðmundsson
Eyjólfur Gíslason Sigurgeir Ólafsson
Páll Þorbjörnsson Þorgeir Jólsson

Varamenn, einnig endurkosnir.

Sighvatur Bjarnason Guðjón Ólafsson
Elías Sveinsson Sigfús Guðmundsson
Þorsteinn Gíslason Sigurður Ögmundsson

Þar með lauk, stjórnar- og nefndakosningu.

6. Formaður las bréf Karls Guðmundssonar sem rætt var á síðasta fundi. Formaður upplýsti að húsið væri fullgert að utan og byrjað mundi á miðstöðvarlögn á morgun. Formaður gat þess að ekki væri hægt að veita lánið nema með lagabreytingu og las lögin til frekari glöggvunar.

Ritari o. fl., sem ræddu málið, töldu sjálfsagt að veita lánið og urðu umræður mjög á sömu lund og á síðasta fundi er bréfið var rætt.

Páll Þorbjörnsson lagði til að breytt yrði orðum í 8. gr. í styrktarsjóðslögnum og kæmu orðin - vel tryggðum verðbréfum o. s. frv. í stað - ríkistryggðum o. s. frv.

Í 6. gr. stríkist út orðin, - sem sé minnst helmingur félagsmanna, - og í stað $\frac{2}{3}$ atkvæða komi $\frac{3}{4}$ atkvæða.

Breytingartillögur bornar upp.
Samþykktar einróma.

Borið undir atkvæði hvort veita skuli kr. 30.000,00 að láni til Karls Guðmundssonar gegn 7 % vöxtum, til 5 ára, gegn 3. veðrétti í húsinu Sóleyjargötu 4.

Samþykkt einróma.

7. Formaður ræddi um styrktarsjóðinn og fátækt hans. Veitt var úr sjóðinum kr. 7500. Stakk upp á að menn gæfu nokkra fiska úr einum góðum róðri á vertíð, eða andvirði þeirra, ef maður fengist til að safna því saman. Skorað var á Kristinn Sigurðsson og brást hann vel við.

Stjórninni falin nánari ákvörðun.

8. Formaður minntist á komandi vertíð og bryggjuvörslu. Heyrst hefði að hafnarsjóður hefði aðeins ráðið tvo menn til starfans á komandi vertíð. Kom öllum saman um að það mundi allt of lítið og var samþykkt að skora á hafnarnefnd að hafa einn mann á hverri bryggju eftir að allir eru byrjaðir. Stjórninni falið að skrifa hafnarnefnd um málið.

9. Óskar Ólafsson minntist á bógankur báta og tjón er þau valda á öðrum bátum. Sagði að Keflvíkingar væru allir búnir að taka ankur sín inn á dekk eftir að hafa leitað sér heimildar til þess. Bar fram tillögu:

"Að allir bátar taki bógankur úr klussum, inn á dekk, á vetrarvertíð."
Tillaga samþykkt með 17 atkvæðum
6 atkvæði á móti.

Ritara falið að senda Runólfi Jóhannssyni tillögu og afrit til hafnarnefndar.

10. Formaður þakkaði þeim Sigurði Stefánssyni og Júlíusi Sigurðssyni förina á F.F.S.Í. þingið og bað þá segja fréttir þaðan.

Sigurður Stefánsson sagði að út úr atkvæðagreiðslu hefði ekki komið það sem við hefðum getað vænst. Tillögu Verðandi var vísað til nefnda. Radartillaga var studd af stýrimanni af m/s Ægi. Umræður um fiskveiðar voru mjög athugaverðar þar sem Skipstjórafélagið Ægir kom fram með tillögu um að banna netaveiðar utan landhelgi. Fulltrúar Verðandi beittu sér gegn þessari tillögu og benti Júlíus í því sambandi á svæði það sem Vetmannaeyingar höfðu fyrir útfærsluna, utan við landhelgi.

Skólamál voru rædd og var samþykkt tillaga um að koma upp fullgildum stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, sem útskrifi nemendur á tveim haustum.

Sá galli var á þinghátum að nefndarálit voru ekki fjölrituð en lofað var að senda félögum þau innan tíðar.

Í sambandi við Sjómannablaðið Víking, kom fram að hann er fjárhagsleg undirstaða. Er útbreiddur og fjársterkari en sambandið.

Stungið var upp á Eyjólfí Gíslasyni í ritnefnd Víkings. Æskilegt var talið að greinar utan af landi bærust blaðinu.

Reikningar sambandsins sýndu kr. 54 þús. annað árið en kr. 64 þús. hitt og var samþykkt að hækka árstíllög félaganna þar sem halli var á öðru árinu, Verðandi yrði því að hækka félagsgjaldið. Félagsgjöld væru lág úti á landi en 4-500 kr. í Reykjavík.

Sigurður sagði gaman að sitja þingið og margt lærdómsríkt. Nauðsynlegt væri fyrir félagið að eiga þar fulltrúa og reyna að verjast því að gengið væri á rétt okkar.

Júlíus Sigurðsson, sem starfaði í sjávarútvegsnefnd, sagði að umræður um fiskmat hefðu verið lítt af viti og benti hann þar á að mat 15 - 1600 tonna af fiski væri mikið starf fyrir 2 - 3 menn.

Júlíus mótmælti harðlega tillögu Skipstjórafélagsins Ægis, sem áður segir, og rædd var í nefndinni.

Júlíus benti á að þar sem kennsla yrði ekki nema tvö ár enn, þyrfti félagið að beita sér fyrir því að kennt yrði hér bæði árin sem eftir eru og í öðru lagi að skóla yrði komið upp.

Á F.F.S.Í.-þinginu var samþykkt að skora á Alþingi og ríkisstjórn að ekki yrðu færri en tvö síldarleitarskip auk rannsóknarskips.

Umræður um fiskverð athyglisverðar og taka á þátt í viðræðum um fiskverð ef til kemur.

Þingfulltrúum var boðið að hlýða á nýtt lag um Stjana bláa, sem kostaði 17.000,00 kr. í útsetningu og kostað var af sjómannadagsráði.

Formaður þakkaði þeim félögum greinargóðar frásagnir og tók undir þau ummæli Sigurðar að nauðsynlegt væri að senda alltaf þingfulltrúa.

Páll Þorbjörnsson sagði að Friðrik Ólafsson hefði fallist á kennslu úti á landi sem bráðabirgðalög og til reynslu en kvaðst ekki trúaður á að kennslan yrði lögð niður. Fastur skóli, sem ætti eigið húspláss og tæki, þar sem kennt væri á hverju ári, væri nauðsynlegur fyrir okkur.

11. Formaður minntist á sjómannadagsráð og kvað nauðsynlegt að einn maður hefði sjóð og gögn sjóðsins undir höndum, ásamt eftirliti með húsinu en þar hefðu orðið talsverðar skemmdir í flóðunum í haust, dyr brotnað inn o. fl.

Kristinn Sigurðsson taldi að breyta þyrfti dyraumbúnaði. Hann væri búinn að laga hurðirnar tvisvar en það sæi enga stoð.

Júlíus Ingibergsson upplýsti að full reikningsskil lægju ekki enn fyrir frá fyrri nefndarmönnum. Taldi nauðsynlegt að hafa sérstakan gjaldkera því það væri mikið fé sem inn kæmi.

Sigurgeir Ólafsson kvaðst þessu mjög hlynntur og tillaga væri fyrir þessu í gögnum sjómannadagsráðs. Hann hefði starfað með þremur gjaldkerum í sjómannadagsráði og þó ekki væri nema allt gott um þá alla að segja, þá væri þetta best að einn sérstakur maður sæi um öll gögnin.

Formaður tók í sama streng og upplýsti jafnframt að bók sú, er fylgdi Aflakónginum, mundi glötuð og væri það mikill skaði.

12. Formaður minnti menn á breytingarnar á róðrasamþykktinni sem gerðar voru á s.l. vetri og hefðu verið staðfestar.

Minnti einnig á samþykktina um að keyra með rólegri ferð um höfnina.

Óskar Ólafsson minntist á merkjaljós og blúss.

Gæslunefnd falin framkvæmd á breytingum.

13. Formaður ræddi um hækkun félagsgjalda.

Samþykkt var að hækka gjaldið í kr. 300,00 á skipstjóra og í sama hlutfalli á stýrimenn eða kr. 250,00. Gjald styrktarmeðlima sé óbreytt kr. 50.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið kl. 16:00

35 félagar mættir.

Kristinn Pálsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

120. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 19. júní 1960 og hófst kl. 13:30 í Alþýðuhúsinu.

1. Formaður setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir 3 nýja féлага. Þeir eru

Hörður Sigurbjörnsson, Heiði

Sveinn Valdimarsson, Skólavegi 37

Georg Stanley Aðalsteinsson, Vesturvegi 8

Samþykktir einróma.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

3. Formaður minntist á fiskverð á s.l. vertíð og hlutarbót sem útgerðin greiddi til háseta, vélstjóra og matsveina, kr. 3,60 á tonn. Las formaður afrit af samkomulagi milli Jötuns og Vélstjórafélagsins annars vegar og Útvegsbændafélagsins hins vegar, gert 6. mars 1960.

Formaður taldi óvægjanlegt að skipstjórar og stýrimenn ættu þarna hlut úr en taldi að Útvegsbændafélagið mundi vilja láta málið fyrir dóm.

Formaður sagði félagsmenn hafa kvartað við sig út af þessu máli en það væri hart að þeir menn, sem mest hefðu kvartað, væru nú ekki mættir á fundinn.

Hilmar Rósmundsson taldi sjálfsagt að félagið beitti sér í málinu ef ekki væri hægt að fá þetta greitt með góðu.

Formaður sagði að hann hefði rætt þetta mál við Guðmund Jónsson skrifstofustjóra F.F.S.Í. og hefði hann boðið alla aðstoð í málinu. Þá sagði formaður einnig að þessi hlutur, sem á útvegsbændafundi hefði verið kallaður premía o. fl. því líkt, mundi hafa verið greiddur á einhverjum bátum.

Páll Þorbjörnsson kvað túlkun sumra útgerðarmanna mjög undarlega í þessu máli. Ekki mundi vafi á því að skipstjórnarmenn ættu þarna hlut og mundi dæmdur hann. Málsókn ylli þó alltaf sárindum og mundi kosta félagið 5 - 10.000,00 kr. þó málið og kostnaður yrði dæmdur félaginu.

Reynandi væri því að fá útvegsbændafélagið til að leita álits lögfræðings Vinnuveitendasambandsins og mundi hann trúlega ráða frá því að leggja málið fyrir dóm.

Þá taldi Páll hugsanlegt að hægt væri að fá lögfræðing endurgjaldslaust, með því að fara í eins mörg mál og kröfurnar eru margar.

Samþykkt var að kjósa nefnd í málið.

Tilnefndir voru:

Hilmar Rósmundsson

Gísli Eyjólfsson

Páll Þorbjörnsson

Samþykktir einróma.

4. Formaður skýrði frá símtali sem hann átti við Guðmund Jónsson, skrifstofustjóra F.F.S.Í., sem bað um álit félagsins um dragnótarleyfi innan landhelgi og þyrfti að afgreiða málið í dag.

Formaður sagði að mótmæli gegn veiðunum streymdu í Fiskifélagið og mundu trillumenn hér búnir að senda mótmæli.

Sigfús Guðmundsson sagði að Jón Jónsson, fiskifræðingur o. fl. menn, sem ynnu að frumvarpi þessi, álitu að meira en mál væri orðið að veiða flatfiskinn því hann gæti orðið hættulegur rúmfishi því hann hirti botnætið.

Eftirfarandi tillaga, sem er í samræmi við áskorun á Alþingi, samþykkt á fundi 22. febrúar 1959, kom fram.

"Fundur í S.s. Verðandi haldinn 19/6 1960, samþykkir einróma að mæla með því að leyfð verði dragnótaveiði innan landhelgislinunnar um takmarkaðan tíma, undir vísindalegu eftirliti, eins og Alþingi samþykkti það."

Samþykkt einróma.

5. Formaður minntist á fisksöfnunartillögu frá s.l. vetri. Við nánari ath. hafði stjórninni fundist hentugra að gengið yrði með lista til bátana en ekki hefði orðið úr því, páska-hrotan hefði brugðist og því hefði sér ekki fundist tímabært að setja söfnunina af stað en þetta yrði geymt til næstu vertíðar.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið kl. 14:50.

19 félagar mættir.

Kristinn Pálsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari

121. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 23. október 1960 í Akóges og hófst kl. 13:00.

1. Formaður, Kristinn Pálsson, setti fundinn og bauð Guðmund Jónsson, skrifstofustjóra F.F.S.Í. velkominn en hann hafði komið frá Reykjavík til þess að sitja þennan fund.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir
Bernaharð Ingimundarson og Guðjón Kristinsson.
Samþykktir einróma.
3. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
4. Guðmundur Jónsson tók til máls og rakti í fáum dráttum sögu stofnunar F.F.S.Í. sem í fyrstu hefði verið eins konar menningarsamband en farið inn á að sameina samninga um land allt.
Nú væru hörð átök framundan og hingað hefði hann skroppið til að eggja menn á að segja upp samningum og standa fast saman.
Sagði frá fundi, er hann sat í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi, þar sem einróma var samþykkt að segja upp samningum. Sama hefði gerst í Keflavík.

Keflvíkingar vilja fá 1 1/2 hlut til stýrimanns og töldu samninganefnd F.F.S.Í. lina í sókn að hafa ekki náð þessu í samningana 1957 en ströglið um 1 1/2 hlut til stýrimanns þar þá ekki árangur. Fékkst einungis 1 1/3.

Guðmundur sagði að mjög gott væri að fá tillögur um ákvæði í samningana og óhjákvæmilegt gæti orðið að fá menn úr Eyjum í samningaviðræðurnar. Engir samningar yrðu undirritaðir nema með samþykki hvers félags fyrir sig.

Formaður þakkaði Guðmundi töluna.

Sagði að nú væri unnið að því að breyta og samræma kjörin um allt land. Samkomulag væri í landsambandinu og sjómannafélögunum um að hafa eitt fiskverð og fella niður kauptrygginguna.

Taldi að við yrðum að segja upp samningum ef við vildum halda í horfinu.

Sigurður Stefánsson taldi að ekki væri afgert að segja upp samningum í sjómannafélögunum. Eðlilegt væri að Verðandi fylgdi með ef F.F.S.Í. segði upp samningum. Sagði að sér fyndist óeðlilegt að reikna hlut yfirmanna út frá hlut undirmanna og yrðu þeir svo að berjast fyrir að halda uppi verðinu.

Guðmundur Jónsson sagði fiskverð skammtað eins og skít úr hnefa þrátt fyrir dugnað. Stefna F.F.S.Í. væri að heimta aðild að fiskverði.

Er hér var komið, varð Guðmundur að yfirgefa fundinn vegna flugferðar til Reykjavíkur.

Formaður þakkaði honum komuna.

Júlíus Sigurðsson vildi að félagið slepti ekki hlutaskiptunum en að hver fengi sannvirði fyrir sinn hlut.

Sigurður Stefánsson sagði að með fastakaupi og premíu af tonni þá kæmi fiskverð ekkert málinu við Samningsuppsögn væri aldrei til skaða en menn yrðu að gera sér grein fyrir hverju ætti að breyta. T.d. væri óeðlilegt að 1/3 úr afla næmi kannski 1/4 af verðmæti. Taldi að erfitt yrði fyrir félögin hér að semja um fast verð og premíu.

Eyjólfur Gíslason var sammála Júlíusi og vildi ekki missa hlutaskiptin. Taldi að fast kaup drægi úr áhuga manna við sjósóknina.

Formaður taldi að hlutaskipti féllu ekki alveg úr gildi en jöfnuðu bilið milli hæsta og lægsta báts.

Páll Þorbjörnsson taldi að félagið gæti, ef það ekki sætti sig við samninga sambandsins, samið sjálf, t.d. í því tilfalli að samið yrði um kaup og prósentur eða premíu.

Eftirfarandi tillaga var borin upp:

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi 23. október 1960, felur stjórn F.F.S.Í. að segja upp gildandi samningum Formannasambandsins við L.Í.Ú."

Við atkvæðagreiðslu sögðu	24	já.
	1	nei.
	6	seðlar auðir.

Tillagan því samþykkt.

5. Formaður las bréf, sem nefnd, kosin á síðasta fundi, sendi Guðmundi Jónssyni og svarbréf Guðmundar. Var efni þeirra varðandi hlutabótina sem greidd var til sjómanna, annarra en skipstjóra og stýrimanna og rætt var á síðasta fundi.

Formaður þakkaði nefndarmönnum störfin. Sagði frá umræðum er hann bar málið upp á útvegsbændafundi.

Björn Guðmundsson væri óbeinlínis búinn að samþykkja þetta og á fundinum hefði verið óskað að leysa þetta þannig að allir mættu vel við una. Eggjaði formaður menn á að fara hver í sinn útgerðarmann og rukka þetta og láta stjórnina vita ef það gengi ekki.

Páll Þorbjörnsson, einn nefndarmanna, sagði frá samtali sem hann átti við Björn Guðmundsson um málið. Þá taldi Páll að félagið vantaði lista yfir þá menn sem ekki fengju þetta greitt.

Gísli Eyjólfsson, sem einnig var í nefndinni, skýrði frá símtali sem hann átti við Guðmund Jónsson um málið.

Nokkrar umræður urðu um málið og töldu menn að skipstjórum bæri 2 hlutir og stýrimönnum 1 1/3.

Formaður lofaði að rannsaka hve margir bátar hefðu borgað hlutabótina því álitíð var hægara um vik að rukka ef það lægi ljóst fyrir.

6. Formaður spurði hvort menn hefðu áhuga á að halda afmæli.

Talið var sjálfsagt að halda það.

Í afmælisnefnd voru tilnefndir:

Ingólfur Matthíasson

Sigþór Sigurðsson

Þórarinn Eiríksson

Ásberg Hallgrímsson

Sævald Pálsson

Bernharð Ingimundarson

Guðjón Kristinsson

Til vara: Magnús Grímsson og Guðjón Ólafsson.

Samþykktir með lófaklappi.

7. Kristinn Sigurðsson sagði frá tilboði happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna þar sem það bauðst til að styrkja byggingu heimilis hér. Sagði frá fundi sem haldinn var í sumar í sjómannadagsráði og stjórnnum félaganna. Þá var málið rætt lítillaga en engar ákvarðanir teknar.

8. Sigurgeir Ólafsson spurði hvort ekki ætti að senda neitt frá félaginu um landhelgismálið og óskaði eftir að borin yrði upp tillaga í málinu.

Gísli Eyjólfsson tók í sama streng og fannst, eins og Sigurgeir, illa farið ef félagið léti ekkert frá sér fara um málið því félagið hefði alltaf reynt eftir mætti að standa að landhelgismálinu.

Eftirfarandi tillaga var borin upp:

"Fjöldmennur fundur í S.s. Verðandi, haldinn 23/10 1960, skorar eindregið á ríkistjórn og Alþingi, að hvika í engu frá 12 mílna landhelgi og standa fast á rétti okkar."

Samþykkt einróma.

9. Formaður minntist á friðun hrauna sem stundum áður hefur verið rætt innan félagsins en ekki komist í neina framkvæmd.

10. Fyrirspurn barst um hvort bann við róðrum á helgidögum gildi ekki yfir annan tíma árs en vetrarvertíðina.

Júlíus Sigurðsson kvað það komið undir drengskap manna hve þetta væri vel haldið en ekki væri hægt að kæra eða sekta fyrir brot á helgidagaróðrasamþykkt, hún væri einungis félagasamþykkt.

Nokkrar umræður urðu um hvernig koma mætti í veg fyrir sunnudagaróðra en í því er erfið aðstaða. Í umræðunum kom fram að einstaka snurrvoðarbátur hefur brotið samþykkt í haust og einn eða tveir jafnvel sælst til þess.

Talið var reynandi að auglýsa að samþykkt væri í fullu gildi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:30.

Kristinn Pálsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari.

122. fundur.

Aðalfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
var haldinn sunnudaginn 8. janúar 1961 og hófst kl. 13:00 í
Alþýðuhúsinu.

1. Formaður, Kristinn Pálsson, setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir nýjan féлага,
Jón Guðmundsson, Sjólyst.
Samþykktur einróma.
2. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður flutti stutt yfirlit yfir helstu störf félagsins á liðnu ári. Haldnir voru þrjú fundir, þessi
aðalfundur væri 22. aðalfundur félagsins og mundu nú vera yfir 80 fullgildir meðlimir í félaginu. 5
menn gengu inn á árinu.
Félagsgjöld hækkuðu á árinu þannig að starfandi skipstjóri borgar nú kr. 300 og aðrir meðlimir
samsvarandi.
Strögl varð útaf hlutabót. Fjárhagur félagsins batnaði á árinu, þó ekki nóg.

Samningum var sagt upp og er ekki vitað hvenær samningaviðræður hefjast.

Þakkaði meðstjórnendum og öðrum, sem fyrir félagið hafa unnið, gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óskaði félaginu alls hins besta á komandi árum.

4. Formaður bað gjaldkera, Hauk Jóhannsson, lesa reikninga félagsins fyrir síðasta ár.

Helstu tölur reikninga fyrir árið 1960 eru:

Reikningar félagssjóðs:

Á innlánsbókum	kr. 14.313,18
Vínbirgðir frá árhátíð	kr. 11.600,00
Ársgjald 64 skipst., 65 stýrim. og 30 styrktarmeðlimir.	kr. 25.400,00
Tekjuaukning nam	kr. 14.318,18
Niðurstöðutölur	kr. 50.038,81

Reikningar styrktarsjóðs:

Á innlánsbókum og í sjóði	kr. 37.425,11
Veitt var úr styrktarsjóði	kr. 8.000,00
Gjafir og áheiti	kr. 1.100,00
3 skuldabréf	kr. 47.500,00
Niðurstöðutölur	kr. 93.166,17
Eignir sjóðsins 1/1 1961	kr. 85.166,17

Formaður sagði að félagið hefði orðið að hlaupa undir bagga og leysa út vínbirgðir, sem pantaðar voru til árhátíðar félagsins. Árhátíðin var illa sótt og gengu þessar birgðir ekki út, eru þær geymdar í bankahólfi.

Formaður kvaðst ekki vita annað en Félag Bjargveiðimanna mundi kaupa vínið til nota á ársfagnaði sínum.

Þá sagði formaður svo frá að hafnarsjóðsskuldabréfin hefðu verið dregin út í ágúst en ekki verið borguð út enn.

Gjaldkeri skýrði nánar frá árangurslausum tilraunum sínum til greiðslu bréfanna.

Fleiri umræður urðu ekki, reikningar bornir undir atkvæði.

Samþykkir einróma.

5. Þá fór fram stjórnar- og nefndakjör.

Formaður bað menn tilnefna menn í formannssæti og baðst jafnframt eindregið undan endurkjöri er hann var tilnefndur.

Í formannssæti:

Tilnefndir voru: Júlíus Sigurðsson og Friðrik Ásmundsson

Kosinn var: Júlíus Sigurðsson fékk 18 atkvæði.
Friðrik Ásmundsson fékk 15 atkvæði.
og er hann varaformaður.

Ritarar:

Endurkosnir með lófaklappi.
Ritari: Gísli Eyjólfsson
Vararitari: Eyjólfur Gíslason

Gjaldkerar: Haukur Jóhannsson baðst eindregið undan kjöri.

Tilnefndir voru: Guðmar Tómasson og Gísli Jónasson.

Gjaldkeri var kosinn:

Gísli Jónasson fékk 16 atkvæði.

Varagjaldkeri: Guðmar Tómasson fékk 15 atkvæði.
1 seðill auður.

Enduskoðendur voru endurkosnir.

Karl Guðmundsson (Reykholti)
Stefán Stefánsson

Sjómannadagsráð.

Úr því gengu Bjarni Sighvatsson og Friðþjófur Mátsson, samkvæmt reglunum, en tveir varamenn voru teknir í ráðið, þeir Guðmundur Í. Guðmundsson og Ragnar Eyjólfsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Bjarnhéðinn Elíasson (formaður)
Grétar Skaftason Guðmar Tómasson
Guðmundur Í. Guðmundsson Ragnar Eyjólfsson

Til vara:

Gísli Jónasson, Bernharð Ingimundarsson
Magnús Stefánsson

Björgunaræfinganevnd var endurkosin

Kristinn Sigurðsson
Einar Jóhannesson, Kristinn Pálsson.

Fánaberar voru endurkosnir

Arnoddur Gunnlaugsson
Daníel W. F. Traustason

Gæslumaður fána var endurkosinn

Karl Guðmundsson, Reykholti.

Gæslu- og ægisnefnd var öll endurkosin.

Hana skipa: Óskar Ólafsson (formaður)
Páll Ingibergsson Óskar Matthíasson
Jóhann Pálsson Sveinbjörn Hjartarson
Ólafur Sigurðsson Magnús Grímsson
Sveinn Hjörleifsson Helgi Bergvinsson

Veiðarfæranefnd var endurkosin

Jón Guðmundsson
Jóhann Pálsson
Bjarnhéðinn Elíasson

Skemmtinefnd var enn gefið tækifæri til að bæta sig og tveim mönnum bætt í nefndina þeim til hjálpar. Þessir tveir eru Ragnar Eyjólfsson, sem vera skal formaður og Guðjón Pálsson.

Skemmtinefnd er nú þannig skipuð:

Ragnar Eyjólfsson (formaður)
Jón Valgarð Guðjónsson Friðrik Ásmundsson
Guðmundur Í. Guðmundsson Guðjón Pálsson

Styrkveitinganevnd var endurkosin.

Hana skipa: Bjarni Jónsson
Ólafur Sigurðsson Sigfús Guðmundsson

Fulltrúaráð var endurkosið. Það skipa:

Kristinn Sigurðsson	Jón Guðmundsson
Eyjólfur Gíslason	Sigurgeir Ólafsson
Páll Þorbjörnsson	Þorgeir Jóelsson

Varamenn voru einnig endurkosnir.

Sighvatur Bjarnason	Guðjón Ólafsson
Elías Sveinsson	Sigfús Guðmundsson
Þorsteinn Gíslason	Sigurður Ögmundsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningu.

6. Fráfarandi formaður, Kristinn Pálsson þakkaði meðstjórnendum sínum, og öðrum þeim sem fyrir félagið hafa unnið, samstarfið og óskaði félaginu og meðlimum þess allra heilla.

Bauð, að svo mæltu, hinn nýkjörna formanni Júlíus Sigurðsson, velkominn í formannssætið.

Júlíus gekk því næst í formannssæti ásamt hinum nýkjörna gjaldkera.

Júlíus þakkaði félagsmönnum það traust er þeir sýndu sér með því að fela sér að nýju formennsku í félaginu.

Kvað hann þetta óverðskuldað traust en kvaðst vona að sér tækist betur nú en síðast því þá hefði sér ekki þótt árangurinn nógu góður.

7. Formaður, Júlíus Sigurðsson, las bréf sem borist hafði frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, þess efnis að beiðni um meðmæli handa réttindalausum mönnum til vélgæslustarfa, skulu hafa borist félaginu minnst tveim sólarhringum fyrir lögskráningardag.

Á þeim tíma mun félagið sjálft auglýsa eftir vélstjóra til starfans, að öðru leyti gilda sömu reglur og áður um veitingu meðmæla.

8. Formaður bað menn ræða tillögu endurskoðenda um að leggja fé styrktarsjóðsins á 10 ára bækur en tillaga þessi fylgdi með reikningum félagsins.

Sigurður Stefánsson taldi að ekki mundi hentugt fyrir fátækt félag að setja þannig fé þessa eina sjóðs fast, auk þess væri mikill styrkur fyrir félagið að geta lánað félögum sínum ef á lægi en koma mætti í veg fyrir að félagið yrði fyrir vaxtatapi.

Kristinn Pálsson tók í sama streng.

Lagt var til (Sigurgeir Ólafsson) að afgreiðslu þessa máls yrði frestað til næsta aðalfundar.

Var það samþykkt.

9. Formaður bað menn kjósa mann til farar til Reykjavíkur til setu í samninganefnd.

Tilnefndir voru: Júlíus Sigurðsson, baðst undan.

Gísli Eyjólfsson, baðst einnig undan.

Karl Guðmundsson, samþykkti.

Var Karl kosinn einum rómi til fararinnar en Júlíus Sigurðsson lofaðist til að vera varamaður samkvæmt ósk fundarmanna.

10. Kristinn Pálsson ræddi gjald það sem tekið hefur verið fyrir að skrifa undanþágumeðmæli. Stakk upp á að stjórninni yrði falið að kaupa ritvél til afnota fyrir ritara svo lokið mætti vera hlaupum hans eftir ritvél um allan bæ ef skrifa þyrfti bréf fyrir félagið.

Samþykkt einróma.

Friðrik Ásmundsson hóf máls á að leitað yrði eftir réttindamönnum áður en undanþágur væru veittar. Taldi Friðrik það ganga of langt og vildi að félagið minnkaði, eða eins og hann orðaði það, "skrifaði ekki upp á hjá hverjum sem væri."

Júlíus Sigurðsson, Gísli Eyjólfsson og Kristinn Pálsson svöruðu og bentu á að ekki fengist munstrað nema meðmæli með undanþágumanni kæmi frá félaginu. Einnig var á það bent, af ritara, að þessi 3-4 ár, síðan þetta kom til framkvæmda, hefði enginn félagi gefið sig fram við stjórn félagsins þrátt fyrir auglýsingu í blöðum, á sínum tíma, og margar áminningar á fundum.

Sigurgeir Ólafsson tók undir þetta og lýsti ástæðum fyrir því að félagið breytti afstöðu sinni og hóf að skrifa undir undanþágubeiðnir, en hún var að F.F.S.Í., sem hafði haft með að gera, vísaði því heim í hérað.

Sigurgeir ræddi einnig hvort ekki væri rétt að félagið skoraði á Alþingi að leyfa að haldin yrðu tvö námskeið í röð hér í Vestmannaeyjum.

Mundi ekki af því veita í stærstu verstöð landsins.

Talið var réttara að geyma þetta mál til hausts er síðasta námskeiðið, sem halda ætti hér, stæði yfir.

11. Karl Guðmundsson spurði, hvort félagið hefði nokkuð sérstakt sem það **æskti** að fá inn í samningana og hann gæti haft í veganesti til Reykjavíkur.

Kristinn Pálsson skýrði frá símtali við Guðmund Jónsson. Sagði að í dag mundi fundur (í Reykjavík) endanlega ganga frá samningsuppkasti. Allir samningarnir yrðu samdir upp en aðeins væru það þorsk- og síldarsamningarnir sem kæmu okkur við.

12. Kristinn Pálsson ræddi um innsiglingarljósinn og vildi að félagið skrifaði hafnarnefnd og færi þess á leit "Hvort ekki væri hægt að fá græna hafnargarðsljósíð sterkara."

Samþykkt einróma.

Einnig var eftirfarandi viðbót samþykkt:

"Einnig að haft verði eftirlit með að innsiglingarljós og vitar séu lifandi og að tilkynnt verði til báta sem á sjó eru, ef þau eru ekki í lagi."

"Einnig að aukið verði stigum í bryggjurnar og merkt þar við."

13. Eftirfarandi tillaga, sem á við umræður sem getið er í 10. lið, var borin upp af Friðriki Ásmundssyni.

"Fundurinn samþykkir að gefin verði út tilkynning í blöðum bæjarins, fyrir vertíðir og sumarúthöld til félagsmanna sinna, sem ekki eru ráðnir í skiprúm, að láta stjórnina vita. Ef enginn gefur sig fram, er formanni heimilt að veita undanþágur til skráningar skipstjórnarmanna.

Ef einhver gefur sig fram verður að athuga allar aðstæður áður en til máls kemur að veita undanþágu."

Tillaga samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 15:00.

Júlíus Sigurðsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

123. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
föstudaginn 27. janúar 1961 og hófst kl. 14 í Alpýðuhúsinu.

Fundarefni: Samningarnir.

1. Formaður, Júlíus Sigurðsson, setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir
Einar Þórarinsson, Skólaveg 15
Samþykktur einróma.
2. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður ræddi samningana og sagði að nú gerði hvorki að reka né ganga í
samningaumleitunum. Formaður sagði frá samningsuppkastinu í stórum dráttum og hvernig málin
stæðu nú.
Búið er að færa niður hluta- og fastakaupskröfur og mundi kaupnið komið í sama og var
sömuleiðis væri kauptryggingin.
Í fyrstu og þriðju grein var miðað við % af afla en það máttu útgerðarmenn ekki heyra nefnt
heldur skuli miðað við hlut.

Formaður las grein þá sem fjallar um tryggingu yfirmanna en hún er ný því grein sú í gömlu samningunum, sem hljóðaði um ábyrgðartryggingu ef um slys eða dauða var að ræða, hélt ekki fyrir rétti.

Hafði það komið í ljós er sækja átti bætur fyrir stýrimann sem drukknaði er skip hans fórst. Nú væru fulltrúar félaganna í samningsnefndinni að leita álits félaga sinna um hvað gera skuli. Formaður upplýsti, samkvæmt viðtali við Karl, að Skipstjóra- og stýrimannafélagið Víðir í Keflavík væri búið að boða verkfall frá mánaðamótum.

Bað menn ræða málið og láta uppi álit sitt um hvort hefja ætti verkfall eða ekki.

Umræður urðu litlar og tóku aðeins tveir menn til máls, þeir Sigurður Stefánsson og Magnús Stefánson og ræddu báðir um tryggingargreinina, sem Sigurður taldi standast en að greinin, sem kvað á um dagpeninga, héldi ekki. Magnús taldi greininna mjög mikilsverða og mundi ekki kosta tilfinnanlega mikið.

Sigurður Stefánsson bar upp eftirfarandi tillögu:

"Fundurinn heimilar stjórn- og trúnaðarmannaráði að undirbúa vinnustöðvun á löglegan hátt."

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Formaður bauð mönnum að fá hjá sér viðbótina við fiskveiðasamþykktina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:00 34 félagar mættir.

Júlíus Sigurðsson
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

124. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 3. febrúar 1961 og hófst kl. 20:30 í Akóges.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

2. Fundarefnið: Samningarnir.

Formaður bað Karl Guðmundsson lýsa fyrir mönnum hvernig málin stæðu.

Karl sagði að það hefði valdið samninganefnd F.F.S.Í. vonbrigðum hvernig atkvæðagreiðsla félagsins fór og sagðist ekki hafa talið sér fært að sitja lengur þar eð félagið skarst svo úr leik.

Karl kvaðst hafa komist að því að uppkastið hefði verið afvegafært hér í bænum og hefði það kannski haft áhrif á kosninguna.

Karl skýrði því næst frá þeim breytingum sem gerðar hefðu verið á samningsuppkastinu til samkomulags. Sagði að algjört samkomulag væri um margar greinar í samningsuppkastinu en hörð barátta um aðrar. T.d. vildu útgerðarmenn fella fastakaupið í burtu en F.F.S.Í.-nefndin segði það aldrei koma til mála enda búið að standa í samningum í 26 ár.

Um 1 1/2 hlut til stýrimanns sagði Karl að væru ekki harðar deilur.

Hins vegar væri hörð barátta um 11. gr. samningsuppkastsins. Kostnaður við framkvæmd hennar mundi nema kr. 1320,00, á mann.

Sama væri að segja um 12. gr. en kostnaður við hækkingu hennar næmi um 900 kr. á ári.

27. gr. hefði verið hækkuð upp í 14 daga.

Samkomulag hefði orðið um grein sem fjallar um skip sem stunda flutninga og væri það veruleg hækkun.

Til samkomulags var boðið að fella niður 20. gr., í baráttunni fyrir 11. gr.

Karl sagði að samninganefnd L.Í.Ú. hefði aldrei komið með neitt í samkomulagsátt en F.F.S.Í.-nefndin verið komin eins neðarlega og hún hefði talið unnt.

Formaður, Júlíus Sigurðsson, tók næstur til máls og sagði að félagið væri komið í mjög erfiða aðstöðu vegna sérstöðu sinnar.

Það væri með eindæmum, að fella við atkvæðagreiðslu, það sem samþykkt væri á fundi og gerði stjórnina að fíflum, og félaginu mjög erfitt fyrir. Heiðarlegra hefði verið andmæla á fundinum og greiða þar atkvæði, í stað þess að, að samþykki án nokkurs mótaskvæða og láta stjórnina þannig vinna að máli sem félagar vildu ekki.

[Atkvæðagreiðsla um verkfallsheimild fór þannig: 24 Nei - 21 Já - 1 seðill auður].

Formaður sagði að sér hefði þótt rétt að halda þennan fund og lofa mönnum að heyra hvernig málin stæðu þó lítil eða engin breyting væri á frá því sem skýrt var frá á síðasta fundi en í bænum væri rekinn mikill áróður á samningana og því haldið fram að farið væri fram á 3 og jafnvel 4 hluti til skipstjóra og fleira viðlíka.

Bað menn skoða samningana og skoraði á sem flesta að láta til sín heyra.

Til máls tóku Ólafur Sigurðsson, Óskar Ólafsson, Guðjón Pálsson, Ragnar Eyjólfsson, Sveinn Hjörleifsson, Kristinn Magnússon og Friðrik Ásmundsson. Auk þeirra Karl Guðmundsson sem svaraði ýmsum fyrirspurnum ásamt öðrum.

Ólafur Sigurðsson taldi trygginguna sjálfsgæða, gæti hins vegar felld sig við tvo hluti án fastakaups og sér fyndist allir ættu að hafa sömu kauptryggingu.

Kristinn og Friðrik voru algjörleg á móti fellingu kaupsins eða annari lækkun.

Óskar Ólafsson og Ragnar Eyjólfsson töldu veikan hlekk, af félagsins hálfu, að ekki skyldi vera maður áfram í samninganefndinni.

Karl svaraði því til að hann hefði átt bágð með að sitja áfram og hvetja til róttækra aðgerða eftir að hans félag hefði brugðist. Hefði tekið á sitt eindæmi að hætta í þ. m. í bili enda enginn fundur eða neitt nýtt legið fyrir er hann fór heim. Hann, ásamt stjórninni, mundi þó hafa samband suður og fylgjast með því sem gerðist.

Formaður taldi einnig rétt að bíða og sjá hvað gerðist.

Að umræðum loknum bar formaður upp tillögu frá Ragnari Eyjólfssyni:

"Ég geri það að tillögu minni að Karl Guðmundsson haldi sig sem mest í Reykjavík, meðan á samningum stendur og fari suður ekki seinna en á þriðjudagskvöld, eða strax og þurfa þykir."
Samþykkt einróma.

3. Stefán Stefánsson bað menn ræða tillögur sem hann las upp, og kæmi hann með hana á fundinn samkvæmt beiðni Hjálmars R. Bárðarsonar, sem taldi sér það mikinn styrk ef slíkt væri samþykkt hér því mest reynsla fyrir gúmmíbátum væri hér í Vestmannaeyjum. Stefán sagði að hér í Eyjum væru 11 bátar sem ættu að hafa trébát auk gúmmíbáts en hingað til hefði verið séð í gegnum fingur að framfylgja því.

Í umræðum voru allir sammála um að gúmmíbátar væru það besta sem við þekktum og trébátar orðnir úreltir sem björgunartæki.

Formaður sagði frá er hann var með trébát á Þorgeir goða. Var hann aldrei til friðs og sagðist formaður hafa orðið þeirri stund fegnastur þegar hann losnaði við hann í land.

Þá taldi formaður að hann og skipverjar hans hefðu aldrei komið trébát heilum í sjóinn er Már fórst.

Óskar Ólafsson kvað Magnús á Straumey hafa sagt að hann gæti ekki ímyndað sér að trébátur hefði komist heill í sjóinn er Óskar spurði hann hvort hann teldi að þeir hefðu bjargast í trébát.

Fleiri tóku til máls og kom fram að sumir töldu eðlilegra að miða gúmmíbátafjölda við mannfjölda og fremur við lengd skips en tonnatölu.

Að umræðum loknum bar formaður tillögunu undir atkvæði og var hún samþykkt einróma.

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi í Vestmannaeyjum, 3. febrúar 1961, skorar á skipaskoðunarstjóra ríkisins að beita sér fyrir breytingu á lögum um björgunarbáta á fiskiskipum þannig að fiskiskipum frá 80 til 200 smálesta sé heimilt að hafa tvo gúmmibáta eða gúmmibát og venjulegan lífbát eins og nú er heimilt samkvæmt lögum."

4. Formaður ræddi blaðammæli þau að nyrðri hafnargarðurinn væri of langur. Kveðst muna svo langt að órólegt hefði verið í höfninni áður en garðurinn var lengdur, og hann einmitt lengdur þess vegna. Frestað var frekari umræðum svo menn gætu kynnt sér málið og rætt það við eldri menn og komið með það á næsta fund eftir tillögu Helga Bergvinssonar.
5. Helgi Bergvinsson spurði hvort nokkuð hefði komið fram um rögun í samninganefndinni. Karl kvað nei við en sagðist halda að mönnum fyndist hún ranglát.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 23.

40 félagar mættir.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Júlíus Sigurðsson
Formaður

125. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 17. febrúar 1961 í húsi Akóges.

Fundarefni: Samningarnir.

1. Formaður setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir:

Ármann Böðvarsson	Vallargötu 14
Baldvin Skæringsson	Illugagötu 7
Björn Jónsson	Landagötu 30
Hermann Pálsson	Vallargötu 16

Samþykktir einróma.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður bað Karl Guðmundsson skýra frá samningsuppkastinu eins og það var samþykkt af nefndunum.
Karl las og skýrði hið nýja samningsuppkast og bar hverja grein saman við gamla samninginn svo menn gætu betur áttað sig á hverjar breytingar hafa orðið.
Höfuðbreytingar eru að hlutur stýrimanns hækkar í 1 1/2 hlut, allt mánaðarkaup lækkar í kr. 250,00, síldarsamningurinn tekinn inn í óbreyttur, að öðruleyti en því, að skipstjóri hefur 8 % og ekki minna en tvo hásetahluti.

Kjör á skipum í flutningum hækka verulega og 11. gr., 200.00,00 kr. tryggingin, mjög mikils virði þó gefa yrði eftir af fastakaupinu.

Karl svaraði nokkrum fyrrispurnum fundarmanna, aðallega viðvíkjandi 11. gr.

Formaður þakkaði Karli förina og ræddi samningauppkastið lítilla. Taldi formaður að í 2. gr. (síldarsamninga) kæmi hækkan á móti kaupinu.

Þá fór fram leynileg atkvæðgreiðsla.

Já sögðu 35 atkvæði.

Nei sagði ekkert.

4 seðlar auðir.

samningsuppkastið samþykkt

4. Formaður minntist á gúmmíbátamálið.

Ritari las bréf sem sent var skipaskoðunarstjóra og annað bréf sem ritari sendi persónulega sama aðila. Var þar stiklað á því helsta sem félagið hefur gert í því máli.

5. Formaður sagði frá bréfi, frá Einari Gíslasyni, um neyðarsenda í gúmmíbáta, sem lesið var upp á spilafundi félagsins fyrir skömmu.

Formaður sagði að sendar þessir kæmu ekki að notum nema móttökutæki fyrir þau væru í björgunarskipinu en þau mundu vera all dýr.

Bréf þetta mun verða birt í blöðum.

6. Guðjón Pálsson bar upp tillögu viðvíkjandi skemmtunum á vegum styrktarsjóðs.

"Fjölmenntur fundur í S.s. Verðandi, haldinn 17. febrúar 1961, skorar á menntamálaráð að láta skemmtanaskatt falla niður af skemmtunum, sem haldnar eru á vegum styrktar- og ekknasjóðs Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi."

Samþykkt einróma.

7. Ólafur Sigurðsson hóf máls á því hvort félagið gæti á nokkun hátt haft áhrif á deilu verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda.

Miklar umræður urðu um málið og tóku margir til máls og ræddu hvað helst mundi hægt að gera í svo viðkvæmu máli.

Það kom fram í umræðum að menn töldu óviðunandi hve lítið deiluaðilar talast við og hve langt væri nú frá síðasta fundi.

Margir vildu skora á sáttasemjara að koma hingað strax og töldu sumir ræðumenn t.d. Júlíus Ingibergsson o. fl. að sáttasemjari gerði sér ekki grein fyrir ástandinu hér í Eyjum eins og það væri, þegar orðið neyðarástand.

Steingrímur Arnar taldi sáttasemjara ekkert hafa hingað að gera eins og málin stæðu nú.

Rakti all ítarlega hverjar kröfurnar væru og svör atvinnuveitenda.

Taldi að staðið gæti til bóta að skora á atvinnuveitendur að birta í blöðum hvað þeir gætu boðið og menn sæi það svart á hvítu hvað til boða stæði og gæti það komið því til leiðar að þeir töluðu saman, en þetta kom einnig fram í framsöguræðu Ólafs Sigurðssonar, sem taldi að miklar mótsagnir væru um það hvað væri boðið. Voru fleiri ræðumenn sammála.

Að umræðum loknum voru bornar upp eftirfarandi tillögur.

Tillaga borin upp af Kristni Pálssyni:

"Fjölmenntur fundur í S.s. Verðandi, 17. febrúar 1961, skorar á sáttasemjara ríkisins að koma til Vestmannaeyja hið allra fyrsta, þar sem sýnilegt er að neyðarástand er að skapast hér í Vestmannaeyjum vegna yfirstandandi vinnudeilu verkamannafélaganna og vinnuveitenda."

Breytingartillaga kom fram. Var hún eins að öðru leyti en að í stað orðanna - neyðarástandi er að skapast - kæmi - neyðarástand hefur skapast -.

Breytingartillaga borin undir atkvæði.

Með henni voru 3 atkvæði.

Tillagan borin undir atkvæði óbreytt.

Samþykkt mótaskvæðalaust.

Tillagan var send sáttarsemjara í símskeyti.

Tillaga borin upp af Sigurgeir Ólafssyni og Ólafi Sigurðssyni.

"Fjölmennur fundur í S.s. Verðandi, haldinn 17. febrúar vill benda á að þar sem nokkurs misskilnings mun hafa gætt um framkomnar tillögur og kröfur í vinnudeilu þeirri, sem nú stendur yfir á milli Verkalýðsfélag Vestmannaeyja og atvinnurekenda, hvort ekki myndi heppilegt að báðir aðilar birtu í blöðum bæjarins allt sem fram hefir komið í þessum málum. Félagið vill aðeins benda viðkomandi aðilum á atriði þetta ef það gæti á einhvern hátt flýtt fyrir þessum málum, orðið til góðs og fyrirbyggt misskilning."

Samþykkt einróma.

Tillagan skal send formanni samninganefnda Verkalýðsfélagsins og atvinnurekenda.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

40 félagar mættir.

Júlíus Sigurðsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

126. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi 1. mars 1961 og hófst kl. 20:45 að Hótel H.B.

1. Borin upp inntökubeiðni fyrir
Guðmund Guðlaugsson, Hásteinsvegi 5.
Samþykktur einróma.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Fundarefnið: Landhelgismálið.
Formaður, Júlíus Sigurðsson, skýrði málið í fáum dráttum. Veigamesta breytingin væri við Sv.-land. Einnig væri breytingin á Húnaflóa veigamikil en hún lokaði Reykjafjarðarársbotninum. Júlíus sagði að samanlagður tími hér væru 9 mánuðir og hvergi meira en 1 1/2 ár. Við fengjum svæði sem við höfum alltaf barist fyrir.
Kristinn Pálsson lýsti sig fylgjandi þingsályktunartillögunni þó væri því ekki að neita að þetta bitnaði harðast á Austfjörðum en taldi svæðin sem Bretar fá ekki þýðingarmikil. Hvatti stjórnina til að semja tillögu í málinu og fundarmenn að samþykkja hana.
Formaður sagði frá tillögu sem stjórnarfundur kom sér saman um í gærkvöldi og las fundarmönnum tillöguna.
Karl Guðmundsson kvað hér skjóta skökku við því fyrir 3 mánuðum hefði félagið samþykkt tillögu um að hvika ekki frá 12 mílum. 12 mílur væru ekkert lokatakmark heldur allt landgrunnið en ekki mundi hægt að færa út einhliða eftir samþykkt þessarar tillögu og væri hann á móti henni.

Páll Þorbjörnsson taldi ekki verið að semja af okkur heldur komið að nokkuru leyti lengra. Kvaðst ekki hefði trúnað að samningar tækjust án þess að af okkur yrði samið.

Skýrði í höfuðdráttum hvað við ynnum og sagði m.a. útfærslu grunnlínunnar gera meira en að dekkja það sem Bretar fá. Allt, sem við höfum verið að byggja á, er frá Alþjóðaráðstefnunni í Genf og við tókum 4 mílurnar eftir Norðmönnum er þeir höfðu unnið málið við Breta fyrir Hagdómstólum. Þetta væri uppgjöf bresku stjórnarinnar en hún hefði misst andlitið í baráttunni við litlu þjóðina.

Sigurður Stefánsson kvað félagið oft hafa gert einarðlegar samþykktir í landhelgismálinu en nú væri rokið til og samþykkt á öðrum degi. Stórmannlegra hefði verið að láta málið afskiptalaust heldur en að éta ofan í sig fyrri tillögur. Kvaðst hann aldrei hafa fengið nein rök fyrir hvers vegna ætti að semja við Breta frekar en aðrar þjóðir. Kvaðst hann ekki skilja úr hvaða útungunarvél stjórnin hefði fengið þessa tillögu því nákvæmlega eins tillaga hefði verið samþykkt í öðru félagi í dag.

Ritari mótmælti þessari aðdróttun Sigurðar í garð stjórnarinnar og kvað tillöguna orðaða af stjórninni en skrifaða af sér og færði Sigurði tvö uppköst að tillögunni því til sönnunar.

Formaður mótmælti einnig aðdróttum Sigurðar og kvað tillöguna gerða eftir nákvæma yfirvegun og útsetningar í sjúkort og taldi þetta okkur í hag.

Eyjólfur Gíslason, Páll Þorbjörnsson og Ólafur Sigurðsson töluðu allir með tillögunni en Sigurður Stefánsson kvað hægara að bjóða stórveldi heim en losna við það og viðurkennt hefði verið að Íslendingar væru búnir að vinna stríðið við Breta.

Sigurgeir Ólafsson sagðist hafa verið eindregið móti samningum við Breta og borið upp flestar tillögur félagsins í landhelgismálinu. Hér hafði aldrei komið tillaga um að knésetja þá ekki en nú væru Bretar knésettir og hann væri fylgjandi tillögunni.

Formaður bar þá upp tillögu stjórnarinnar svohljóðandi:

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi í Vestmannaeyjum, haldinn 1. mars 1961, lýsir sig fylgjandi tillögu til þingályktunnar um lausn fiskiveiðideilunnar við Breta, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi, og skorar á þingmenn Suðurlandskjördæmis að styðja hana.

Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir breytingum grunnlínunnar kringum landið og sérstaklega þeim svæðum, sem áunnist hafa við Suðvesturland, þó að við álitum að takmarkið sé "Allt landgrunnið"."

Tillagan samþykkt 41 með, 3 móti.

4. Formaður las bréf sem borist hafði.

Var það eftirrit af bréfi frá A.S.Í. til F.F.S.Í. þar sem þess var óskað að F.F.S.Í. og félög þess beittu sér fyrir þátttöku í fjársöfnun sem hafin er til stuðning verkalýðsfélögunum í kjarabaráttu þeirri sem ýmist er þegar hafin eða er framundan eins og segir í bréfinu sem er dagsett 27/2 1961.

Sigurður Stefánsson kvað bréfið koma nokkuð seint en það menn íhuga það.

Samkvæmt reglum hefði ekki mátt úthluta meðlimum þessa félags í verkfallinu en þar sem verkfallið hefði bitnað á þeim hefði nokkurum félögum Verðandi, er þess óskuðu, verið úthlutað fé af litlum eignum.

5. Kristinn Pálsson spurði Óskar Ólafsson hvernig væri með tímamerkið eða hvort menn ættu að líta á klukkuna sjálfir.

Óskar kvað ekkert hafa verið í því gert og reiknað með að ekkert yrði farið á línu en bauðst til að hringja strax og kippa því í lag, ef hægt væri.

6. Minnst var á japanskt tæki sem virkar eins og dýptarmælir eða asdik og notað er í fylgibátum síldveiðiskipa.

7. Formaður upplýsti að verið væri að prenta samningana og kvað Guðmund Jónsson hafa lofað að senda okkur 100 stk.

Þar sem liðið var að róðratíma og allmargir fundarmenn ætluðu að róa, þakkaði formaður góða fundarsókn og sagði: "Fundir slitið."

Júlíus Sigurðsson

Gísli Eyjólfsson
Ritari

127. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
föstudaginn 30. júní 1961 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 2 eftir
hádegi.

1. Ritari var á sjó og gat því ekki mætt og annaðist því aðstoðarritari hans störf.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Var hún samþykkt einróma.
3. Formaður kvaddi sér fyrstur hljóðs og talaði um fiskimatið.
Sagðist hafa ætlað að bjóða hingað á fundinn, fiskimatsmanni er hingað væri von á í dag frá Reykjavík en var ekki kominn hingað í bæinn í fundarbyrjun.
Einar Guðmundsson og Jón Guðmundsson töldu sjálfsgagt að kosin yrði nefnd er talaði við þennan matsmann og útskýrði fyrir honum þetta mál um fiskimatið er nú ætti sér stað hér þar sem ætti að niðurraga og verðfella hrognakola ásamt fleira.
Formaður bað fundarmenn tilnefna menn í þessa nefnd.
Stungið var upp á þessum 3 mönnum:
Sigurgeir Ólafssyni, Guðjóni Ólafssyni og Júlíusi Sigurðssyni. Voru þeir samþykktir með öllum atkvæðum.
Sigurgeir Ólafsson bað um veganesti fyrir hönd nefndarinnar.
Formaður bað menn koma með helstu veilur og ábendingar er þeir vissu í þessu máli. Sagði hann því næst frá sínum viðskiptum við fiskimatið hér og taldi það í sumum atriðum ábótavant.
Nokkrir tóku til máls þar á meðal Hjálmar Jónsson, Friðþjófur Mátsson og Ragnar Eyjólfsson. Aðallega var bent á að vanmeta hrognfisk væri alveg óþolandi. Málið þar með útrætt.

4. Formaður las upp svohljóðandi bréf frá Sjúkrasamlagsstjóra, Páli Eyjólfssyni, til Verðandi.

"Okkur þykir eðlilegt að tilkynna yður að Sjúkrasamlagið mun ekki framvegis færa inn í iðgjaldabækur sjómanna nema greiðsla hafi verið innt af hendi frá útgerðarmanni eða viðkomandi sjómaður greiði sjálfur."

Um þetta bréf urðu engar umræður.

Er stjórninni falið að tala við forstjórnann.

5. Þá skýrði formaður frá að komið væri bréf í þríriti frá F.F.S.Í. og sagði frá innihaldi þess. Í því sambandi benti hann á að nú þegar á þessum fundi, yrði að kjósa nefnd, er tæki til athugunar þau mál er þar yrðu efst á dagskrá og einnig þau mál er við myndum senda frá okkar félagi. Í nefndina hlutu þessir 5 menn kosningu:

Sigurgeir Ólafsson, Páll Þorbjörnsson, Jóhann Pálsson, Júlíus Sigurðsson og Einar Guðmundsson. Til vara, Sigfús Guðmundsson og Eyjólfur Gíslason.

6. Formaður skýrði frá að hér myndi verða haldi skipstjórnarnámskeið í haust ef næg þátttaka fengist. En eftir gildandi lögum yrði það í síðasta sinn sem slíkt námskeið yrði haldið utan Reykjavíkur.

Taldi hann nauðsynlegt að sem allra flestir, er á þyrftu að halda, notfærðu sér þetta. Mætti þá vona að eitthvað grynnti á undanþágubeiðnunum næstu vertíð.

Bað formaður Friðrik Ásmundsson skipstjóra og kennara síðasta námskeiðsins hér að segja eitthvað um þetta mál.

Friðrik sagði að umsóknarfrestur væri ekki nema til síðasta júlí og því full þörf á að gera nú þegar í þessu máli.

Stjórninni var falið að auglýsa þetta sem allra best svo það færi síður fram hjá þeim sem á réttindum þurfa að halda.

7. Ragnar Eyjólfsson gerði fyrirspurn um hvort ekki myndi fást breyting á humarveiðileyfunum og fá afnumið 60 faðma dýptarákæðið. Um þetta urðu nokkrar umræður er enduðu með því að kolarögunarnefndinni, formaður Sigurgeir Ólafsson, var falið að annast framkvæmdir í málinu.

8. Arnoddur Gunnlaugsson gerði fyrirspurn um hvort ekki væri reynandi að farið yrði fram á einhverja ívilnun eða undanþágu fyrir fiskitogbátana gagnvart landheldinni.

Formaður og fleiri töldu mjög hæpið að nokkur tilslökun fengist á því og alls ekki nema hægt væri að færa gildandi rök fyrir beiðninni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:35.

Eyjólfur Gíslason (vararitari)

Júlíus Sigurðsson

Fundur var haldinn í
Stjórn og fulltrúaráði
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
mánudaginn 13. nóvember 1961 kl. 20:30 í Akóges.

Mættir voru:

Júlíus Sigurðsson	
Gísli Eyjólfsson	Eyjólfur Gíslason
Þorgeir Jóelsson	Sigurgeir Ólafsson
Jón Guðmundsson	Kristinn Sigurðsson

Fundarefni: Kosning fulltrúa á þing F.F.S.Í. og umræður um mál sem félagið óskaði að þar yrðu tekin fyrir en lögmætur fundur hafði ekki náðst saman.

- I. Ræddar voru friðunartillögur, uppkast nefndar sem kosin var á fundi 30. júní 1961. Gerðar voru breytingar þannig að við 1. og 2. lið var tekið fram að "aðeins væri átt við hraunin innan þessara ramma." (Það voru Bankahryggir, Einidrangs- og Þrídrangahraun).
- II. Rædd og samþykkt tillaga, borin upp af Júlíusi Sigurðssyni
"20. þing F.F.S.Í. skorar á Alþingi, það er nú situr, að semja lög um að sjómönnum skuli, er þeir skrá á skip, skylt að sýna vottorð um hæfni sína til notkunar gúmmíbjörgunarbáta."
Einnig skal fylgja greinargerð.
- III. Rætt var og væntanlegum fulltrúum falið að koma á framfæri á þinginu að veðrið, sem lesið er á nóttunni kl. 3:30, sé ávallt lesið og á réttum tíma en í umræðum kom fram að á því hafi verið allmikill misbrestur.

IV. Rætt var og einróma samþykkt að félagið borgaði hverjum fulltrúa kr. 2000,00 (tvö þúsund krónur) fyrir ferðina eða sama og borgað er t.d. í Jötni.

V. Stjórninni falið að útvega fulltrúa á F.F.S.Í.-þingið.

Fleira ekki fyrir tekið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Júlíus Sigurðsson

128. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 10. desember 1961 og hófst kl. 16:00 í Samkomuhúsinu.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

2. Lesin fundargerð fulltrúaráðs frá 13. nóvember.

3. Formaður, Júlíus Sigurðsson, sagði frá og ræddi mál þau sem tekin voru fyrir á F.F.S.Í.-þinginu en hann, ásamt Eyjólf Gíslasyni, mælti þar fyrir hönd félagsins.

Júlíus kom víða við í máli sínu enda mörg mál rædd á þinginu og sagði frá umræðum en drap á önnur sem okkur varða minna.

Um friðunartillögu sagði Júlíus að útsetningar hefðu ekki verið nógu góðar og þyrfti að mæla upp staðina. Þetta hefði því aðeins orðið lauslegar umræður en hann hefði áskilið okkur rétt til að vera með í ráðum.

Fræðslumálin sagði hann að væri okkar svartu og á s.l. ári mundu hafa verið veittar um 40 undanþágur.

Formaður sagði fræðslumálin víða slæm en alverst hér.

Nefndin, sem um málið fjallaði, en þar var Júlíus einn nefndarmanna, vildi fella niður 30 tonna réttindin en halda áfram kennslu fyrir 120 tonn 2 - 3 ár, en nefndarálitid snerist við í höndum fræðslumálanefndar.

Hafnarmál. Þar kvaðst Júlíus hafa látið koma fram að hann teldi aðgerðinnar á Eiðinu ekki fullnægjandi. Sagði frá ræðu sem Eyjólfur hélt en hann lagði þar út af gamalli vísu, er kveðin var, er hafnargarðarnir voru í byggingu og sýnir að Vestmannaeyjahöfn væri ekki til orðin átakalaust.

Vísan er svohljóðandi:

Jóhannes staflar steinum

með sterkum handleggsbeinum,
næsta dag spyr náunginn.
"Nilsen, hvar er garðurinn?"

Fiskimat. Með það virtust allir ánægðir, nema fulltrúar Verðandi. Lýsti Júlíus þar sinni og annarra reynslu þar sem koli væri flokkaður í 6 flokka, vigtaður og látinn í skip sem sigldi með hann á enskan markað en á sölureikningi væru aðeins 2 flokkar. Í umræður um þetta mál fór einn dagur og var Júlíus 8 sinnum á mælendaskrá.

Fiskirannsóknir: Í sambandi við niðurslitin net eða svo kölluð "drauganet" var því mjög haldið fram að þau væru alltaf að fiska en okkar fulltrúar voru þar til andsvara og töldu það aðeins ákveðinn tíma.

Þá gerðu þeir það að eindregnum tilmælum sínum að ekki væru látnir ræða þessi mál eingöngu þeir menn sem ekki stunduðu veiðarnar. Þá benti Eyjólfur þeim tilmælum til togaraskipstjóra að þeir kölluðu báta uppi ef þeir lentu í netum þeirra og gæfu þeim upp í lengd og breidd hvar þeir skyldu við þau.

Þá var rædd vigtun síldar og efnahagsmál sjávarútvegsins en um það sagði Júlíus að það mál eitt hefði verið nóg fyrir þingið, ef einhver afgreiðsla hefði átt að vera á því máli. Þá var vinnulöggjöfin einnig mikið rædd.

Vitamál. Bent var á að Geirfuglaskers- og Þrídrangaviti væru ófullnægjandi en upplýst var að ekki er hægt að auka meira ljósmagn á útskerjum þessum.

Lauk formaður þar að segja frá þingmálum en minntist á að nú væru komnar háværar raddir um að hleypa togurum inn í landhelgina en kvaðst ekki viss um að tímabært væri að mótmæla slíku eða hvort kjósa bæri nefnd í málið.

Eyjólfur Gíslason tók næstur til máls og kvaðst vilja þakka Júlíusi fyrir góða og rökfasta frammistöðu á þinginu sem sómi hefði verið af.

Hvað togarana snerti kvaðst Eyjólfur álíta það skammgóðan vermi, sem aðeins gildi 2 - 3 ár, að hleypa togurum inn í landhelgina. Þá minntist hann einnig á tillögu Einars Sigurðssonar á Alþingi um að framlengja dragnótaleyfi um 1 1/2 mán. og taldi það fráleitt, bæri frekar að færa tímamann fram.

Formaður þakkaði Eyjólfni ummælin í sinn garð og ánægjulega samfylgd og sýndi bók sem Egill Hjörvar formaður V.S.F.Í. gaf Verðandi áritaða.

Sagði um leið frá átökum þeim sem urðu á F.F.S.Í.-þinginu út af kjöri forseta en formaður V.S.F.Í. gekk af þingi og sagði af sér formennsku er veltstjórar gengu fram hjá honum við kjör en hann var varaforseti síðasta kjörtímabil.

Formaður bað menn síðan ræða togaramálið og skoraði á menn að segja álit sitt.

Jón Guðjónsson taldi að senda ætti strax mótmæli því dauðadæmt væri hér ef togarar fengju að fara t.d. inn að 4 mílum.

Kvaðst sammála Eyjólfni að ótækt væri að framlengja dragnótaleyfi, m.a. út af línuveiðunum, og bæri frekar að færa þau fram.

Óskar Ólafsson sagði frá að á L.Í.Ú. fundi hefði orðið að draga til baka tillögu um togarana. Þá mælti Óskar á móti því að humarleyfi væru veitt áður en vertíð væri lokið.

Formaður taldi rétt að kjósa nefnd sem sendi tillögu til mótmæla og betra mundi að hafa samband við félagin úti um land.

Sigurgeir Ólafsson taldi að umræður um drauganetin væru fyrsta skrefið til að pota togurum innar. Taldi bestu lausnina, eins og sakir stæðu, að senda mótmæli sem frétt í útvarpinu.

Fékk það góðar undirtektir því það hefði komið fram að tilgangslaust væri að senda mótmæli í Alþing þar sem málið væri ekki komið fram til umræðu þar og mundu því mótmæli þangað hafna í bréfaformunni sem ótímabær.

Friðrik Ásmundsson taldi varasamt að geyma að senda mótmæli heldur senda þau strax.

Vék síðan máli sínu að síldarmálum og taldi að setja ætti þeim lágmarksmöskvastærð því til skammar væri að veiða smásíldina.

Formaður svaraði og taldi að það yrði til þess að nætur töpuðust vegna ánetjunar.

Hitt væri athugun hvort banna bæri veiðar á smásíldarsvæðum. Formaður vék síðan að togaramálinu og taldi best að senda álitserð um að félagið mundi beita sér fyrir mótmælum um málið og koma því í útvarpið.

Ritara falið málið.

4. Eyjólfur Gíslason lofaði, mönnum til gamans, að heyra vísu er laumað var að honum í þinglok og er kveðja Norðlendinga.

Þorsk og lúðu úr djúpi dró

dáðum prýddur hröðum.

Aldrei hræddist úfinn sjó

Eyfi á Búastöðum.

Vísunni fylgdi teikning af Eyjólfvi.

5. Formaður minnti menn á hámarkshraðann innanhafnar og sagði að eftir upplýsingum frá hafnarverði, yrðu menn látnir sæta ábyrgð ef skaðar yrðu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18. 23 félagar mættu.

Gísli Eyjólfsson

Ritari

Júlíus Sigurðsson

129. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
föstudaginn 5. janúar 1962 í Alþýðuhúsinu.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
2. Borin upp inntökubeiðni fyrir
Ágúst Bergsson, Fífilgötu 3.
Samþykktur einróma.
3. Gísli Eyjólfsson las afrit af bréfi, sem koma átti sem frétt í útvarpinu, um mótmæli gegn því að togurunum yrði hleypt inn í landhelgina.
Afdrif bréfsins urðu þau að það fékkst ekki birt.
4. Formaður bað menn tilnefna menn í gæslunefnd. Allmikil breyting varð á nefndinni þar sem 5 menn, er þar hafa átt sæti, stunda nú síldveiðar.
Í gæslu- og ægisnefnd voru tilnefndir:
Formaður: Óskar Ólafsson
Sveinbjörn Hjartarsson Magnús Grímsson
Helgi Bergvinsson Jón Guðjónsson
Guðjón Kristinsson Þorsteinn Gíslason
Samþykktir einróma.
5. Formaður kvaddi sér hljóðs og kvað aðalefni þessa fundar að Davíð Ólafsson fiskimálastjóri hefði hringt sig upp og óskað eftir að 2 menn yrðu sendir héðan til viðræðu um skiptingu veiðisvæða. Formaður kvað þetta víðtækt orð og óttast að verið væri að pota togurunum inn í landhelgina.
Formaður kvað starfandi nefnd sem ynni að skiptingu veiðisvæða og undirbúningi fyrir Alþing. Nefndin kallaði menn úr byggðarlögnum til viðræðna og væri þegar búið að ræða við fulltrúa

nokkurra byggðarlaga. Formaður kvað aðkallandi að kjósa 2 menn til farar sem fyrst því þögn væri sama og samþykki. Það menn ræða málið og sem flesta að láta til sín heyra.

Allmiklar umræður urðu um málið.

Þessir tóku til máls, sumir 2 - 3 sinnum:

Helgi Bergvinsson, Kristinn Pálsson, Gísli Eyjólfsson, Jón Guðjónsson, Sigurgeir Ólafsson, Karl Guðmundsson, Eyjólfur Gíslason, Einar Runólfsson og Júlíus Sigurðsson.

Ræðumenn voru allir á einu máli um að félaginu bæri að mótmæla því að togarar fengju svæði innan núverandi marka og bæri að mótmæla því kröftuglega.

Það væri tómmt mál um að tala að ljá því eyra að hleypa togurunum inn þegar við værum jafnvel að taka svæði til friðunar, hitt væri nær að þeir færu aftur út að 12 mílna mörkunum og fleygurinn við Selvoginn væri tekinn af og færður út í 12 því ekki væri ósanngjarnt að við fengjum eitthvað af útfærslunni.

Einnig mætti benda á að við þyrftum eitthvað í stað svæða sem friðuð yrðu.

Þá kom einn ræðumanna að því að ef togurum yrði hleypt inn og landið lenti svo inn í Efnahagsbandalagið, myndi það jafnvel gilda líka fyrir skip þeirra þjóða sem í því væru.

Rætt var um baujuréttinn og gamla netjasvæðið sem var viðurkennt af Bretum og allir voru sammála um að láta ekki á okkur ganga en væntanlegir fulltrúar reyndu heldur að ??.

Þá kom það og fram að ræðumenn töldu það engan gróða eða hreinan óþarfa að skipta veiðisvæðum fyrir okkur. Hér væru yfirleitt mjög hrein skipti þar sem segja mætti að allir hætti við línu samdægurs og tækju net.

Allir ræðumenn, nema einn, vildu senda fulltrúa til að tala okkar máli.

Formaður bar upp hvort senda ætti tvo menn suður.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 1.

Tilnefndir til fararinnar voru:

Júlíus Sigurðsson og Karl Guðmundsson

Til vara Pálmi Sigurðsson

Samþykktir einróma.

6. Formaður las bréf frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, dagsett 2. janúar 1962, varðandi undanþágubeiðnir fyrir vélstjóra.

7. Formaður ræddi brot á samningunum sem orðið hafa út af uppsagnarfresti. Lagði til að Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja væri skrifað varðandi það mál og las uppkast að bréfi þar sem útvegsbændum er bent á uppsagnarfrest skipstjórnarmanna, samkvæmt samningi.

Nokkrar umræður urðu um orðalag.

Bréfið borið undir atkvæði óbreytt.

Samþykkt einróma.

8. Formaður sagði að á síðasta fundi hefði fallið niður að ræða mál frá F.F.S.Í.-þinginu varðandi vanefndir á tryggingu skiptjóra og stýrimanna.

Er það mál fram komið, þar eð í ljós kom að á skipi sem fórst (m/s Helgi S.F.) voru hvorki skipstjóri eða stýrimaður tryggður.

Dregið var í efa á þinginu að þó Bataábyrgðafélagið tryggði hér, að það héldi, því breyta þyrfti lögum þess, að talið var.

Formaður kvaðst hafa sagt að hann efaðist ekki um að Bataábyrgðafélagið myndi greiða bætur ef til þess kæmi en lofaði að athuga þetta hjá skráningarstjóra.

Stjórninni falið að athuga eða skrifa skráningarstjóra um málið.

9. Formaður kvað sér hafa verið bent á að er m/s Júlía brann, kom það fram að tilfinnanlega vantaði gasgrímu um borð. Það menn ræða hvort þeir teldu ekki þörf á slíku tæki um borð.

Gísli Eyjólfsson taldi þetta sjálfsagt öryggistæki og sagði frá að er m/s Björn riddari brann fyrir nokkurum árum, komust skipverjar og skipshöfn, sem kom þeim til hjálpar ekki að eldinum fyrir en þeim var lánuð rykgríma af bát sem kom þarna að.

Helgi Bergvinsson taldi að félagið ætti að beita sér fyrir því við eftirlitsmanninn að þessi tæki væru um borð í hverjum bát.

Samþykkt var að skrifa eftirlitsmanninum um málið.

10. Helgi Bergvinsson spurðist fyrir um ljósbaunjuna sem var fyrir innan Eiði. Taldi að hún ætti ekki að fara og minntist á að mikið hefði verið barist fyrir að fá hana.

Formaður upplýsti að hún hefði verið tekin í fyrravetur og notuð við Selvogsbankahraunið.

Væri hún að margra áliti ekki eins nauðsynleg nú og áður var er radarinn þekktist ekki.

Þá hefði verið togstreita um hver bera ætti kostnaðarhliðina af baujunni og taldi að Eykyndill hefði séð um hana.

Ragnar Eyjólfsson benti á að baujan væri merkt í sjókort og gæti það valdið ruglingi hjá ókunnugum að hafa hana ekki.

Samþykkt var að fela stjórninni málið og reyna að fá baujuna á sinn stað.

11. Sigurgeir Ólafsson færði kveðjur og þakklæti frá frú Önnu Eiríksdóttur, Vegamótum, fyrir tryggð félagsins við hana, ásamt bestu jóla- og nýársóskum til félagsins og meðlima þess

12. Ólafur Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og varaði þá, sem ætluðu inn í höfnina á Rifi, við því að fara í merkjum því þau leiddu beint í strand á skerinu Taska. Fara ætti innan við bauju er þar væri og beygja síðan í merki. Ólafur skýrði þetta allítarlega og gat þess að þessa óvanalega fyrirkomulags væri ekki getið í Sjómannalmanakinu, enda hefðu heimamenn sagt að allir, sem þarna kæmu ókunnugir strönduðu og þannig hefði farið fyrir sér og fleiri Vestmannaeyingum.

Óskaði eftir að félagið skrifaði Vitamálaskrifstofunni um málið.

Var það samþykkt einróma.

Formaður þakkaði Ólafi og taldi þetta einstakt að innsiglingarmerki leiddu menn í strand.

13. Ólafur Sigurðsson bað línuskipstjóra að vera síldarmönnum hjálplega og kalla þá upp ef þeir yrðu síldar varir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22:30.

Um 50 félagar mættu.

Júlíus Sigurðsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari

130. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 14. janúar 1962 og hófst kl. 16:00 í Akóges.

1. Formaður setti fundinn og gat þess að þar sem ritari hefði staðið í róðrum, hefði honum ekki gefist tími til að vinna að síðustu fundargerð.

2. Formaður, Júlíus Sigurðsson, skýrði frá för þeirra Karls Guðmundssonar til Reykjavíkur. Sátu þeir fund með Davíð Ólafssyni og fjórum öðrum mönnum.

Rætt var:

1) Takmörkun netaveiða við ákveðið dýpi. Skal fram til 10. mars ekki veiða utan 55 faðma dýpis og aldrei á meira en 100 faðma dýpi.

Tómas Árnason frá Grindavík hafði viljað hafa takmörk við 60 faðma til 10. mars en það fékk ekki hljómgrunn í nefndinni.

Þá bar Njáll fiskimatsmaður það að netafiskur hér væri mikið betri en víðast annars staðar en 100 faðma ákvæðið sagði Júlíus að væri fram komið vegna þess að fiskur, sem veiddur væri á miklu dýpi, kannski 140 - 150 föðmum, væri engin vara.

2) Rætt var um netafjölda. Júlíus skýrði þar frá tveim umræðum sem fram hafa farið í Verðandi um það mál og ástæðum fyrir að það hefur verið fellt.

3) Rædd var friðun. Jón Jónsson fiskifræðingur kallaði það hreppapólitík Vestmannaeyinga og er lítill hljómgrunnur fyrir tillögum okkar í þeim efnum og eru friðunartillögur okkar dauðar hér með sagði Júlíus og taldi að ef áhugi væri enn fyrir málinu, væri eina leiðin að kortleggja svæðin og koma því inn í Alþing.

Júlíus sagði að þessi nefnd hefði verið allt önnur en menn höfðu í huga á síðasta fundi og ekki hefði verið minnst á togara einu orði. Nefnd þessi hefði gengið frá álitinu nú í vikunni en þar sem nefndarálitnið hefði ekki borist enn, þó það hefði verið póstlagt um miðja viku, væri ekki hægt að ræða það sem hefði þó verið tilætlunin með þessum fundi.

Þá hefði Guðmundur Jónsson ætlað að mæta á fundinum en stólað á flugveður í dag og allir sæju hvernig það væri.

Júlíus sagði að lesnir hefðu verið póstar úr nefndarálitinu fyrir sig í símann og kvað dýptarlínurnar, sem okkur varðaði, dregnar úr Portlandi og Reykjanesi en kvaðst ekki þora að fara með stefnurnar.

Þá upplýsti Júlíus að nefndarálitið þyrfti ekki að fara fyrir Alþingi, ráðherra hefði vald til að lögfesta tillögurnar.

Þá skýrði Júlíus frá því að hann hefði fengið staðfestingu fyrir því að Stefán Árnason hefði sent mótmæli sem ekki fengust tekin í útvargið.

Taldi að álitinu hefði verið of sterkt til orða tekið en sagði að þeir Karl hefðu sett það í Sjómannablaðið Víking.

Júlíus Ingibergsson tók næstur til máls og taldi þetta undirbúning þess að koma togurunum innar.

Hilmar Rósmundsson var sammála Júlíusi og kvaðst hræddur við þetta og sérstaklega varasöm þætti sér 55 faðma klásúlan.

Jón Guðjónsson og Magnús Grímsson létu einnig í ljós ugg um að hér byggi annað undir en upp væri látið.

Júlíus Sigurðsson og Karl Guðmundsson töldu þetta óþarfa hræðslu, þessi nefnd hefði ekkert með málefni togaranna að gera. Töldu okkur hins vegar hag í t.d. 100 faðma ákvæðinu þar sem rógurinn um netafisk væri kominn af þeim ástæðum að hann hefði verið veiddur á of djúpu eða allt að 150 og jafnvel hefði heyrst niður á 200 faðma dýpi og væri fiskur veiddur á svo djúpu engin vara, það væri því hagur fyrir okkur að takmarka dýpið þar sem sama verð er fyrir netafisk um land allt.

Kristinn Sigurðsson taldi okkur heldur hag í þessum tillögum.

Inn í þessar umræður spunnust umræður um fiskmatið og var allmikið um það rætt.

Formaður taldi það hafa verið fyrir neðan allar hellur, sérstaklega s.l. sumar.

Júlíus Ingibergsson ræddi fiskmatið allmikið og kom fram ósk um að bókað yrði úr ræðu hans.

Júlíus sagði að hann teldi sjómenn hafa verið beitta mjög miklum rangindum í sambandi við matið og taldi það hafa farið fram allt á kostnað sjómanna.

Það hefði verið sín skoðun og hann barist fyrir því að sjómenn sorteruðu fisk í dautt og lifandi og með því talið stöðvarnar græða nóg þar sem þeim sparaðist stór fé að fá fiskinn sorteraðan og því talið að þær gætu greitt fisk sama verði, án þess að raga hann meira, miðað við 1 nátta.

Var málið síðan tekið af dagskrá þar sem nefndarálitið lá ekki fyrir, sem fyrr getur, og því ekki hægt að taka neinar ákvarðanir í málinu.

3. Formaður ræddi um hækkun árgjalds til F.F.S.Í., sem verða mundi 95,00 kr. en heimild væri fyrir stjórnina að hækka í kr. 100.

Við yrðum því að hækka árgjöldin og yrði það rætt nánar á aðalfundi en mjög hefði nú dregist að halda hann. Stjórnin á sjó, sumir langdvölum, og því lítill tími til að vinna það er þyrfti.

4. Formaður skýrði frá því að hann og Karl hefðu gefið Guðmundi Jónssyni leyfi til að hnýta tillögunni um gasgrímuna í bréf sem hann var að rita skipaskoðunarstjóra.

Í því sambandi minntist formaður á að þau bréf, sem skrifa hefði þurft, eftir síðasta fund, hefðu ekki öll verið skrifuð enn þar sem lítill tími hefði gefist til þess.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:00

23 félagar mættu.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Júlíus Sigurðsson

131. fundur.

Aðalfundur

S.s. Verðandi var haldinn 18. febrúar 1962 í Akóges.

1. Formaður, Júlíus Sigurðsson, setti fundinn og minntist tveggja látinna félaga, þeirra Inga Péturssonar og Einars Jóelssonar.

2. Lesnar fundargerðir tveggja síðustu funda.
Samþykkt einróma.

3. Formaður flutti yfirlit yfir störf félagsins á s.l. ári.

4. Ritari las reikninga félagsins, í fjarveru gjaldkera, sem var á sjó.

Niðurstöðutölur félagssjóðs eru:

Gjöld	40.030,68.
Tekjur	44.319,94
Mismunur	4.289,26

Niðurstöðutölur styrktarsjóðs:

Á efnahagsreikningum	102.424,02
Úthlutað	8.500,00

Formaður minntist á tillögu endurskoðenda frá 1961 að leggja fé styrktarsjóðs á 10 ára bækur. Var það mál nokkuð rætt en afgreiðslu frestað.

5. Þá fór fram stjórnar- og nefndakosning.

Stjórn félagsins var endurkosin í einu lagi og gefið lófaklapp.

Stjórnina skipa:

Júlíus Sigurðsson	formaður
Friðrik Ásmundsson	varaformaður
Gísli Eyjólfsson	ritari

Eyjólfur Gíslason	vararitari
Gísli Eyjólfsson	gjaldkeri
Guðmar Tómasson	varagjaldkeri

Endurskoðendur:

Endurkosnir Karl Guðmundsson Reykholti
Stefán Stefánsson

Sjómannadagsráð:

Úr því gengu Bjarnhéðinn Elíasson
Grétar Skaftason og Guðmar Tómasson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Guðmundur Ingi Guðmundsson (formaður)
Ragnar Eyjólfsson Bernharð Ingimundarson
Magnús Stefánsson Sigurður Elíasson

Til vara: Guðjón Pálsson, Ágúst Bergsson og Sævald Pálsson.

Björgunaræfinganefnd:

Endurkosin, Kristinn Sigurðsson, Einar Jóhannsson, Kristinn Pálsson.

Gæslumaður fána:

Endurkosinn Karl Guðmundsson Reykholti.

Fánaberar endurkosnir:

Arnoddur Gunnlaugsson
Daniel W. Traustason

Veiðarfæranefnd

Endurkosin: Jón Gunnlaugsson
Jóhann Pálsson, Bjarnhéðinn Elíasson

(Athugasemd ritara. Gæslunefnd var kosin á fundi 5. janúar 1962.)

Skemmtinefnd var endurkosin:

Ragnar Eyjólfsson (formaður)
Jón Valgarð Guðjónsson, Friðrik Ásmundsson
Guðmundur Í. Guðmundsson, Guðjón Pálsson

Styrkveitinganefnd:

Bjarni Jónsson, sem lengi hefur átt sæti í nefndinni, baðst undan endurkosningu.
Nefndina skipa nú:

Ólafur Sigurðsson
Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson.

Fulltrúaráð:

Á því varð allmikil breyting.

Kosnir voru: Kristinn Magnússon, Bjarnhéðinn Elíasson
Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson
Eyjólfur Gíslason, Sigurður Elíasson.

Varamenn endurkosnir:

Sighvatur Bjarnason, Guðjón Ólafsson
Elías Sveinsson, Sigfús Guðmundsson
Þorsteinn Gíslason, Sigurður Ögmundsson

Þá var kosin afmælisnefnd en afmæli féll niður þar sem að ekki náðist saman fundur til að kjósa nefnd s.l. haust.

Nefndina skipa: Helgi Bergvinsson (formaður)
Bjarnhéðinn Elíasson, Ragnar Eyjólfsson
Kristinn Pálsson, Sigþór Sigurðsson

Varamenn: Óskar Ólafsson, Guðjón Pálsson.

Þar með lauk, stjórnar- og nefndakosningu.

6. Formaður þakkaði traust það sem félagar sýndu stjórninni. Ræddi um hækkun félagsgjalda og það, sem félagið hefði lifað á s.l. ár, væru undanþágugjöldin.

Óhagræði væri mikið að skiptingu árgjalda milli skipstjóra og stýrimanna.

Samþykkt var að hafa framvegis sama gjald fyrir skipstjóra og stýrimenn kr. 500,00.

Óbreytt gjald verður á styrktarmeðlimum.

7. Formaður ræddi tillögur nefndar um skiptingu veiðasvæða og væru mótmæli gegn þeim sterkust af Suðurnesjum.

Skýrði frá bréfi til F.F.S.Í. þar sem segir að hér hafi ekki orðið árekstrar af þessu og spurst er fyrir um hvers vegna ekki sé einnig skipt fyrir Vestur- og Norðurlandi.

Þá minntist formaður á tillögu félagsins um friðun hrygningasvæða og taldi að eina leiðin væri að koma því á framfæri með vorinu.

Helgi Bergvinsson kvaðst tillögunni samþykkur eins og af stað hefði verið farið með þær.

Talið var að ýta þyrfti vel á eftir þessu máli og nauðsynlegt væri að mæla upp staðinn.

Til skýringar máli þessu var lesið bréf frá bæjarstjóra, frá 1957.

8. Rætt var um róðrasamþykktina.

Óskar Ólafsson og Helgi Bergvinsson töldu tímann að vorinu allt of fljóttan og hreina forsmán, eins og Óskar sagði.

Helga fannst tíminn að vetrinum of seint.

Kristinn Pálsson kvað Grindvíkinga hafa tvo tíma og verða að fara 16 mílur á fyrri tíma.

Taldi að gera þyrfti breytingar því ekkert vit væri í að róa hér á humarmið svo fljótt og nú væri gert.

Formaður rakti breytingar sem gerðar hefðu verið á undanförunum árum og sagði þær alltaf hafa mætt andstöðu þó enginn vildi missa þær nú. Erfitt væri að gera róðrasamþykkt, sem öllum líkaði, og hvatti menn til að halda róðrasamþykktina því engan, sem myndi þann tíma, þegar engin samþykkt var til, langaði í hann aftur. Breytingar þyrfti að gera með fyrirvara og ef óánægja væri með tímann væri hægt að kjósa nefnd til að ræða og gera breytingar.

Samþykkt var að kjósa nefnd til athugunar á breytingu róðrasamþykktarinnar.

Kosnir voru: Kristinn Pálsson
Helgi Bergvinsson, Eyjólfur Gíslason
Óskar Ólafsson, Sigurgeir Ólafsson
Einar Guðmundsson, Stefán Stefánsson.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 19:00.

20 félagar sátu fundinn.

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

Júlíus Sigurðsson

132. fundur.
Sunnudaginn 21. október 1962
hélt Skipstjóra- og stýrimannafélagið
Verðandi
fund í Akógeshúsinu.

1. Formaður félagsins, Júlíus Sigurðsson, setti fundinn kl. 14:45 og stjórnaði honum. Þar sem ritari var ekki mættur, var Steingrímur Arnar skipaður fundarritari.
Tvær inntökubeiðnir lágu fyrir fundinum frá þeim:
Sigurði Georgssyni, Bakkastíg 10
og Guðmundi Guðfinnssyni, Gvendarhúsi.
Inntökubeiðnirnar voru báðar samþykktar í einu hljóði.
2. Formaður tók til máls og skýrði frá því að L.Í.Ú. hafi nú sagt upp síldveiðiskipasamningi þeim, sem í gildi er milli þeirra samtaka og F.F.S.Í.
Síðan ræddi formaður á víð og dreif um það sem gerst hafði í síldveiðikjaramálum félagsmanna frá því að fundur var síðast haldinn í félaginu.
Loks hvatti formaður fundarmenn eindregið til að taka til máls og segja álit sitt á þessum mikilsverðu máli.
Júlíus Ingibergsson spurðist fyrir um það hvort kjör skipstjórnarmanna á öðrum veiðiskap en síldveiðum; - línu- og netaveiðum, botnvörpuveiðum o.s. frv., - væru ekki ákveðin í einum og sama samningi við L.Í.Ú. og síldveiðikjörin. Formaður upplýsti að svo væri. Þá spurðist Júlíus Ingibergsson fyrir um það hvort þeim samningi hefði verið sagt upp sem heild eða einungis síldveiðikjaraákvæðum hans. Formaður upplýsti að L.Í.Ú. hafi sagt samningunum upp í heild og sagðist hann sérstaklega vilja benda á það, mönnum til glöggurnar, að þar með í væru vertíðarkjörin. Sagði formaður jafnframt að forráðamenn L.Í.Ú. hefðu í bréfaviðskiptum við F.F.S.Í. gefið í skyn að þeir teldu nauðsynlegar ýmsar smávægilegar breytingar á vertíðarkjörunum.
3. Formaður tilkynnti að tilmæli hefðu borist frá F.F.S.Í. um að Verðandi leggi til tvo menn, annan vegna skipstjóra, hinn vegna stýrimanna, til þess að taka þátt í væntanlegri samningagerð í Reykjavík.

Gjaldkeri tók þá til máls og mæltist til þess að fundurinn léti nægja að senda einn mann til samningagerðarinnar vegna fátæktar félagssjóðs. Ekki vildu fundarmenn verða við þeim tilmælum og var samþykkt að senda tvo menn eins og F.F.S.Í. hafði lagt til.

Vegna skipstjóra var stungið upp á formanni félagsins, Júlíusi Sigurðssyni, og var hann kosinn. Vegna stýrimanna vara stungið upp á mörgum mönnum, hverjum á fætur öðrum, en allir þeir töldu sig annað tveggja, ekki geta farið eða að þeir vildu ekki fara og horfði nú til vandræða í þessu efni. Þá lagði Daníel Traustason til að Júlíusi Sigurðssyni yrði falið að taka með sér til samningagerðarinnar þann mann, sem honum sýndist og fánlegur væri úr hópi stýrimanna þegar að því kæmi að á honum þyrfti að halda og var það samþykkt í einu hljóði.

4. Þessu næst las formaður eftirfarandi bréf sem dagsett er 19. júní 1962 og stílað til S.s. Verðandi.

"Í áratugi var ég starfandi í þessu félagi, ég á margar góðar minningar um félagið og starfsemi þess.

Öll mín störf í þágu félagsins miðuðust við félagslega þróun þess í öllum málum er horfðu til hagsbóta fyrir skipstjórastéttina, þau verða ekki metin til fjár málefni, sem félagið hefur beitt sér fyrir og stuðlað að framkvæmd á frá stofnun þess. Það mætti ræða langt mál um störf félagsins en að sjálfsögðu sleppi ég því. Eina ósk vildi ég mega senda félaginu, að það standi ávallt vel á verði í því að tryggja sem best allt sem heyrir undir bættar slysavarnir og allt öryggi í starfi sjómannastéttarinnar, í þeim efnum verður seint komist á leiðarenda.

Eftir að ég gerðist útgerðarmaður sem kallað er, fannst mér að margir félagsmeðlimir litu á mig sem óæskilegan í félaginu, þess vegna dró ég mig í hlé, mér þótti þetta leitt vegna þess að þessi skoðun var alls ekki rétt, í öllum málum er snertu ágreining milli félagsins og útgerðar dró ég mig í hlé, í öðrum taldi ég mig starfa af bestu sannfæringu.

Þar sem ég býst nú við að starfi mínu á sjónum sé lokið, þá segi ég mig hér með úr Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, og óska eftir að verða strikaður út af meðlimaskrá þess.

Jafnframt því sendi ég félaginu mínar bestu árnaðaróskir í framtíðarstörfum þess, megi því ávallt auðnast að starfa og leysa á sem bestan hátt allt það sem er þessu byggðarlagi fyrir bestu í málefnum byggðarlagsins, sjávarútveginum.

Vinsamlegast

Jóhann Pálsson (sign.)

Helgafellsbraut 19."

Allmiklar umræður urðu á fundinum um bréf þetta og sýndist hverjum sitt.

Óskar Ólafsson sagði að sér hefði borist til eyrna orðrómur, sem kominn væri frá Jóhanni Pálssyni sjálfum að hann ætlaði sér eftir sem áður að stunda skipstjórn með ýmsum hætti, t.d. að sigla skipum til útlanda ef á þyrfti að halda og svo framvegis.

Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum gegn 2 að stjórn félagsins skrifaði Jóhanni Pálssyni bréf þar sem reynt yrði að fá hann til að draga úrsögn sína til baka.

Júlíus Sigurðsson vakti máls á því að öryggisráðstafanir við höfnina væru víða í hinum megnasta ólestri.

Sem dæmi um það sagði hann að stigar utan á Nausthamarsbryggju næðu það stutt niður frá bryggjukantinum að útilokað væri fyrir þá, sem falla kynnu af bryggjunni í sjóinn þegar lægst væri sjávarmál, að bjarga sér með þeim hætti að ná til þrepanna. Hann taldi því nauðsynlegt að bætt yrði við þrepum hið allra fyrsta enda mætti gera það á auðveldan og ódýran hátt ef vilji hafnaryfirvalda væri fyrir hendi. Ennfremur sagði hann að alger vöntum væri á öryggistækjum við hinn nýrri hluta Friðarhafnar. Viðhaldi þeirra björgunarhringja, sem staðsettir væri á hinni eldri Friðarhafnarbryggju, væri mjög ábótavant og hakar, sem ættu þar að vera til taks, væru sjaldan á sínum stað heldur lægju hingað og þangað í megnustu vanhirðu og jafnvel brotnir og til einskis nýtir. Kvartað hefði verið til hafnarvarðanna yfir þessu ófremdarástandi en það hefði engan árangur borið til úrbóta fram að þessu.

Hilmar Rósmundsson sagði að skýlið á Básaskersbryggju hafi nú verið lokað um alllangt skeið og taldi hann nauðsynlegt að það yrði opnað aftur hið allra fyrsta.

Fundurinn samþykkti síðan að fela stjórninni að hlutast til um að Verðandi og Slysavarnadeildin Eykyndill skrifuðu hafnarnefnd sameiginlegt bréf um ófremdarástandið í öryggis- og björgunarútbúnaði hafnarinnar þar sem krafist yrði skjótra úrbóta.

6. Í umræðum um öryggismálin kom greinilega í ljós aðdáun og þakklæti fundarmanna til Slysavarnadeildarinnar Eykyndils fyrir óeigingjörn og ómetanleg störf í þágu slysavarna hér um slóðir. Sem eitt af nýjustu dæmunum var það nefnt að þegar belgíski togarinn fórst hér við norðurgarðinn fyrir fáum árum, þá var ljóskastari Eykyndils á Skansinum nær eina lýsingin sem björgunarmenn áhafnarinnar gátu haft not af.

7. Hilmar Rósmundsson lagði til að stjórn félagsins yrði falið að gera fyrirspurn til Fiskifélags Íslands um það hvort ýsuveiðar með síldarnótum, þær, sem upp voru teknar af ýmsum hér í kring um Vestmannaeyjar á síðustu vertíð, brytu ekki í bága við alþjóðlegar samþykktir um möskvastærð veiðarfæra.

Vegna þessarar tillögu Hilmars tóku til máls Guðmundur I. Guðmundsson og Júlíus Ingibergsson og töldu þeir báðir óþarfa að félagið skipti sér af því máli.

Engin samþykkt var gerð í málinu.

8. Júlíus Sigurðsson vakti máls á því að nokkur brögð væru að því nú undanfarið að skipstjórum báta hafi verið sagt upp starfi sínu án umsamins uppsagnarfrests og án þess að umsamdar bætur í þeim tilfellum kæmu til .

Nefndi Júlíus sem dæmi um þetta að nú nýlega hefði Magnúsi Grímssyni, skipstjóra, verið sagt upp starfi sínu fyrirvaralaust og hefði Magnús nú farið þess á leit við stjórn félagsins að hún innkallaði fyrir sig hjá útgerðarmanni þriggja mánaða bótalaun svo sem samningar standa til um.

Miklar umræður urðu um málið og tóku margir til máls.

Kristinn Magnússon spurðist fyrir um það hvort Magnús Grímsson hefði kafið útgerðina um hin umsömdu bótalaun og hvort honum hefði verið neitað um greiðslu á þeim.

Formaður svaraði úr sæti sínu og sagði að Magnús hefði ekki kafið útgerðina um greiðslu og þar af leiðandi hefði honum ekki verið neitað um hana.

Kristinn Magnússon taldi þá óþarft og óviðeigandi að Verðandi færi að skipta sér af málinu fyrr en þá að greiðslukröfu frá Magnúsi sjálfum hefði verið neitað af útgerðarmanni.

Daníel Traustason tók til máls og taldi Verðandi hafa unnið slælega að því að rétta hlut meðlima sinna þegar þeir hefðu þurft á að halda.

Formaður svaraði og sagði það vera ósanngjarnt að halda því fram að félagið reyndi ekki að rétta hlut sinna manna þegar með þyrfti, hins vegar væri lélegur árangur þeirrar viðleitni oft og tíðum að kenna ósamvinnulipurð þeirra manna sjálfra, sem ætti og þyrfti að aðstoð hverju sinni og nefndi hann dæmi um það.

Engin samþykkt var gerð á fundinum vegna þessara mála.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:40.

26 félagsmenn voru mættir.

Júlíus Sigurðsson

133. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 3. febrúar 1962 í Akóges.
Fundurinn hófst kl. 2:40 eftir hádegi.

1. Ritari var á sjó og því ekki mættur á fundinum. Vararitari las upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.
2. Inntökubeiðnir bárust frá 3 mönnum, þeim
Guðjóni Péturssyni, Kirkjubæ
Hannes Haraldssyni, Fagurlyst
og Gísla Sigmarssyni, Faxastíg 47
Voru þeir samþykktir með öllum atkvæðum.
3. Formaður, Júlíus Sigurðsson, tók fyrstur til máls og sagði að þar sem ekki væri hægt að byrja þennan fund sem aðalfund, eins og auglýst hefði verið, yrði að nota tímann til að ræða þau mál er fyrir fundinum lágu meðan verið væri að ná saman nógu mörgum félagsmönnum til aðalfundarstarfa. Því næst tók hann fyrir takmörkun netafjölda í sjó af hverjum bát á komandi vertíð, eftir mannafla og bátastærð.
Bað hann sem flesta fundarmenn að láta álit sitt í ljós og ræða þetta mál.
Kristinn Pálsson sagðist vera sama sinnis og fyrr að slíkt yrði að fara eftir dugnaði hverrar skipshafnar.
Næstur tók til máls Sigurgeir Ólafsson. Sagðist hann vera því fylgjandi að hámarkstala væri 6 trossur á bát því ef við gerðum ekki okkar ákvarðanir, myndum við fá þær annars staðar frá.
Þá skýrði Júlíus Sigurðsson frá að hann hefði átt umræður við stjórnir Jötuns og Útvegsbændafélagsins um þessi mál.
Helgi Bergvinsson tók því næst til máls og sagði að á síðasta útvegsbændafundi hefði þetta mál verið til umræðu. Hefði hann lagt þar fram tillögu um að 6 netatrossur yrðu á þeim bátum sem hefðu 10 og 11 manna áhöfn og hefði sú tillaga hlotið þar samþykki fundarmanna.
Formaður bar þar næst upp svohljóðandi munnlega tillögu:

"Að 6 trossur væru hafðar í sjó á þeim bátum sem hefðu 10 og 11 manna áhöfn og væri það hámarkstala."

Tillagan var samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Helgi Bergvinsson kom með svohljóðandi munnlega tillögu:

"Að fela stjórninni að vinna með stjórnnum hinna félaganna að þessum málum."

Tillagan var samþykkt einróma.

4. Formaður sagði frá viðtali Guðmundar Jónssonar við sig um síldarsamninga milli F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

Um þetta mál var nokkuð rætt en engin ákvörðun tekin.

5. Þá var tekið til umræðu breyting á róðrasamþykktinni og hafði formaður, Júlíus Sigurðsson, framsögu.

Guðjón Pálsson gerði fyrirspurn. Hvernig væri með nefnd þá er kosin hefði verið á fyrra ári til að athuga breytingar á róðratímanum og koma fram með tillögur. Það upplýstist að sú nefnd hefði ekkert starfað að þeim málum.

Margir tóku til máls og létu álit sitt í ljós, með ábendingum og tillögum og allir sammála að breyta þyrfti róðratímanum, á vestur- og nv-slóðina.

Sigurgeir Ólafsson taldi að rétt væri, og nauðsynlegt, að hafa tvo burtfarartíma og að takmörkin yrðu á 25 sjómílnum frá Eyjum.

Óskar Ólafsson lagði til að seinni tíminn yrði færður 1 klukkutíma aftur.

Helgi Bergvinsson sagðist eindregið vera með því að tímarnir væru tveir á nv-slóðina og að vorróðrartími yrði ákveðinn kl. 12 á miðnætti en ekki kl. 7 að kveldi eins og verið hefði.

Kristinn Pálsson sagðist vera á sama máli og Helgi með róðrartímanum en nefndi til 30 sjómílna takmörk.

Guðjón Pálsson kom með þá athugasemd hvort þeir, er færu á fyrri tímanum yrðu ekki að vera búnir að leggja er þeir seinni kæmu á takmörkin?

Formaður, Júlíus Sigurðsson, svaraði að sömu reglur hlytu að gilda þar og á austurslóðinni.

Sigurgeir Ólafsson taldi að slíkt hlyti að geta orðið árekstrarlítið og taldi rétt að láta þetta koma til framkvæmda nú þegar.

Kristinn Pálsson lagði til að fá samþykktir fyrir þessum breytingum, sundurliðaðar á þessum fundi.

Formaður, Júlíus Sigurðsson, bar því næst upp þessar tillögur, sundurliðaðar, og hlutu þær allar samhljóða samþykki, mótatkvæðalaust.

Tillögurnar voru bornar upp í þessari röð:

Að breyta burtfararróðrartímanum þegar róíð er með línur á vestur- og nv-slóðina.

Að takmörkin verði 30 sjómílnur frá Faxe og þeir, sem fara yfir 30 mílurnar, mega vera komnir 20 mílur er tímamerkið er gefið.

Að breyta tímanum í sömu tímamörk og eldri fiskveiðasamþykktin segir til.

Vorróðraburtfarartími kl. 12 á miðnætti eftir 15. apríl.

6. Tilnefndir menn í gæslunefnd og hlutu þessir kosningu:

Óskar Ólafsson	Sóhlíð 5.
Magnús Grímsson	Vestmannabraut 34.
Helgi Bergvinsson	Miðstræti.
Bjarnhéðinn Elíasson	Skólavegi 7.
Sigurður Elíasson	Faxastíg 47.
Sigurður Gunnarsson	Brimhólabraut 33.
Ágúst Bergsson	Fífilgötu 3.
Guðjón Pálsson	Austurvegi 3.
Hörður Jónsson	Sóhlíð 8.

Þar er tekist hafði að ná nægilega mörgum mönnum saman til að hægt væri að hefja aðalfundarstörf og ekki lágu fleiri mál fyrir fundinum, var honum slitið kl. 16:30.
25 félagar sátu fundinn.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Friðrik Ásmundsson formaður

134. fundur.

Aðalfundur

S.s. Verðandi var haldinn 3. febrúar 1963

í Akóges og hófst hann kl. 4:40 síðdegis.

1. Formaður, Júlíus Sigurðsson, setti fundinn.
Minntist hann látins féлага, Gísla Magnússonar frá Skálholti, er lést á síðasta starfsári. Það hann félagsmenn rísa úr sætum til að heiðra minningu hans.
Eyjólfur Gíslason minntist, með nokkrum orðum, Sigurðar Ingimundsson, Skjaldbreið, er lést hér á síðasta ári. Að hann hefði verið hér, um áratugi, harðsækinn og kröftugur formaður og mikill fiskimaður.
Fundarmenn heiðruðu minningar hans með því að rísa úr sætum.
2. Varagjaldkeri félagsins, Guðmar Tómasson, las upp reikninga félagsins fyrir síðasta ár ásamt styrktarsjóðsreikningi.
Voru þeir samþykktir mótaskvæðalaust.
Gísli Jónasson, gjaldkeri félagsins, var á sjó og gat því ekki mætt á fundinum.
3. Þá fór fram stjórnar- og nefndakosning.

Formaður, Júlíus Sigurðsson, bað fundarmenn tilnefna menn í formannssætið og lýsti því jafnframt yfir að hann taki ekki við endurkosningu.
Stungið var upp á
í formannssæti, Friðrik Ásmundssyni og Daníel Traustasyni.

Kosinn var formaður, Friðrik Ásmundsson.
Fékk 20 atkvæði.

Varaformaður, Daníel Traustason með 5 atkvæði
3 seðlar voru auðir.

Ritarar voru endurkosnir (Bessastaðafeðgar)

Ritari Gísli Eyjólfsson
Vararitari Eyjólfur Gíslason

Gjaldkerar voru endurkosnir:

Gísli Jónasson gjaldkeri
Guðmar Tómasson varagjaldkeri

Endurskoðendur voru endurkosnir:

Karl Guðmundsson Reykholti
og Stefán Stefánsson Gerði.

Sjómannadagsráð:

Úr því gengu Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ragnar Eyjólfsson og Bernharð
Ingimundarson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Sigurður Elíasson (formaður), Magnús Stefánsson, Guðjón Pálsson, Ágúst Bergsson og
Gísli Sigmarsson.

Til vara: Sævaldur Pálsson, Guðjón Pétursson og Hörður Jónsson.

Björgunaræfingarnefnd endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson, Einar S. Jóhannsson og Kristinn Pálsson.

Gæslumaður fána:

Endurkosinn Karl Guðmundsson Reykholti.

Fánaberar: Ágúst Bergsson og Grétar Þorgilsson.

Afmælisnefnd:

Í hana voru þessir menn kosnir:

Guðjón Pálsson, Ásberg Lárentsússon, Hannes Haraldsson, Sigurður Elíasson og Gísli
Sigmarsson.

Til vara: Gísli Jónasson og Ágúst Bergsson.

Veiðarfæranefnd:

Jón Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson, Bjarnhéðinn Elíasson.

Styrkveitinganefnd:

Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson.

Fulltrúaráð var endurkosið.

Það skipa þessir menn:

Kristinn Magnússon, Bjarnhéðinn Elíasson,
Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson,
Eyjólfur Gíslason, Sigurður Elíasson.

Varamenn:

Sighvatur Bjarnason, Elías Sveinsson,
Þorsteinn Gíslason, Guðjón Ólafsson,
Sigfús Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson.

Þar með lauk nefnda- og stjórnarkosningum.

4. Þá minntist Júlíus Sigurðsson á að full þörf væri á að athuguð væru lög félagsins.
5. Tillaga kom fram um að stjórninni yrði falið að fá menn til að endurskoða lögin og fá þau prentuð. Tillagan var samþykkt.
6. Helgi Bergvinsson þakkaði fráfarandi formanni, Júlíusi Sigurðssyni, fyrir vel unnin störf í félaginu.
Tóku fundarmenn undir það með hressilegu lófaklappi.

Þar með var fundi slitið kl. 6:30 = 18:30
28 félagar sátu fundinn.

Eyjólfur Gíslason.
vararitari.

Friðrik Ásmundsson formaður

Mánudaginn 13. maí hafði verið boðað til fundar og ætlaði Guðmundur Jónsson skrifstofustjóri. F.F.S.Í. að mæta á fundinum.

Ekki var hægt að setja fundinn þar sem ekki var fundarfært, aðeins mættu 11 menn að stjórnarmönnum meðtöldum.

Formaður, Friðrik Ásmundsson, talaði fyrstur og þakkaði það traust sem honum hefði verið sýnt með því að kjósa hann formann og gaf því næst Guðmundi Jónssyni orðið.

Guðmundur talaði um gerðardóminn og ólöglega uppsögn útgerðarmanna á samningum og síðari uppsögn frá sömu aðilum, sem var lögleg, þar sem þeir vildu lækka kjör skipstjóra. Samningsnefnd F.F.S.Í. kvaðst ekki til viðræðu um það mál en reynt yrði að minnka aftur það bil sem gert var með gerðardóminum, með lækkun stýrimanns og vélstjóra og hífa þá upp aftur og væru Nótavélstjórafélag Íslands og Vélstjórafélag Íslands mjög ákveðin í þessu máli, samanber bréf þar að lútandi. Guðmundur sagði að lögð yrði áhersla á að hafa viðunandi tölu en ekki hlut. Taldi fullan gaum um að útgerðarmenn myndu enn reyna að lækka þó svo virtist sem þeir væru heldur að heykjast á því í bili.

Formaður þakkaði Guðmundi Jónssyni greinagóðar upplýsingar og harmaði að ekki væri fundarfært og því ekki hægt að taka neinar ákvarðanir varðandi þessi mál.

Þessu næst röbбуðu menn saman og beindu ýmsum spurningum að Guðmundi og var þar helst að verki Steingrímur Arnar og var komið víða við.

Guðmundur rakti sögu F.F.S.Í. og starfsemi þess í stórum dráttum og starfsemi og styrkleika ýmissa félaga innan þess.

Að lokum þakkaði formaður Guðmundi Jónssyni komuna og fundarmönnum sömuleiðis.

Gísli Eyjólfsson.

Sunnudaginn 19. maí 1963 var haldinn fundur í fulltrúaráði S.s. Verðandi.

Mættir voru, auk stjórnar:

Jón Guðmundsson	Eyjólfur Gíslason
Þorsteinn Gíslason	Elías Sveinsson
Guðjón Ólafsson	Bjarnhéðinn Elíasson

1. Rætt bréf frá F.F.S.Í. um uppsögn samninga.
Samþykkt var að fela ritara að skrifa stjórn F.F.S.Í. að henni sé falið að sjá um alla samningagjörð f.h. S.s. Verðandi varðandi erindi bréfs, dagsett 30. apríl 1963.
2. Formaður skýrði frá fundi, sem formenn sjómannafélaganna hér, ásamt stöðvareigendum héldu, varðandi sumarafli heimabáta og útflutning til Danmerkur þar sem Verkalýðsfélag Vestmannaeyja hefur lýst því yfir að félagar þess vinni ekki eftir hádegi á laugardögum og ekkert á sunnudögum.
Samþykkt var að fela formani að vinna að því að löndun fái á laugardaginn f.h.
Félagsmenn eru tilbúnir að byrja löndun fyrir vinnutíma á laugardag ef það þætti henta.
Á föstudögum yrði þá ekki löndun á fiski af öðrum en humarbátum.
Einnig skorar fulltrúaráð S.s. Verðandi á verkalýðsfélaga að afgreiða skip með fisk til útflutnings á laugardögum.
3. Ritari las upp fundargerðina.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Friðrik Ásmundsson
formaður

135. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 6. október 1963 og hófst í húsi Akóges kl. 16:45.

1. Formaður, Friðrik Ásmundsson, setti fundinn og ræddi nokkuð þá deyfð, sem ríkti í fundarsókn félagsmanna og þar með störfum félagsins. (En ekki var hægt að byrja fundinn kl. 16:00 eins og boðað var og fór formaður upp á íþróttavöll til smölunar svo hægt væri að ná saman löglegum fundi.)

Formaður skoraði á menn að sýna félaginu meiri áhuga og mæta vel og fjölmenna á fundi.

2. Lesin fundargerð 133. fundar, 3. febrúar.

Samþykkt einróma.

Lesin fundargerð aðalfundar, 3. febrúar.

Samþykkt einróma.

Einnig var lesin lýsing á fundi sem Guðmundur Jónsson skrifstofustjóri F.F.S.Í. sat með nokkurum félögum 13. maí s.l. en ekki var fundurinn löglegur, sökum fámennis og því ekki hægt að taka neinar ákvarðanir í málum þeim sem Guðmundur ræddi.

3. Borin var upp inntökubeiðni fyrir

Hrein Svavarsson.

Samþykktur einróma.

4. Tekið var fyrir aðaltilefni fundarins, kosning fulltrúa á F.F.S.Í.-þing og las formaður bréf þar að lútandi.

Formaður bar upp tillögu stjórnar um menn til fararinnar.

Peir eru: Júlíus Sigurðsson
 Einar Guðmundsson

Til vara: Stefán Stefánsson

Aðrar upplýsingar komu ekki. Samþykkt einróma.

Júlíus Sigurðsson ræddi um þingið og kvað mörg mál sem taka yrði afstöðu til svo sem skólamál, undanþágur o. fl.

Allmiklar umræður urðu síðan um ýmis þingmál F.F.S.Í. og var lesið úr 128. fundargerð þar sem fulltrúar síðasta þings sögðu frá gangi og afgreiðslu mála.

Ólafur Sigurðsson vék að öryggismálum og ræddi um senditæki í gúmmibáta.

Þá vék Ólafur að þorskanetaveiðum og því ófremdarástandi sem því væri samfara er "aflakarlar", eins og hann orðaði það, hefðu allt að 14 trossum í sjó.

Þá ræddi Ólafur einnig skóla- og undanþágumálin.

Formaður talaði einnig um skólamálin og kvað þörf á að því yrði hreyft á þinginu að þeir menn, sem ljúka námskeiðum úti á landi, öðlist rétt til að setjast á II. bekk Sjómannaskólans.

Þá las formaður bréf, dagsett 20. september 1963, þar sem skýrt er frá að s.l. vetur hafi stjórn F.F.S.Í. kosið nefnd til að athuga og annast undanþágubeiðnir og er því talið þarfalaust að stjórn Verðandi hafi frekari afskipti af þeim, heldur vísi beiðnum beint til skrifstofu F.F.S.Í.

Formaður kvað Runólf Jóhannsson hafa bent sér á að þörf væri umkvartana út af opnun nýrra gerða RFD gúmmibáta (sjá 8 tölul.) þar sem rekja þyrfti hina 80 feta löngu línu til þess að opna þá en þess þyrfti ekki á eldri gerðum.

Júlíus Sigurðsson ræddi björgunar- og skólamál og tók undir það að breytingar væri þörf á opnun bátanna. Nauðsynlegt væri að geta opnað án þess að rekja alla línuna.

Um skólamál sagði Júlíus að sér sýndist nauðsynlegt að fella niður siglingatíma að einhverju eða öllu leyti og rýmka mjög til um inntökuskilyrði. Júlíus taldi illt útlit með skóla hér þar sem rétt kúaðist upp í lágmarkstölu svo hægt væri að halda námskeið hér í haust en ætti "normalt" að vera minnst 20 menn.

Sigurður Stefánsson tók í sama streng og kvað þetta vandræðamál sem yrði að breyta.

Sigurður taldi að það yrði best gert með því að unglíngurinn gæti farið í sjómannaskóla jafnt og aðra skóla og mætti jafnvel þá auka menntun sjómanna. Með því að dreifa sjómannaskólum um landið og reka áróður fyrir þeim, fengjust nemendur í skóla sjómanna ekki síður en aðra skóla. Um 120 tonna réttindi væru of lág og aðeins tjaldað til einnar nætur.

Ólafur Sigurðsson kom með munnlega tillögu:

"Fundurinn felur stjórninni og fulltrúum á F.F.S.Í.-þingið að koma saman og undirbúa þessi mál o. fl. fyrir þing F.F.S.Í."

Tillagan borin upp. Samþykkt einróma.

5. Tekin var fyrir, samkvæmt fundarboði, umræða um lagabreytingu og er varðandi kosningarétt þeirra félaga, sem jafnframt eru félagar í Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.

Formaður reifaði málið og lagði til að þessir menn hefðu ekki atkvæðisrétt í kaupgjaldsmálum.

Ritari sagði að þó að þess hefði lítið gætt að menn, sem ættu í útgerð, hefðu neytt atkvæðisréttar í kaup- og kjaramálum félagsins þá yrði að teljast óeðlilegt að menn gætu greitt atkvæði í báðum félögunum og sannleikurinn væri sá að okkur væri legið þetta á hálsi af F.F.S.Í.

Júlíus Sigurðsson sagði að siðferðilega stæðist það ekki að menn gætu greitt atkvæði í báðum félögunum. Þó kvað Júlíus annað atriði í félagslögunum sem þyrfti að breyta og það væri að kalla að miða löglega fundi við höfðatölu því það væri að ríða félaginu að fullu.

Það yrði að lækka töluna eða hafa einungis að löglega boðaður fundur væri löglegur og taldi Júlíus það heppilegast. Þá taldi ræðumaður einnig að auka þyrfti völd fulltrúaráðs.

Hilmar Rósmundsson kvaðst því samþykku að útgerðarmenn hefðu ekki atkvæðisrétt í launamálum félagsins. Taldi Hilmar "rétt að (hann) (ég) og aðrir, sem fást við útgerð, hafi ekki atkvæðisrétt í þessu félagi í kjaramálum."

6. Fiskveiðisamþykktin. (Samkvæmt fundarboði)

Engar breytingartillögur komu fram en það upplýstist að ekki mundi hafa komið bréf eða auglýsing frá réttum aðilum gagnvart þeim breytingum sem gerðar voru s.l. vetur.

7. Formaður minntist á fiskasafn bæjarins og kvað það þegar orðið hið merkasta og skemmtilegasta og orðið talsvert að vöxtum. Kvaðst formaður hafa skoðað safnið nýlega sér til mikillar ánægju.

Formaður kvað stjórn félagsins hafa rætt og komið sér saman um að bera upp fyrir fundinn tillögu þess efnis að félagið gæfi safninu kr. 5000,00 í tilefni 25 ára afmælis félagsins.

Eyjólfur Gíslason tók næstur til máls og kvaðst vilja byrja á að bjóða Friðrik Ásmundsson velkominn í formannssætið og væri hann yngstur að árum þeirra manna er stýrt hefðu félaginu og óskaði honum heilla í starfi.

Eyjólfur kvað Fiskasafnið okkur Eyjabúum til sóma, það hefði notið velvilja sjómanna og því tekist vel til og væru þegar í því mjög fágætir fiskar. T.d. ætti safnið Lúsifer, sem væri 8. fiskur, sem veiðst hefði hér við land o. fl. skemmtilegt. Kvaðst Eyjólfur því þessari tillögu fylgjandi og álitum þeim peningum vel varið.

Formaður þakkaði orð Eyjólfis í sinn garð og þar sem frekari umræður urðu ekki, bar formaður upp svohljóðandi tillögu

"Fundur, haldinn í S.s. Verðandi, sunnudaginn 6. október samþykkir að gefa Fiskasafni Eyjabúa kr. 5000,00 (fimm þúsund 00/100) í tilefni 25 ára afmælis félagsins, 27. nóvember n. k."

Samþykkt einróma.

8. Eftirfarandi tillaga var borin upp.

"Fundurinn samþykkir að stjórnin skrifi skipaskoðunarstjóra varðandi R.F.D. gúmmibátana og óski eftir lagfæringu á opnun þeirra þannig að hægt sé að opna þá án þess að draga alla líflínuna út."

Samþykkt einróma.

9. Formaður skýrði frá því að stjórnin hefði hlerað að breyting mundi á næturvörslu landsímans er sjálfvirki síminn kæmi. Hefði þegar verið grennslast fyrir um þetta en stöðvarstjóri upplýst að þetta væri allt í athugun og mundi ekki koma til framkvæmda á komandi vertíð. Til athugunar mun vera að leggja niður næturvörslu á loftskæptastöðinni hér og flytja þá þjónustu í Gufunes með millisambandi tækjanna hér í Eyjum. Þetta er þó allt óráðið ennþá, en formaður kvað stjórnina reyna að fylgjast með hvað gerðist því þetta væri mikilvægt mál fyrir okkur.

Fleira ekki gert.

16 félagar mættir.

Fundi slitið kl. 18:30.

Friðrik Ásmundsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari.

136. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
þriðjudaginn 22. október 1963 og hófst kl. 20:30 í húsi Akóges.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt einróma.

2. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir

Björgvin Magnússon

Elías Björnsson

Guðjón Björnsson Vallatúni

Guðmund Vestmann Hásteinsvegi 43

Gunnar Jónsson Boðaslóð 6

Jón Berg Halldórsson

Leif Guðjónsson Reykjum

Tómas Guðmundsson Herjólfsgötu 9

Ögmund Sigurðsson

Gísla Einarsson Austurvegi 18

Voru þeir allir samþykktir einróma.

3. Formaður sagði að lítið lægi fyrir fundinum en til að örva fundarsókn hefði verið sett á fundarboð umræður um dragnótina og gætum við rætt hana eftir að Júlíus Sigurðsson hefði borið upp tillögu sem nokkrir félagar stæðu að.

Þá hvatti formaður hina nýju féлага til að starfa vel fyrir félagið um leið og hann bauð þá velkomna.

4. Júlíus Sigurðsson mælti fyrir tillögu þess efnis að Eyjólfur Gíslason verði gerður heiðursfélagi í tilefni 25 ára afmælis félagsins.

Eyjólfur væri búinn að vera í stjórn og varastjórn í 16 ár og félagi frá stofnun.

"Ég hef fylgst með störfum Eyjólf Gíslasonar í félaginu og tel þetta tímabært og verðskuldað," sagði Júlíus að lokum.

Formaður bar upp svohljóðandi tillögu:

"Undirritaðir meðlimir í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi gerum að tillögu okkar að fundurinn samþykki að gera Eyjólf Gíslason, Bessastöðum, að heiðursféлага í S.s. Verðandi í tilefni af 25 ára afmæli félagsins."

Vestmannaeyjum 22/10 1963.

Júlíus Sigurðsson (sign.)
Stefán Stefánsson (sign.)
Friðrik Ásmundsson (sign.)
Gísli Jónasson (sign.)
Einar Guðmundsson (sign.)
Ólafur Sigurðsson (sign.)

Samþykkt einróma.

5. Fiskverð og síldarhleðsla.

Formaður sagði að ekki hefði verið leitað álits félagsins um veitingu leyfa fyrir snurrvoð en sér væri tjáð að það væri skilyrði.

Þá upplýsti formaður að rætt mundi á F.F.S.Í.-þingi að banna dekkfarm síldarskipa.

Júlíus Sigurðsson sagði þetta vandamál en mikilvægt fyrir minni bátana. Þá yrði það alltaf matsatriði manna hvaða bátar þyldu dekklest og hverjir ekki. Þá kvaðst ræðumaður ekki sjá hvernig ætti að háfa fulla lest án þess að setja í bakborðssíðu til að vega á móti þyngslum nótarinnar.

Gísli Eyjólfsson kvaðst ekki sjá annað en með slíkri tillögu, ef samþykkt yrði, væri verið að dæma obbann af síldarflota landsmanna úr leik. Það væri augljóst mál að enginn færi að sækja tugi, jafnvel allt að 100 mílum, 4-600 tunnu farm. Taldi nær að reynt yrði að finna lausn á útbúnaði sem gerði kleift að opna lensiop á hvorri síðu sem væri úr brú. Kvaðst hafa rætt þetta við Vigfús Jónsson vélsmið í Magna og hefði hann talið þetta leysanlegt t.d. með vökva.

Stefán Stefánsson kvað þetta mál þegar hafa verið rætt í Reykjavík og væri svoddan upplausn og ósamkomulag um það að öll líkindi væru til að það fengist samþykkt fyrir vikið. Það mætti segja að oft væri skammarlega hlaðið, sérstaklega á vetrarsíldveiðum, er allra veðra væri von og oft fljótgert að losa sig við dekkfarminn eins og við þekktum dæmi um hér úr Eyjum.

Því bæri frekar að skammta hleðslu en ekki væri hægt að banna alveg dekkfarm og ekki hægt að háfa fulla lest nema setja eitthvað á dekk.

Fleiri ræddu ekki síldarhleðslu.

Júlíus Sigurðsson sagði að á sínum tíma hefði verið leitað álits félagsins um dragnótaleyfi og það trúlega látið nægja.

Skoraði á dragnótamenn að láta álit sitt í ljós því þetta mál yrði rætt á F.F.S.Í.-þinginu og þar myndu vera sterk öfl sem vildu banna þær veiðar alveg.

Ögmundur Sigurðsson taldi það þinglög um opnun fyrir snurrvoð og það yrði því að fara fyrir Alþing ef lengja ætti tímann.

"Allir sjá, "sagði Ögmundur,, að fyrirsjáanleg er mannekla á komandi vertíð, og því nauðsynlegt að einhverjir gætu þá farið á snurrvoð eða troll."

Ingólfur Matthíasson kvað þetta hafa verið rætt á fundi útvegsbænda og hvort ekki væri hægt að fá einhvern skika fyrir troll og snurrvoðarbáta að vera á.

Formaður taldi að ekki mundi ljéð máls á neinni tilhliðrun í landhelginni og kvaðst hafa það eftir góðum heimildum.

Guðjón Jónsson taldi að þó ekki fengist opinbert leyfi þá gæti gæslan séð í gegnum fingur sér því þess vissi hann dæmi og nefndi.

Þá væri mikilvægt að athuga hvað kostaði að fiska hvert tonn og borga þyrfti betur góða vöru, betur en nú væri gert en lækka heldur þá verri.

Júlíus Sigurðsson sagði ekkert athugasvert að hreyfa því að dragnót og troll yrðu leyfð á ákveðnum svæðum er samningurinn við Breta rennur út en fyrr en það yrði, kvaðst hann álíta að ekkert yrði leyft innan landhelgi en tímabært gæti verið að athuga hvar helst væri að beita á. Júlíus kvað dragnótina þyrni í augum Faxaflóamanna. Júlíus sagði að á síðasta þingi F.F.S.Í. hefði verið rætt um að koma togurunum inn í landhelgina og mundi það reynt aftur.

Ingólfur Matthíasson taldi að hægt væri að fá því framgengt að lokað yrði augunum fyrir troll og dragnótabátum á vissum svæðum.

Hins vegar mætti það hvergi koma fram og væri það rothögg á málið.

Framangreindir ræðumenn ræddu þetta mál allmikið og komu víða við. Guðjón Jónsson og formaður sögðust hafa fengið svokölluð drauganet en ekki séð í þeim þann feikna afla sem togaraskipstjórar þættust fá í þau heldur aðeins örfáar beinagrindur.

Fiskamerki og rannsóknir og leit gotstöðva.

Júlíus Sigurðsson upplýsti að fiskur með merki, veiddur í landhelgi, væri algjört trúnaðarmál. Áhættulaust væri því fyrir menn að skila þeim til vigtarmanna sem tækju við þeim alls staðar á landinu. Áminnti menn, að gefnu tilefni, að segja rétt til um staðinn, henda fiskinum ekki fyrir borð aftur eða láta merkin liggja á bátunum, þó fiskurinn væri veiddur í landhelgi, hann hefði það eftir fiskifræðingi, að með það væri farið sem algjört trúnaðarmál og væri viðkomandi hættulaust.

Formaður bar upp svohljóðandi tillögu frá Ingólfi Matthíassyni:

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi beinir því til stjórnarinnar að byrja nú þegar að vinna að því að troll og snurrvoðarbátum sé gert mögulegt að stunda veiðar innan landhelgi og hafa þar samráð með stjórn Útvegsbændafélagsins."

Samþykkt einróma.

6. Er umræður um dragnót og troll fóru fram, kvaddi Guðjón Pálsson sér hljóðs og áminnti menn, f. h. skemmtinefndar, að skrifa sig sem fyrst á lista á afmælið. Skráningu yrði hætt 4 dögum áður og aðeins 230 - 240 manns kæmust í húsið, þar yrðu bestu skemmtikraftar Eyjanna og Reykjavíkur og verið væri að leita hófanna á Akureyri. Fram yrði reiddur góður matur og kostur fjölbreyttra ölfanga. Þar sem Guðjón varð að yfirgefa fundinn, var hann kvaddur með lófaklappi.

7. Formaður upplýsti að Jóhann Pálsson beitti sér fyrir að sett verði upp ljósmiðunarstöð á Heimaey og hefði hann Magnús stöðvarstjóra til liðs við sig. Óskaði Jóhann eftir að heyra álit Verðandi og hvort menn væru þessu hlyntir. Tækið mun kosta 90 - 100 þúsund, fjarstýrt.

Júlíus Sigurðsson sagði þetta athyglisvert en taldi vonlítið að hafa það hér í bænum heldur fjarstýrt. Þetta væri gamalt mál þessa félags þó ekki hefði komið til framkvæmda.

Formaður bar upp:

"Fundurinn lýsir ánægju og stuðningi við þetta mál."

Samþykkt einróma.

Formaður kvað Jóhann Pálsson flytja á Fiskþingi aukið ljósmagn á Þrídröngum og Geirfuglaskeri. Nýjan vita á Elliðaey, ásamt radarmerkjum við vitana.

Júlíus Sigurðsson kvað þetta einnig gamalt frá Verðandi og þá verið álitnið mjög örðugt.

Það væru kannski breyttar aðstæður og viðhorf nú og þetta kannski eitthvað hægara.

Þá væri það nýtt með vita á Elliðaey og mundi vera til mikilla þæginda.

Minntist á innsiglingavita hér og í Reykjavík og hve sjónlengd væri orðin stutt vegna aukinnar ljósadýrðar bak við.

8. Þar sem ekkert kom frekar fram, lýsti formaður ánægju sinni yfir góðri fundarsókn og hvatti nýliðana, ásamt þeim eldri, að mæta vel og sagði fundi slitið.

35 félagar sátu fundinn.

Fundi slitið kl. 22:20.

Friðrik Ásmundsson
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

137. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
föstudaginn 20. desember 1963 og hófst kl. 21:50.

1. Formaður, Friðrik Ásmundsson, setti fundinn og lýsti ánægju yfir fundarsókn. Lýsti efni fundarins sem er uppkast F.F.S.Í. að nýjum kjarasamningum við L.Í.Ú. og fréttir af F.F.S.Í.-þinginu.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður las bréf frá Hannesi Hanssyni, fyrrverandi formanni félagsins og heiðursfélaga.

"Í tilefni af 25 ára afmælinu 27. nóvember 1963, óska ég að í gjafa- og áheitabókina verði þetta innfært.

Minningargjöf um:

Friðrik Benónýsson og Oddnýju Benediktsdóttur frá Gröf, Vestmannaeyjum.	kr. 1000,00
Gísla Magnússon skipstjóra frá Skálholti, Vestmannaeyjum.	kr. 1000,00
Friðrik Svipmundsson skipstóra frá Löndum, Vestmannaeyjum.	kr. 1000,00
Ágúst E. Hannesson frá Hvoli, Vestmannaeyjum.	<u>kr. 500,00</u>
	kr. 3.500,00

Sem hér með fylgja.

Þökk fyrir - allir margblessaðir.

Magnúsína og Hannes Hansson (sign.) frá Hvoli."

Fundarmenn þökkðu þessa höfðinglegu gjöf með lófaklappi.

4. Formaður kvaðst hafa beðið Steingrím Arnar að yfirfara og skýra samningsuppkastið á fundinum og gaf Steingrími orðið.
Steingrímur kvað samningsuppkast þetta í þrem hlutum og við lestur þeirra benti ýmislegt til þess að þau væru skrifuð í flýti. T.d. væri gengið fram hjá landslögum gagnvart uppsagnarfresti og ýmislegt fleira mætti að finna.
Steingrímur tók nú uppkastið til meðferðar.
- I. Fiskveiðar með línu, þorskanetjum, trolli o.s. frv.

Steingrímur las og skýrði samningsuppkastið lið fyrir lið. Þar sem öllum fyrri viðmiðunargrundvelli er kippt burtu, er erfiðara að átta sig á öllu því uppkastið er miðað við prósentur af afla en ekki hlut eins og ávallt áður. Uppkastið sýnist því beinlínis gert til að losa í sundur.

Flest er aðeins hærra en lækun er á útilegutrollbátum. Þá vantar að tilgreina við hve margmenna skipshöfn er miðað. Kauptrygging virðist hafa hækkað í um það bil 1 1/2 tryggingu í stað 1 1/3. Veikindadagar færðir til samræmis nýju sjómannaögunum, fá stýrimenn 60 daga í stað 30.

Slysabætur hækka í kr. 300.000 í stað 200.000 áður.

Uppsagnarfrestur er út í hött því hann er nú samkvæmt sjómannaögunum 3 mánuðir á skipstjóra og 3 mánuðir á stýrimanni en var áður mánuður.

II. Innanlandsflutningar o. s. frv.

Þetta er nýr samningur en í honum er athyglisvert aðtriði þess efnis að verði almennar kauphækkningar hjá formönnum, skulu ákvæði samningsins hækka um sömu hundraðstölu.

III. Síldarsamningar

Þar eru tilefni þess að nú er samningslaust og sagði Steingrímur að sér sýndist að í honum væri reynt að ná því sem tapaðist við gerðardóminn. Hlutur skipstjóra sýndist óbreyttur.

Hlutur stýrimanns mjög nálægt að svara til 1 1/2 hlutar. Nýtt ákvæði er um ísaða síld til sölu erlendis.

Þá kom mönnum spáskt fyrir sjónir ákvæði í síldarsamningunum, gagnvart því ef ófriður brytist út í V-Evrópu.

Að loknum lestri og skýringum samningsuppkastanna sagði Steingrímur að efnislega væru þau það sama og áður var nema flutningasamningarnir væru nýir. Kippt er í burtu að miða kjör yfirmanna við kjör undimanna sem Steingrímur kvað sér ekki finnast skipta neinu máli.

Að lokum sagði Steingrímur að ekkert nærri væri svo frá uppkastinu gengið að það sé frambærilegt fyrir útgerðarmenn.

Formaður þakkaði Steingrími Arnari fyrir góðan flutning og skýringar.

Formaður taldi síldarsamningana að mestu sniðna eftir kjörum Ísfirðinga. Tilkynt hefði verið í Reykjavík að ekki yrði skráð um áramót nema nýir samningar lægju fyrir. Formaður talaði við Guðmund Jónsson í síma og spurðist fyrir um hvort félagin í Reykjavík hefðu boðað verkfall og sagði Guðmundur það ekki mundi stætt á að neita skráningu nema verkfall kæmi til.

Sigurður Gunnarsson taldi samningsuppkastið óframbærilegt. Trollsamningarnir (uppkast) stæðust kannski við það sem væri í dag en alltaf væri slegið af í samningaviðræðum þannig að talan væri og lág.

Þá sagði Sigurður að tollur væri nú 17 % en taldi að innan tíðar myndi hann hækka í 21 %.

Júlíus Sigurðsson taldi að þetta væri ekki það uppkast sem lá fyrir F.F.S.Í.-þinginu.

Benti á að ákvæði vantaði við hve marga menn er miðað á togbátum.

Lagði til að kosnir væru 3 menn til að fara yfir samningsuppkastið og bera saman við aðra samninga.

Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Gunnarsson, Grétar Skaftason og Júlíus Sigurðsson

Varamaður: Hreinn Valdimarsson.

Steingrímur Arnar var einnig tilnefndur en baðst undan vegna anna.

5. Fréttir frá F.F.S.Í.-þinginu.

Formaður þakkaði þeim Júlíusi Sigurðssyni og Einari Guðmundssyni þingförina og kvað þá hafa fengið mikið hrós og félagið þakkir fyrir að senda svo góða fulltrúa, frá Guðmundi Jónssyni.

Formaður gaf Júlíusi orðið og bað hann segja fréttir en Júlíus hafði orð fyrir þeim félagum.

Júlíus kvað þá hafa haft nýjan hátt á, og alltaf tekið eitt afrit af öllum tillögum og hefðu því eitthvað í höndunum en þyrftu ekki að segja allt eftir minni eins og áður. Afrit lægju þó ekki á lausu því þau væru sjaldnast til fleiri en 2 - 3 af hverri tillögu.

Júlíus sagði að rætt hefði verið um að kenna í gagnfræðiskólunum fiskmeðferð o.fl. þar að lútandi.

Upplýst var að búið er að teikna fiskileitarskip og talið allt á góðri leið.

Í Öryggismálanefnd kom í hlut Júlíusar að flytja tillögu sem lögð var fyrir þingið gangvart "allt landgrunnið" o.fl. Júlíus dró úr skiptingu veiðisvæða vegna þess m. a. að ekki lægi fyrir hve víðtæk áhrif friðun gæti haft.

Friðunartillaga Verðandi lá þarna enn frammi, fyrir þingið til athugunar.

Júlíus taldi drauganetin kveðin niður og kvaðst hafa bent á lagaákvæðið um flothanka sem þingmenn virtust ekki vita um.

Júlíus lenti í nefnd sem fór á fund Vitamálastjóra til að ræða um baujur o. fl. Upplýstist að þær eru mjög dýrar í rekstri og ýmis vankvæði um viðhald þeirra og rekstur, t.d. að halda þeim.

Júlíus benti í því sambandi að hafa flot á niðurstöðum og einnig hvort ekki mundi hægt að hafa þær úr plasti sem mundi auðvelda viðhald þeirra, tækju minna í niðurstöður og væru auðveldari skipum að vitja þeirra.

Voru tillögur þessar vel þegnar og kvaðst vitamálastjóri leita sér upplýsinga um þær hið fyrsta. Það voru aðallega Suðurnesjamenn sem sóttu á að fá baujur á veiðisvæði sín.

Þá var einnig rætt um vita hér við Eyjar og hafði vitamálastjóri þegar fengið tillögu um vita á Elliðaey.

Af 4 tillögum, sem fram komu á þinginu, áttum við 3.

Á þinginu kom fram að það þótti miður að radarviti var lagður niður á Dyrhólaey.

Á þinginu voru ræddar upphæðir dánarbóta og þóttu of lágar og var lagt til að þær yrðu ekki lægri en kr. 300.000. Þetta er gamalt mál og sagði Júlíus að meirihluti mála fylgdi þinginu ár eftir ár.

Skipabyggingar voru ræddar og tæki sögð fornfáleg.

Rætt var um námstíma í smiðju, undir vélgæslu, styttri tíma og menn byrji yngri.

Efnahagsmál sjávarútvegsins voru lítið rædd á þinginu.

Vinnulöggjöf og starfsmat voru hins vegar mikið rædd og vísaði ræðumaður til nóvemberblaðs Sjómannablaðsins Víkings um það mál.

Grænlandsmálið var rætt en ekki tóku okkar fulltrúar þátt í þeim.

Í fræðslumálum var meirihluti þings með því að afnema 120 tonna réttindin en Júlíus var þar á öndverðum meiði, vildi fella niður 30 tonninn en halda 120 tonnunum.

Skiptar skoðanir voru um þetta mál, námskeiðum verður haldið áfram 1 ár enn.

Júlíus benti á að námskeiðin væru slæga auglýst og er útlit fyrir að námskeiðið mundi falla niður hér, gengust formenn Verðandi og Útvegsbændafélagsins fyrir auglýsingum þó það væri þeim að sumu leyti óviðkomandi en árangur varð sá að námskeiðið er haldið.

Rætt var um lóð Sjómannaskólans og kom fram að búið er að byggja 1/3 af upphaflega hugsaðri lóð.

Rætt var um veðurstofuna og upplýst að hún ætti að geta batnað þar sem upplýsingar berast nú víðar að.

Vigtun síldar var rædd og sagt auðvelt að setja upp vigtir við löndunarkranana. Þetta hefði verið reynt með góðum árangri í Noregi.

Ánægja kom fram með beitusíld. Upplýst var að lög frá 1945 um beitusíld kveða svo á að fógeti eða hreppstjóri skipi beitungsmann ef krafist er.

Í Öryggismálum kom fram tillaga um stöðugleikaprófanir, neyðarstöð í gúmmíbáta, allir smábátar verði skrásettir og skoðaðir, sett verði auka taug, með öryggisteygjuútbúnaði í gúmmíbáta.

Að lokum upplýsti Júlíus að ákveðið hefði verið að árgjald til F.F.S.Í. hækkaði í kr. 125.

Formaður þakkaði Júlíusi ítarlega og greinagóða frásögn.

6. Formaður bað menn stinga upp á mönnum í gæslunefnd. Nefndin var endurkosin, að 3 mönnum undanskildum, Sigurði Elíassyni sem ekki mun stunda sjó í vetur, Sigurði Gunnarssyni sem ekki mun verða á línu og Herði Jónssyni sem mun ekki verða á vetrarsíld.

Í nefndina voru tilnefndir:

Óskar Ólafsson (formaður)

Magnús Grímsson, Helgi Bergvinsson

Bjarnhéðinn Elíasson, Ágúst Bergsson

Guðjón Pálsson, Bogi Finnbogason

Friðrik Ásmundsson, Sveinn Valdimarsson

Nefndinni var gefið lófaklapp.

7. Formaður færði þakkar þorsteins Þ. Víglundssonar f.h. fiskasafns bæjarins, fyrir kr. 5000,00, sem Verðandi gaf safninu í tilefni 25 ára afmælisins.

Þá bar formaður upp svohljóðandi tillögu:

"Fundur í S.s. Verðandi, haldinn föstudaginn 20. desember 1963, skorar hér með á bæjarstjórn Vestmannaeyja að samþykkja tillögu þorsteins Þ. Víglundssonar, sem birt er í Framsóknarblaðinu 23. október s.l. "varðandi framtíðarhúsrými Byggðasafnsins hér.""

Samþykkt einróma.

8. Sigurgeir Ólafsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Júlíusi Sigurðssyni fyrir góða frásögn og frammistöðu á F.F.S.Í.-þinginu.

Þá ræddi Sigurgeir um baujur og sagði að þó þær væru dýrar í rekstri þá væru þær nauðsynlegar og mælti með því að bauja væri höfð austan við hraunið og fannst sjálfsagt að við styddum þá Suðurnesjamenn um leið.

Þá talaði Sigurgeir um talstöðvar og kóta.

Varaði við næturrabbi í stöðina um fiskirí báta daginn áður. Mikil brögð hefðu verið að þessu í fyrra og við fengið 2 verstöðvar á okkur fyrir vikið. Hvatti Sigurgeir til að Eyjaflotinn tæki upp notkun kóta.

Þá minntist ræðumaður á bryggjustiga sem áður hefður verið minnst á í félaginu og hafnarnefnd skrifað á sínum tíma um málið.

Sigurgeir sagði stigana ekki komna enn og ætti þetta eftir að valda slysi ef ekki yrði að gert.

Skoraði á stjórnina að ýta betur á þetta mál.

Júlíus Sigurðsson benti á að þeir stigar sem eru í bryggjunum, nái ekki allir niður í sjó um fjöru þannig að maður, sem dettur í sjóinn, nær ekki í neðstu rimina.

Þá benti Júlíus á að ekkert ljós er í hinum nýja hluta Friðarhafnar en umferð þegar orðin allmikil.

Í kótamálið var kosin nefnd.

Hana skipa: Sigurgeir Ólafsson

Sveinn Valdimarsson

Elías Sveinsson

9. Formaður upplýsti að viðbótin við fiskveiðisamþykktina frá s.l. vetri væri í prentun.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 0:10

23 félagsmenn sátu fundinn.

Friðrik Ásmundsson
formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

138. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
föstudaginn 3. janúar 1964 og hófst kl. 20:30 í Akóges.

1. Formaður, Friðrik Ásmundsson, setti fundinn, óskaði félagsmönnum gleðilegs árs og þakkaði samstarf á liðnu ári.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Þá voru teknir fyrir samningar þeir sem F.F.S.Í. og L.Í.Ú. komu sér saman um fyrir áramótin. Formaður bað Steingrím Arnar að skýra samningana. Steingrímur las fyrst kafla úr bréfi, sem fylgdi samningunum frá Guðmundi Jónssyni en tók síðan til við samningana og bað menn athuga vel að þetta væru þrír algjörlega sjálfstæðir samningar. Fyrst var tekinn fyrir samningur um kaup og kjör á fiskveiðum með línu, netum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu.
Kjörin miðast við % úr afla en bætt við, aldrei lægri en 1 1/2 hlutur til stýrimanns og 2 hlutar til skipstjóra.
Steingrímur taldi % miðast nákvæmlega við það sem væri í dag, þ.e.a.s. 1 1/2 og 2 hlutir. Prósentan er lágmarksprósenta en ekki hámarksprósenta og kæmi því út sem plús. Fastakaup verður kr. 600,00 var áður 250,00.
Trygging lætur nærri að vera 1 1/3 hásetatrygging.
Í 12. gr. hækkar trygging gegn slysum, úr kr. 200.000 í kr. 300.000,00 og ábyrgðartrygging 13. gr. hækkar úr 250.000,00 í 1.250.000,00.
Uppsagnarfrestur færður til samræmis nýjum lögum og er 3 mánuðir fyrir skipstjóra og stýrimenn.
Um 22. gr. kvaðst Steingrímur hafa orðið var misskilnings. Menn eiga að fá reikningsuppgjör að 14 dögum liðnum en það þýðir ekki að fullnaðargreiðsla komi til.
Að lokum sagði Steingrímur að þetta væri hvorki betra né verra en áður var, nema prósentan, og sér fyndist alltaf að fiskverðið skipti mestu máli.
Ólafur Sigurðsson sagði að sér fyndist uppsagnarfrestur stýrimanna of langur og væri hann ópraktískur en þar sem þetta eru sjómannaög er ekkert við því að gera.

Stefán Stefánsson spurði hvort greiðsla sú, sem ákveðin er í 21. gr. í styrktar- og sjúkrasjóði og er 0,7 % af kauptryggingu samningsaðila, rynni til félaga á staðnum eða til sambandsins sem honum fyndist óeðlilegt.

Var álitð að það rynni til félaga á staðnum þar eð í samningunum stendur:

"Útgerðarmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi félaga F.F.S.Í. o.s. frv."

Formaður leitaði álits fundarmanna hvort þeir vildu hafa leynilega atkvæðagreiðslu um samningana en því var einróma hafnað.

Formaður bar þá samning þennan undir atkvæði þar sem frekari umræður urðu ekki.

Samþykkt einróma.

Áður en þessi atkvæðagreiðsla fór fram, bar formaður upp inntökubeiðni fyrir þrjá nýja félaga. Þeir eru:

Trausti Sigurðsson, Brimhólabraut 5
Jónatan Aðalsteinsson, Brimhólabraut 37
og Hallgrímur Garðarsson, Heiðavegi 25
Samþykktir einróma.

Þá voru teknir fyrir síldarsamningar.

Steingrímur skýrði þá en þeir eru í aðalatriðum eins og var. Kaupliðir eins og voru en tryggingarliðir hækkaðir og ákvæði um tímavinnu fyllri.

Umræður voru ekki um samninginn.

Formaður bar hann undir atkvæði.

Samþykktur einróma.

Flutningasamningarnir.

Steingrímur Arnar las þá og skýrði.

Umræður urðu ekki. Bornir undir atkvæði.

Samþykktir einróma.

Formaður þakkaði Steingrími greinargóðar skýringar samningana.

4. Formaður las bréf, sem stjórninni hafði borist.

"Stjórn S.s. Verðandi Vestmannaeyjum.

Góðir félagar. Þar sem ég á fyrir höndum að lögsækja útgerð m/s Farsæls VE, vegna brots á 10. gr. og 20. gr. samnings okkar, leyfi ég mér að fara fram á að félagið sjái sér fært að veita mér lán úr sjóði félagsins að upphæð kr 10.000,00, gegn víxli sem tryggingu, með öruggum ábyrgðarmanni, plús bankavöxtum í 6 mánuði.

Ábyrgðarmaður: Sigurður Karlsson, Fagurhól.

Vestmannaeyjum 30/12 1963.

Virðingarfyllst,

Bernharð Ingimundarson (sign.)

Urðavegi 52"

Formaður skýrði frá viðbrögðum stjórnarinnar í málinu sem voru þau að formaður fór á fund útgerðarmanns og leitaði hófanna um uppgjör án málareksturs. Hafði útgerðarmaður góð orð um en þar sem þetta skeði í dag, er þetta allt á byrjunarstigi og ekki frá gengið. Spurði formaður hvort fundarmenn væru samþykki þessari lánaveitingu, ef samkomulag næðist ekki og málaferli yrðu.

Formaður kvað stjórnina því samþykka fyrir sitt leyti og óskaði samþykkis fundarins.

Samþykkt einróma.

5. Formaður sagði frá bréfaskriftum félagsins út af opnun R.F.D. gúmmíbátanna og las bréf sem félaginu barst frá verksmiðjunum.

Stjórninni falið að leysa málið.

6. Formaður las bréf frá Karli Sigurbergssyni, þingfulltrúa og formanni Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis í Keflavík.

Bréfið er út af stjórnarkjöri F.F.S.Í., á síðasta þingi. Segir Karl stjórnarkjórið ólöglegt og byggir það á því að ekki hafi verið farið að lögum við kosningu kjörnefndar. Karl, sem var einn kjörnefndarmanna kennir um ókunnugleik sínum á lögum sambandsins.

Formaður bað Júlíus Sigurðsson skýra þetta mál fyrir fundarmönnum.

Júlíus sagði ósamkomulagi skipstjórnarmanna um að kenna en algjör samstaða hefði verið hjá hinum um fulltrúa.

Samþykkt hefði verið í Öldunni að standa með Kristjáni Aðalsteinssyni en Guðmundur H. Oddsson hefði þó farið beint í okkar fulltrúa og mælt með Erni Steinssyni. Júlíus kvaðst hafa svarað því til að hann tæki ekki þátt í neinu baktjaldamakki og sögðust okkar fulltrúar skila auðu ef ekki væri samstaða meðal skipstjórnarmanna um fulltrúa. Júlíus sagðist hafa gengið hreint til verks og sagt Kristjáni hvað væri á döfinni og dró hann sig þá í hlé. Þar af leiðandi var ekki nema einn í kjöri og því rökrétt hjá Þorsteini Árnasyni þingforseta að úrskurða þenna eina sjálfkjörinn.

Júlíus sagði sundrung þessa komna frá Öldunni þar sem þeirra fulltrúi og formaður félagsins skarst úr leik. Taldi Júlíus að Kristján Aðalsteinsson hefði verið of harður við þá Guðmundana og hafði eftir Kristjáni að hann kallaði Guðmund Jónsson niður í skip til sín og sagði honum "að annað hvort yrði að víkja, hann eða flaskan." Júlíus kvað það sitt verk að Kristján dró sig í hlé með því að segja honum hvernig allt var í pottinn búið.

Júlíus sagði Karl Sigurbergsson hafa hlaupið á sig. Þó það væri ekki eftir lögunum, hefði aldrei verið kosið á annan máta frá 1951, utan einu sinni, því væri eðlilegra að breyta lögunum.

Júlíus taldi vafasamt að hægt væri að ómerkja þingið, þar sem þessi háttur hefur verið á hafður.

Formaður las bréf frá Félagi íslenskra loftskeytamanna og bréf frá Guðmundi Jónssyni varðandi þetta mál.

Formaður kvað sig á móti efni bréfs F.Í.L..

Formaður taldi Guðmund H. Oddsson hafa skorist úr leik til að tryggja aðstöðu þeirra nafnanna.

Steingrímur Arnar tók næstur til máls.

Kvaðst allkunnugur þessu máli eftir símtal sem hann átti við Ingólf Þórðarsson, varaformann Öldunnar, þar sem þetta barst í tal. Ingólfur skýrði þetta og bað Steingrím tala þessu máli á fundinum.

Steingrímur sagði að skapast hefði venja vegna eindreginnar samstöðu á undanförunum þingum en nú hefði samstaða ekki verið fyrir hendi. Það væri matsatriði félaga hvort halda skyldi lög sambandsins en taldi það eitthvað gruggugt ef ekki mætti framfylgja lögunum.

Steingrímur sagði að á bak við Karl stæðu Sigurjón Einarsson, Einar Toroddsen, Halldór Sigurþórsson, Ingólfur Þórðarson og Kristján Aðalsteinsson og hefðu þessir menn tilkynnt stjórn F.F.S.Í. og látið bóka að þeir vinni engin störf fyrir sambandið fyrr en þessu er kippt í lag.

Steingrímur bað menn gá vel að hvort ekki væri hægt að finna þess merki í störfum sambandsins að þar væri ekki allt með eðlilegheitum.

"Ástæða tilsnúnings Guðmundar H. Oddssonar er sú", sagði ræðumaður, "að Guðmundi H. Oddsyni var lofað að ef þeirra mál næðu fram að ganga, yrði Guðmundur H. Oddson varaforseti sambandsins sem síðar var svikið á klíkufundi."

Ræðumaður kvaðst því fylgjandi að Verðandi vitti að sambandið treystist ekki til að framfylgja lögum og að þing verði kallað saman að nýju og bætt fyrir afbrotin.

"Ég þekkti eitt sinn til í sambandi þar sem framin voru lögbrot og þaðan af verra og er nú misséð vegna úlfúðar og valdatogstreitu," sagði Steingrímur að lokum.

Júlíus Sigurðsson talaði næstur og kvað sér ekki koma þetta á óvart er hann heyrði hverjir stæðu að baki Karli. Sigurjón Einarsson væri óánægður vegna sparks úr stjórninni og Ingólfur Þórðarson talaði ekki við Guðmund H. Oddsson.

Júlíus sagði að lagabreytingar hefðu legið fyrir en er lögin komu, voru þau að mestu óbreytt.

Júlíus sagði Þorstein Árnason þingforseta hafa spurt um uppástungur en þær komu ekki og úrskurðaði þingforsetinn því sjálfkjör.

Það væri rangt að Karli hafi ekki gefist kostur á að stinga upp á manni.

Júlíus taldi engu breyta að kalla saman aukabíng. Eingöngu væri um að kenna ósamstöðu skipstjórnarmanna hvernig fór.

Formaður bar upp svohljóðandi tillögu S.s. Vísis og gerði að okkar:

"Með því að fullvíst þykir að stjórn F.F.S.Í. hafi ekki verið kosin samkvæmt lögum sambandsins þá samþykkir fundurinn að skora á þingforseta 21. þings F.F.S.Í. að hlutast til um að kallað verði saman aukabíng hið allra fyrsta svo hægt sé að endurtaka stjórnarkosningu samkvæmt sambandslögum."

Samþykkt með öllum greiddum atkvæði gegn einu.

7. Formaður skilaði kveðju Sigurgeirs Ólafssonar formanns kótanefndar, en hann gat ekki mætt á fundinn. Formaður hafði þær upplýsingar frá Sigurgeiri að kótanefnd væri búin að koma saman og hefði fengið Kjartan símrítara Bergsteinsson til liðs við sig. Hefði hann lofað að vera nefndinni innan handar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Formaður þakkaði félagsmönnum góða fundarsókn og sleit fundi kl. 23:35.

41 félagi mætti.

Friðrik Ásmundsson
Formaður

Gísli Eyjólfsson
Ritari

139. fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 26. janúar 1964 og hófst hann kl. 16:30 í Akóges.

Boðað hafði verið til aðalfundar en vegna mannfæðar var ekki hægt að halda hann því lög félagsins mæla svo fyrir að viss félagsmannahlutfallstala þurfi að mæta svo að aðalfundur sé löglegur.

Formaður, Friðrik Ásmundsson, setti fundinn og taldi rétt að nota þessa stund til þarfa með þeim félögum er mættir voru.

Því næst bar formaður upp inntökubeiðni fyrir þrjá menn er óskuðu eftir að gerast félagar. Þeir eru:

Gísli Leifur Skúlason, Brekastíg 31.

Ragnar Runólfsson, Sóhlíð 4.

Stefán Jón Friðriksson, Vatnsdal.

Voru þeir samþykktir einróma.

Formaður bað vararitari að les upp síðustu fundargerð. Var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

Ritari var við síldarlöndun og gat því ekki mætt á fundinum.

Formaður tók þar næst til máls og sagði að nú væru komnar fullar sættir, hjá Bernharð Ingimundarsyni og hans útgerðarmanni um kaupgreiðslu svo þar með væri félagið laust við þann bagga.

Einnig sagði hann að stjórnin væri búin að svara þeim bréfum er henni hefðu borist og skrifa þau og senda er henni hefðu verið falið að koma á framfæri.

Hann sagðist hafa vonast eftir fjölmönnum fundi svo hægt hefði verið að mótmæla kröftuglega fiskverðinu.

Bað hann Hilmar Rósmundsson að lesa upp þá tillögu er hann hefði útbúið.

Hilmar talaði nokkuð fyrir tillögunni og las hana síðan upp.

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi Vestmannaeyjum, sunnudaginn 26. janúar 1964 mótmælir harðlega þeirri árás og freklegu móðgun við fiskimannastéttina sem verðlagsdómur gerði með ákvörðun á ferskfiskverði 20. janúar 1964. Á sama tíma sem allar aðrar launastéttir fá kauphækkun, sem nemur frá 30-100 % og allur framfærslukostnaður hefur stórhækkað, er fiskimannastéttinni gert að búa við sömu laun og í árslok 1962.

Einnig bendir fundurinn á að þessi freklegu vinnubrögð hljóta að leiða til þess að enn þá erfiðara verði að manna bátafлотann en nú er en þar með er íslenskum þjóðarbúskap stefnt í voða, því að hætt er við að útflutningverðmætið muni minnka ef útgerð dregst saman."

Að enduðum lestrinum, bar formaður tillöguna upp og var hún samþykkt einróma.

(Í fréttum Ríkisútvarpsins (26/1) voru svo lesin mótmæli Verðandi á fiskverðinu.)

Formaður skilaði kveðju til fundarmanna frá Sigurgeir Ólafssyni og þar með að starfað væri í kótanefndinni af fullum krafti og vonandi fyndist lykillinn bráðlega. En ef um kostnað yrði að ræða myndu fiskvinnslustöðvarnar sennilega borga brúsann.

Óskar Ólafsson tók næstur til máls.

Sagðist álíta að rétt væri að fá varðskipin til að hafa góða gát á sjó og botnlagi í nánd við gosstöðvarnar og fylgjast vel með ef þar mynduðust grynningar.

Fundarmenn gerðu góðan róm að máli Óskars og kom fram svohljóðandi tillaga:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, Vestmannaeyjum 26/1 1964, beinir þeim tilmælum til Landhelgisgæslunnar að hún láti nú þegar fara fram rannsókn á því hvort nokkrar verulegar breytingar hafi átt sér stað á botnlagi í nágrenni Surtseyjar til þess að ganga úr skugga um hvort sigling um þetta svæði sé hættulaus.

Ennfremur að fylgjast verði með ef breytingar kynnu að verða meðan á gosinu stendur."

Tillagan var samþykkt einróma og stjórninni falið að koma henni til Landhelgisgæslunnar.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 17:50.

16 félagar sátu fundinn.

Friðrik Ásmundsson
formaður

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi
var haldinn fimmtudaginn 13. febrúar 1964 og hófst kl. 17:20 í
Samkomuhúsinu.

1. Formaður, Friðrik Ásmundsson, setti fundinn og sagði að þar sem svo fámennt væri að áhöld væru um að fundurinn væri löglegur mundu lagabreytingar þær, sem til stóðu, ekki verða ræddar.
Formaður talaði um hinn litla tíma sem gæfist orðið til félagsstarfa og fundarhalda. Boðað var til aðalfundar 26. janúar en þá var ekki fundarfært. Þetta væru allra síðustu forvöð að halda aðalfundinn þó æskilegt hefði verið að hafa hann fjölmennan og reynt hefði verið að sæta lagi til að svo yrði.
2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.
3. Formaður las upp inntökubeiðni fyrir
Guðjón Emil Aanes, Kirkjuveg 66.
Samþykktur einróma.
4. Formaður minntist Guðjóns Jónssonar frá Heiði sem lést á s.l. ári. Hann var heiðursfélagi. S.s. Verðandi.
Fundarmenn vottuðu hinum látna virðingu með því að rísa úr sætum.
(Formaður flutti stutt æviágrip Guðjóns Jónssonar sem Haraldur Guðnason, bókavörður, tók saman.)
5. Formaður flutti allítarlegt yfirlit um starf félagsins s.l. ár.
6. Formaður bað gjaldkera, Gísla Jónasson, lesa reikninga félagsins fyrir síðasta starfsár.
Niðurstöðutölur eru:

Gjöld	kr. 60.797,60
Tekjur	kr. 76.009,11
Mismunur	kr. 15.211,51
Skuldlaus eign	kr. 74.952,03

Hilmar Rósmundsson ræddi hvort ekki væri hægt að losna við innheimtulaun t.d. ef stöðvarnar fengjust til að greiða þetta fyrir útgerðinar.

Fleiri tóku ekki til máls en menn röbбуðu um það í sætum sínum og fannst lítil von til að stöðvarnar tækju slíkt að sér.

Þar sem aðrar umræður urðu ekki, bar formaður reikningana undir atkvæði.

Samþykktir einróma.

Þá las gjaldkeri reikninga styrktarsjóðs.

Niðurstöðutölur eru:

Gjöld	kr. 10.520,00
Tekjur	kr. 54.091,18
Áheit	kr. 3.800,00
Eign	kr. 156.056,03

Þar sem engar umræður urðu, bar formaður reikninga undir atkvæði.

Samþykktir einróma.

7. Formaður bað menn tilnefna menn í formannasæti.

Tilnefndir voru:

Friðrik Ásmundsson og Sigurður Gunnarsson

Friðrik Ásmundsson fékk 19 atkvæði, formaður.

Sigurður Gunnarsson fékk 0, varaformaður.

1 seðill auður.

Ritarar voru endurkosnir:

Gísli Eyjólfsson, ritari

Eyjólfur Gíslason, vararitari

Gjaldkerar voru tilnefndir þeir sömu en Gísli Jónasson baðst eindregið undan.

Þá voru tilnefndir:

Guðmar Tómasson, gjaldkeri

Sveinn Valdimarsson, varagjaldkeri

og voru kosnir með lófaklappi.

Enduskoðendur voru kosnir:

Stefán Stefánsson

Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara: Hilmar Rósmundsson

Karl Guðmundsson, Reykholti, sem verið hefur endurskoðandi í 19 ár, hafði látið í ljós ósk um að losna og var því ekki í kjöri.

Sjómannadagsráð.

Úr því gengu tveir menn þeir:

Sigurður Elíasson og Magnús Stefánsson

Sjómannadagsráð skipa nú:

Guðjón Pálsson

Ágúst Bergsson Gísli Sigmarsson

Sævald Pálsson Guðjón Pétursson

Til vara: Hörður Jónsson, Jónatan Aðalsteinsson og Guðmundur Guðlaugsson.

Björgunaræfinganevnd var endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson
Einar Sveinn Jóhannesson Kristinn Pálsson.

Gæslumaður fána:

Óskar Ólafsson.

Fánaberar: Endurkosnir

Ágúst Bergsson og Grétar Þorgilsson.

Afmælisnefnd:

Guðjón Pálsson (formaður) endurkjörinn
Magnús Stefánsson, Hannes Haraldsson (endurkjörinn)
Gísli Sigmarsson (endurkjörinn), Bjarnhéðinn Elíasson
Varamenn, endurkosnir:
Gísli Jónasson og Ágúst Bergsson.

Í sambandi við kosningu nefndarinnar upplýsti Gísli Jónasson gjaldkeri að fráfaramandi nefnd hefði samþykkt að endurgreiða félaginu kr. 900,00 skuld, sem félagið varð að greiða vegna halla á afmæli s.l. árs (þ.e. afmælið 1962)

Veiðarfæranefnd:

Elías Sveinsson
Ingólfur Matthíasson Bjarnhéðinn Elíasson
(báðir endurkosnir).

Styrkveitinganevnd endurkosin.

Hana skipa: Sigfús Guðmundsson
Kristinn Pálsson Ólafur Sigurðsson

Fulltrúaráð:

Á því voru þær breytingar að í stað Kristins Magnússonar og Sigurðar Elíassonar koma Grétar Þorgilsson og Magnús Grímsson og í vararáð, Bjarni Sighvatsson í stað Sighvatar Bjarnasonar.

Fulltrúaráð skipa nú:

Bjarnhéðinn Elíasson Jón Guðmundsson
Sigurgeir Ólafsson Eyjólfur Gíslason
Grétar Þorgilsson Magnús Grímsson

Varamenn:

Guðjón Ólafsson Elías Sveinsson
Sigfús Guðmundsson Þorsteinn Gíslason
Sigurður Guðmundsson Bjarni Sighvatsson

Þar með lauk stjórnar- og nefndakosningum.

Formaður þakkaði það traust er honum væri sýnt með endurkosningu.

8. Formaður sagði frá spjalli, sem hann átti við Óskar Ólafsson, um að kalla "Surtsey" heldur "Vesturey" í talstöðina.

9. Fráfaramandi gjaldkeri, Gísli Jónasson, þakkaði meðstjórnarmönnum samstarfið og óskaði félaginu og nýju stjórninni velfarnaðar um leið og hann vék úr sæti fyrir Guðmar Tómassyni sem tekur við.

10. Það upplýstist á fundinum að gæslunefndarmenn hafa enn ekki fengið tilnefningarbréf. Ritari sagði að hann hefði skrifað bæjarstjórn tillögu félagsins 21. desember, eða strax daginn eftir fundinn sem þær voru gerðar á, samkvæmt afriti.
11. Spjallað var um Sjómannaalmanakið og hve bagalegt það væri að þar eru engar upplýsingar um vita eða annað sem menn þurfa á að halda ef "skroppið er yfir pollinn".
12. Hilmar Rósmundsson minntist á bréf sem mönnum hafa borist frá Sjávarútvegsmálaráðuneytinu um að gefa skýrslu um humarveiði s.l. sumar, að öðrum kosti fáiist ekki leyfi næsta sumar. Það var upplýst á fundinum að fjöldi manna hefur þegar skilað skýrslunum, gerðu það strax og reglulega eins og tilskilið var.
Fannst þeim er hlut eiga að máli þetta ómaklegar hótarnir.
13. Magnús Stefánsson ræddi um að nauðsynlegt væri að hafa ópíum í meðalakössum skipa þar sem langsótt væri orðið og slæmt að horfa á slasaða menn þjáast en hafa ekkert kvalastillandi til að gefa þeim.
Óskar Ólafsson kvað mega gefa magadropa, samkvæmt upplýsingum apótekarafjárinnar.

Fleira kom ekki fram.

Formaður þakkaði mönnum komuna og sagði fundi slitið kl. 18:40.

Gísli Eyjólfsson
Ritari

Friðrik Ásmundsson
Formaður

